


INGÓLFUR GUÐLAUGSSON

*Fór í rómantíska ferð á Esjuna á gamlárskvöld*

• ferðir • áramót

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS

GUNNAR ÞÓRÐARSON

*Genginn til liðs við Pops*

Óttar Felix fékk Magga Kjartans í kaupbæti

FÓLK 40



FRIÐRIK WEISSHAPPEL

*Slær í gegn í danska ríkisútvarpinu*

Efstur í netkosningu um besta áramótaávarpið

FÓLK 50




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

31. desember 2008 — 357. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Alltaf jafn gaman

Jón Bergvinsson kveikir í brennu í fimmtánda sinn í kvöld.

TÍMAMÓT 32





### Gaz! Gaz!

Fréttablaðið rifjar upp 15 mínútna frægð Íslendinga á árinu.

FÓLK 38

### Vinningurinn

„Frjálshyggjan reyndist engu betri en upplognar tilkynningar um vinninga," skrifar Einar Már Jónsson.

Í DAG 8

### Márquez mikilvægastur

Eiður Smári Guðjohnsen í viðtali um lífið í Barcelona.

ÍÞRÓTTIR 42



## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT Í KVÖLD** Í dag verður austanstrekkingur allra syðst annars hægviðri. Skúrir eða él suðvestan og vestan til í fyrstu en styttir smám saman upp í dag. Þurrt og víða nokkuð bjart í kvöld.

VEÐUR 4




Maður ársins í viðskiptalífinu:

## Forstjóri Össurar maður ársins

**VIÐSKIPTI** Hlutskarpastur í kjöri um mann ársins í viðskiptalífinu 2008 er Jón Sigurðsson, forstjóri Össurar. Viðskipti ársins eru kaup Marel Food Systems á Stork Food Systems í Hollandi.



JÓN SIGURÐSSON

Tilnefningar í kjörinu komu frá völdum hópi sem í voru fulltrúar greiningardeilda banka, háskólafólk, sjálfstæðir sérfræðingar og fjölmiðlafólk.

Þá voru einnig tilnefnd verstu viðskipti ársins og er jafnframt fjallað um þau í Markaðnum sem fylgir Fréttablaðinu í dag.

Áramótablað Markaðarins er í stærra broti en venjan er, enda af nógu að taka í yfirliti um hræringar í viðskiptalífinu á árinu.

Markaðurinn átti upphaflega að koma út í gær en vegna tæknilegra örðugleika var útgáfunni frestað um einn dag.

- óká / Sjá Markaðinn

Veðrið á gamlárskvöld:

## Versta veðrið verður í Eyjum

**VEÐUR „Áramótaveðrið verður mjög gott um nánast allt land, ef undanskilið er Suðurland og eitthvað inn á Faxaflóasvæðið, norður undir Hvalfjörð. Þar verður aðeins meiri vindur, líklega alveg skýjað og nánast þurrt," segir Óli Þór Árnason, veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands.**

**Að sögn Ólafs gæti vindurinn á höfuðborgarsvæðinu orðið allt að átta til tíu metrar á sekúndu og að mestu skýjað.**

**„Veðrið verður einna leiðinlegast alveg við suðurströndina og vindurinn gæti teygt sig í fimmtán til átján metra í Vestmannaeyjum. Flugeldana getur borið af leið í vindinum og því þarf kannski að setja þá aðeins upp í vindinn," segir Óli.**

- kg

Hörð viðbrögð þingmanna við áliti umboðsmanns um skipan héraðsdómara:

# Vilja að ráðherrann segi af sér

**STJÓRNMÁL** Tveir löglærðir þingmenn stjórnarandstöðu telja að Árni Mathiesen ætti að segja af sér, í ljósi nýs álits umboðsmanns Alþingis. Þar kemur fram að margt sé ámælisvert við skipun Árna í embætti héraðsdómara í fyrra.

„Ég hvet hann til þess hiklaust. Þetta er afdrifaríkt brot á öllum meginhugmyndum stjórnsýslunnar, og gjörsamlega óþolandi," segir Atli Gíslason, þingmaður VG. Hann harmar að á Íslandi sjái menn ekki sóma sinn í að bera ábyrgð á gjörðum sínum.

„Þetta var fyrirséð pólitísk skipun og gat aldrei hlotið annað en ámæli. En þeir læra seint sjálfstæðismenn."

Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknar, segir að Árni ætti að íhuga alvarlega að segja af sér: „Þetta á ekki að viðgangast á Íslandi. Það þarf að fara eftir lögum og reglum. Ráðherrar og fleiri eiga að taka pólitíska ábyrgð, við þurfum að innleiða það í stjórnmálin," segir hann. Árni sjálfur sér ekki ástæðu til afsagnar.

- kóþ / sjá síðu 4










**SPURNING DAGSINS**



*Andrés, voru þeir alveg snælduvitlausir þarna uppi í sjónvarpi?*

„Já, alveg spól.“

Í árdaga Ríkissjónvarpsins voru myndbandsspólur gjarnan notaðar aftur og aftur og því glataðist töluvert af efni, meðal annars upptaka af fyrsta áramótaskaupinu frá 1966. Andrés Indriðason var umsjónarmaður skaupsins það ár.

Enginn sótti um starf sérstaks saksóknara og umsóknarfrestur því framlengdur:

# Frestur líklega of skammur

**DÓMSMÁL** Enginn sótti um embætti sérstaks saksóknara sem rannsaka á aðdraganda bankahrunsins áður en umsóknarfrestur rann út. Hann rann út á þriðjudag en starfið var auglýst 12. desember.

Í tilkynningu frá dómsmálaráðuneytinu kemur fram að umsóknarfrestur verði framlengdur til 12. janúar. Björn Bjarnason dómsmálaráðherra mun skipa í embættið frá og með 1. febrúar.

Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri Lögmannafélags Íslands, segir erfitt að átta sig á því hvers vegna enginn hafi sótt um. Mögulega sé þetta kaleikur sem fáir vilji kneyfa af.



**EMBÆTTI** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefur framlengt frest til að sækja um starf sérstaks saksóknara til 12. janúar og mun skipa í embættið frá og með 1. febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ingimar telur þá skýringu þó líklegasta að of skammur frestur hafi verið til að sækja um. Ekki síst í ljósi þess að jólin komu inn í, enda líklegt að þeir sem hyggist sækja um tímabundið embætti vilji gera ráðstafanir hjá sínum vinnuveitanda um frí frá störfum.

Sérstakur saksóknari þarf að opinbera tengsl sín og sinna nánustu við þær fjármálastofnanir sem rannsókn hans nær til.

Ólíklegt er að þessi krafa spili inn í það að enginn hafi sótt um, segir Ingimar. Þetta geti þó haft áhrif, þar sem það geti tekið tíma að átta sig á tengslum ættingja og annarra sem hafa þurfi á hreinu vegna starfsins. - bj

Sjósund á nýársdag:

## Búist við metaðsókn í sjóinn

**NAUTHÓLSVÍK, „Ég á von á 60 til 80 manns í sjóinn á morgun en sá hópur sem hefur verið að stunda sjósund hefur stækkað mikið á undanförnum mánuðum,“ segir Árni Jónsson, deildarstjóri í útivistarmiðstöð Nauthólsvíkur. Þar verður opið milli klukkan 11 og 13 á morgun en sjósund í Nauthólsvík á nýársdag á sér áralanga sögu.**

**Um 30 manns hafa synt að staðaldri á viku í sjónum þangað til í haust þegar fjöldinn margfaldaðist. „Nú koma að lágmarki 50 manns á mánudögum og 130 manns á miðvikudögum.“** - rat/sjá Allt

Fleiri hætta hjá Kaupþingi:

## Lausar stöður verða auglýstar

**VIÐSKIPTI** Tveir starfsmenn Kaupþings, sem séð hafa um innri og ytri upplýsingagjöf bankans, hafa látið af störfum. Þetta eru þeir Jónas Sigurgeirsson forstöðumaður og Benedikt Sigurðsson upplýsingafulltrúi.

Þeir bætast í hóp þriggja framkvæmdastjóra bankans sem létu af störfum á þriðjudag. Finnur Sveinbjörnsson, bankastjóri Kaupþings, segir það stefnu stjórnar bankans að auglýsa stjórnunarstörf sem losni og störfin verði auglýst fljótlega.

Spurður um ástæður uppsagnanna segir Finnur að stjórnendur vilji gjarnan sjálfir velja það fólk sem sjái um samskiptamál. - bj

Skipun dómsmálaráðherra:

## Viðar Már í Hæstarétt

**DÓMSMÁL Björn Bjarnason dómsmálaráðherra skipaði í gær Viðar Má Matthíasson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, í embætti varadómara við Hæstarétt Íslands frá 1. janúar næstkomandi.**



VIÐAR MÁR MATTHÍASSON

**Viðar Már mun gegna embætti hæstaréttardómara í fjarveru Páls Hreinssonar hæstaréttardómara. Páll er í tímabundnu leyfi frá réttinum, en hann hefur verið skipaður formaður nefndar sem rannsaka á aðdraganda og orsök falls íslensku bankanna og tengda atburði.** - bj

Formannskjör Framsóknar:

## Sigmundur gefur kost á sér

**STJÓRNMÁL** „Ég hef verið lengi að hugsa mig um og talað við fleira fólk en ég hef tölu á. Niðurstaðan er sú að ég geri ráð fyrir að slá til,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson skipulagshagfræðingur, sem hefur ákveðið að gefa kost á sér í formannskjör Framsóknarflokksins á flokksþinginu um miðjan janúar.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

Að sögn Sigmundar hefur stór hluti grasrótar flokksins og almennings sama skilning og hann á því að byrja þurfi frá grunni og gera sér grein fyrir að traustið á núverandi stjórnmálaflokkum sé að miklu leyti horfið.

Einnig hafi honum borist fjölmörg skilaboð frá fólki sem er tilbúið til að ganga í flokkinn ef hann verður kosinn formaður. - kg

# Aukaskattur lagður á Bolvíkinga á nýju ári

**Vegna bágrar stöðu bæjarsjóðs Bolungarvíkur verður, að tillögu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, bætt við tíu prósenta aukaálagi á útsvar íbúanna. Útsvarið verður 14,61 prósent á árinu 2009 og þar með það langhæsta á landinu.**

**SVEITARSTJÓRNIR** Útsvarsprósentan í Bolungarvík á næsta ári verður 14,61 prósent samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar á mánudag.

Þótt hámarksútsvar sveitarfélaga sé nú 13,28 prósent í stað 13,03 prósent samkvæmt nýju lögunum frá Alþingi geta Bolvíkingar enn hækkað hlutfallið með því að leggja á sérstakt 10 prósenta aukaálag í samræmi við tillögu eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Að því er segir í greinargerð meirihluta bæjarstjórnar miðar tillagan að því að „stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til framtíðar“.

Elías Jónatansson bæjarstjóri segir vandann að mestu eiga rætur að rekja til þriggja þátta; slæms reksturs á árinu 2007, skuldabagga vegna innlausnarskyldu sveitarfélagsins á íbúðum úr félagslega íbúðarkerfinu og vegna byggingar á félagsheimili sem því miður hafi ekki hafi verið fjármagnað fyrirfram. „Árið 2009 verður erfitt en áætlanir okkar gera ráð fyrir að við náum jafnvægi á árinu 2010,“ segir Elías.

Aukaútsvarið á að skila um 25 milljónum króna í bæjarsjóð. Óljóst er hvort halda verður hinni háu útsvarsprósentu fyrir árið 2010 einnig. „Við vonumst til að þess þurfi ekki,“ segir bæjarstjórinn.

Fulltrúar minnihlutans í bæjarstjórn Bolungarvíkur kváðust ekki geta samþykkt tillöguna nema hún væri ígrunduð frekar. „Nær væri að halda sig við 5 prósenta aukaálag fyrir árið 2009 og síðan mögulega endurskoða fyrir árið 2010, ef tekjur sveitarfélagsins hafa ekki aukist með öðrum hætti eða skuldastaða lagast til dæmis með sterkri aðkomu ríkisvaldsins,“ segir í bókun minnihlutans.



**Í BOLUNGARVÍK** Lagfæra á erfiða fjárhagstöðu hjá bæjarsjóði Bolungarvíkur með því að leggja aukaálögur á íbúa bæjarins. MYND/BALDUR SMÁRI

> Árið 2009 verður erfitt en áætlanir okkar gera ráð fyrir að við náum jafnvægi á árinu 2010.
>
> ELÍAS JÓNATANSSON BÆJARSTJÓRI BOLUNGARVÍKUR



Jóhannes Finnur Halldórsson, starfsmaður eftirlitsnefndar um fjármál sveitarfélaga, segir nefndina hafa unnið að lausn mála í samvinnu við bæjarstjórnina. „Það fyrir vestan hafa staðið sig eins og hetjur í vondri stöðu,“ segir Jóhannes um samstarfið við Bolvíkinga.

Frestur til að fá heimild fyrir sérstakri hækkun á útsvari næsta árs rann út í gær án þess að önnur sveitarfélög en Bolungarvík hefðu óskað eftir slíku leyfi.

Lægsta útsvarsprósenta á landinu á næsta ári verður áfram á Seltjarnarnesi. Þar verður hlutfallið óbreytt, eða 12,10 prósent sem er 2,51 prósentustigi lægra en í Bolungarvík. - gar



**VERÐLAUNAHAFAR** Edda Ólafsdóttir, Halldór Ho og María Shukurova.

Alþjóðahús veitir verðlaun:

## Vel unnin innflytjendastörf

**INNFLYTJENDAMÁL** Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, veitti í gær viðurkenningu Alþjóðahúss, „Vel að verki staðið.“ Verðlaunaafhendingin er þríþætt en fyrst er verðlaunaður einstaklingur af erlendum uppruna sem þykir hafa lagt mikið til íslensks samfélags. Halldór Ho, sem unnið hefur Tölvuorðabók Mímis, fékk þau verðlaun. Svo eru þau veitt Íslendingi sem þykir hafa unnið vel í málefnum innflytjenda á Íslandi en þau komu í hlut Eddu Ólafsdóttur, félagsráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða. Að lokum fékk Móðurmál, sem er félag um móðurmálskennslu tvítyngdra barna, verðlaun fyrir sitt framlag og veitti María Shukurova, formaður félagsins, þeim viðtöku. - jse

Fara ekki í kjölfar Kaupþings:

## Breytingar þegar átt sér stað

**VIÐSKIPTI Glitnir og Landsbankinn hafa þegar gengið í gegnum sambærilegar breytingar og Kaupþing fer nú í gegnum, en bankinn hefur sagt upp þremur framkvæmdastjórum.**

**Þetta kemur fram í svörum Glitnis og Landsbankans við fyrirspurn Fréttablaðsins.**

**Í báðum bönkunum starfa sex framkvæmdastjórar. Í báðum bönkunum eru þrír af sex framkvæmdastjórum sem ekki gegndu stöðu framkvæmdastjóra fyrir stofnun nýju bankanna í október.** - bj

Þakkir færðar forsetafrú sem markaði djúp spor í sögu hins unga lýðveldis:

# Halldóra Eldjárn jarðsungin

Fjölmenni var við útför Halldóru Kristínar Ingólfsdóttur Eldjárn forsetafrúar sem jarðsungin var frá Dómkirkjunni í Reykjavík í gær.

Frú Halldóra var fædd á Ísafirði 24. nóvember 1923. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 21. desember síðastliðinn.

Hinn 6. febrúar 1947 giftist Halldóra Kristjáni Eldjárn, þjóðminjaverði og síðar þriðja forseta Íslands. Kristján gegndi forsetaembætti á árunum 1968 til 1980. Kristján lést tveimur árum eftir að hann lét af embætti.

Í minningarorðum sínum um frú Halldóru segir Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, hana hafa verið hina hlýju og vitru móður, vin og ráðgjafa barna sinna, virðulega og alþýðlega í senn við hlið manns síns. Ólafur Ragnar segir hana hafa verið húsfreyja á Bessastöðum í anda þess höfðingsskapar og látleysis sem Íslendingar hafa jafnan metið mikils. Hún og Kristján hafi verið virtir fulltrúar þjóðarinnar, heimsótt byggðir landsins og verið góðir gestgjafar heim að sækja.



**ÚTFÖR FORSETAFRÚAR** Kristján Andri Stefánsson, Stefán Hallur Stefánsson, Úlfur Eldjárn, Ari Eldjárn, Eyrún Hjörleifsdóttir, Grímur Hjörleifsson, Árni Eldjárn og Halldóra Eldjárn bera kistu frú Halldóru Eldjárn, forsetafrúar frá Dómkirkjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Forsætisráðuneytið:

## Ólögleg ráðning

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis kemst að þeirri niðurstöðu að forsætisráðuneytinu hafi ekki verið heimilt að setja Björn Rúnar Guðmundsson í embætti skrifstofustjóra á efnahags- og alþjóðafjármálaskrifstofu ráðuneytisins án þess að auglýsa stöðuna fyrst. Björn var settur sem skrifstofustjóri á skrifstofu ráðuneytisins þann 1. nóvember síðastliðinn og á að sinna því til 31. ágúst. Ráðuneytið svaraði aðfinnslu umboðsmanns meðal annars á þann veg að túlka yrði heimildir stjórnvalda í ljósi þess alvarlega ástands sem uppi var í þjóðfélaginu og að þær aðstæður hafi kallað á skjót viðbrögð svo mæta mætti auknum verkefnum í hagstjórninni. Umboðsmaður féllst ekki á þau rök. - jse



MasterCard Maestro VISA JCB Diners Club International American Express

BORGUN
– auðveldar viðskipti

Afgreiðsla okkar að Ármúla 30, 108 Reykjavík, verður opin föstudaginn 2. janúar milli kl. 13 og 16. Símavakt allan sólarhringinn.

## GENGIÐ 30.12.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 120,46 | 121,04 |
| Sterlingspund | 174,88 | 175,74 |
| Evra | 171,01 | 171,97 |
| Dönsk króna | 22,949 | 23,083 |
| Norsk króna | 17,29 | 17,392 |
| Sænsk króna | 15,643 | 15,735 |
| Japanskt jen | 1,3373 | 1,3451 |
| SDR | 186,57 | 187,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,2919

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjöldi fólks mótmælti verkum Ísraelsstjórnar, þar á meðal flóttafólkið á Akranesi:

# Sambandi við Ísrael verði slitið

**MÓTMÆLI** Fleiri en þrjú hundruð mótmælendur mættu á Lækjartorg í gær og mótmæltu ódæðisverkum Ísraelsmanna á Gazasvæðinu. Þeirra á meðal var palestínska flóttafólkið sem kom til landsins í september og settist að á Akranesi.

Segja má að flóttakona ein hafi stolið senunni þegar hún skaust óvænt í ræðustól og hvatti gesti til vopna gegn innrásarher Ísraels. Vel var tekið undir ræðu hennar.

„Við krefjumst þess að ofbeldið verði stöðvað og umsvifalaust ... og við krefjumst þess að samskiptum við Ísraelsstjórn verði slitið þar til hún lætur af stefnu sinni! Heyrist þetta ekki örugglega inn í Stjórnar-




**FRÁ MÓTMÆLUNUM** Góð stemning myndaðist á Lækjartorgi í gær, sem var þétt skipað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ráðið?“ spurði Ögmundur Jónasson þingmaður. Málið þyldi enga bið, enda væri bið í þessu máli banvæn.

Þá mælti séra Örn Bárður Jónsson og sagðist boða gleðileg jól með hryggð í huga. Hann velti því upp hvort herfileg mistök hefðu verið gerð þegar stuðlað var að stofnun Ísraelsríkis. Séra Örn krefst þess að „stjórnvöld geri eitthvað afgerandi, sem ísraelsk stjórnvöld skilja“.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, var fundarstjóri og tók undir með fyrrnefndum ræðumönnum: „Við krefjumst þess að íslensk stjórnvöld beiti sér af meiri hörku í málinu og slíti samskiptum við Ísraelsmenn.“ - kóþ

Ný ríkisstjórn í Belgíu:

## Ráðherraskipan að mestu eins

**BELGÍA, AP Herman van Rompuy, forseti neðri deildar Belgíuþings, hefur tekið við af Yves Leterme sem forsætisráðherra landsins.**

**Ráðherraskipan nýju ríkisstjórnarinnar er að mestu eins og í ríkisstjórn Letermes, en þó hverfur Joe Vanderheusen dómsmálaráðherra einnig úr stjórninni ásamt Leterme.**

**Leterme og Vanderheusen sögðu af sér skömmu fyrir jól vegna ásakana um að þeir hefðu reynt að hafa áhrif á málaferli sem risu út af aðgerðum stjórnarinnar til björgunar Fortis-banka.** - gb

Jón Baldvin Hannibalsson:

## Viðraði endurkomu í pólitík

**STJÓRNMÁL** Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra, viðraði endurkomu í stjórnmál og mögulega stofnun nýrrar stjórnmálahreyfingar í viðtali á Útvarpi Sögu í gærmorgun.



**JÓN BALDVIN HANNIBALSSON**

Jón Baldvin ræddi meðal annars um efnahagshrunið og sagði að nú þyrfti að byggja nýtt þjóðfélag upp úr rústunum. Spurður hvort það þýddi endurkomu hans í stjórnmál svaraði Jón Baldvin að öllum rynni blóðið til skyldunnar. „Hver einasti einstaklingur sem blóðdropi er í af réttlætiskennd á að vera til þjónustu reiðubúinn. Ég er bara einn af þeim.“ Spyrillinn sló því föstu að þetta merkti að nýr flokkur væri í burðarliðnum.

Þegar Fréttablaðið spurði Jón Baldvin í gær hvort hann hygðist stofna nýja stjórnmálahreyfingu svaraði hann. „Það er ekkert tilefni til þess enn.“ - bs

# Miklir annmarkar á skipan héraðsdómara

**Árni M. Mathiesen segist ekki sjá ástæðu til að segja af sér vegna álits umboðsmanns Alþingis. En álitið kunni að skapa fordæmi fyrir framtíðarskipanir. Björn Bjarnason var einnig gagnrýndur, hann segir leiðbeiningarnar gagnlegar.**

**STJÓRNMÁL** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra segist ekki sjá að álit umboðsmanns Alþingis gefi sér ástæðu til að segja af sér embætti.

Umboðsmaður sagði í áliti sínu í gær að annmarkar hefðu verið á undirbúningi, ákvörðun og málsmeðferð Árna, þegar hann, sem settur dómsmálaráðherra, skipaði Þorstein Davíðsson í embætti héraðsdómara. Björn Bjarnason hafði vikið sæti fyrir Árna vegna þess að Þorsteinn var fyrrverandi aðstoðarmaður hans.

Þorsteinn hafði verið metinn hæfur af dómnefnd, en þrír aðrir mjög hæfir. Árni sagðist ósammála nefndinni. Umsögn hennar væri á ýmsan hátt ófullkomin, til dæmis hefði ekki verið tekið fullt tillit til reynslu Þorsteins, svo sem úr starfi hans sem aðstoðarmaður Björns.

Umboðsmaður telur að fyrst svo hafi verið hefði Árni átt að fara eftir rannsóknarreglu stjórnsýslulaga og óska eftir nýrri, betri umsögn.

Árni ætlar að fara yfir álitið betur með lögfræðingum sínum en sagðist í fljótu bragði sjá ákveðin nýmæli í því um samskipti skipanda við umsagnaraðila.

„Að skipunaraðilinn geti sent umsagnir til baka, ef hann er ósáttur við þær, það gæti vel verið að það yrði eitthvað sem stjórnsýslan þyrfti að taka til skoðunar,“ segir hann. Spurður hvort hann hafi legið fyrir að hann gæti fengið nýja umsögn á sínum tíma, segir Árni: „Nei, það eru engin ákvæði um að ráðherra beri að gera það.“

Hins vegar sé ávallt álitamál



**UMDEILD RÁÐNING** Ráðning Þorsteins Davíðssonar í embætti héraðsdómara hefur verið umdeild. Þrír voru taldir hæfari af dómnefnd. Einnig hefur verið litið til þess að hann er sonur Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra.

„hvenær sá sem skipar telur sig hafa nægar upplýsingar til að geta myndað sér skoðun,“ segir Árni.

Um samanburð Árna milli umsækjenda segir í álitinu að ekkert liggi fyrir um slíkan samanburð; hvorki hver hann hafi verið né um niðurstöðu hans.

Einnig gerði umboðsmaður athugasemdir við að Björn Bjarnason dómsmálaráðherra hefði ekki vikið sæti fyrr í ferlinu, í samræmi við reglur stjórnsýslulaga.

Björn segir það vera álitaefni, hvenær beri að víkja: „Ég gerði það, þegar málið kom á mitt borð eftir að umsagnarferli lauk. Ég taldi það rétta tímann, umboðsmaður hefur aðra skoðun og er gagnlegt að fá leiðbeiningu hans í því efni.“

Spurður hvort þetta þýði að Björn telji sig á einhvern hátt hafa átt að fara öðruvísi að, segir hann: „Nei. Leiðbeiningar eru ekki afturvirkar.“ klemens@frettabladid.is



**MÓTMÆLENDUR** Gerðu hlé á aðgerðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hlé á mótmælum í Taílandi:

## Abhasit hyggst lægja öldurnar

**TAÍLAND, AP** Mótmælendur í Taílandi létu af umsátri sínu um utanríkisráðuneyti landsins í gær eftir að Abhasit Vejjajiva forsætisráðherra hafði flutt stefnuræðu sína.

Hann sagðist ætla að endurreisa efnahagslíf landsins, lægja öldur pólitískra deilna og bæta ímynd landsins út á við.

Abhasit tók við völdum skömmu fyrir jól, eftir að tveir forverar hans höfðu hrakist úr embætti í haust vegna fjöldamótmæla. Mótmælendurnir nú segja langvinn mótmæli óþörf, svo fremi sem þeir geti komið skoðunum sínum á framfæri. - gb

Seðlabanki Íslands :

## Laun bankastjóra lækkuð

**KJARAMÁL Bankaráð Seðlabankans hefur samþykkt að lækka laun bankastjóra um 15 prósent frá og með 1. janúar næstkomandi. Er þetta gert með vísan til breytingar á lögum um kjararáð sem gerðar voru á dögunum.**

**Ákvörðunin gildir til loka árs 2009. Eftir breytinguna verður Davíð Oddson, formaður bankastjórnar með 1.293.953 krónur á mánuði og þeir Ingimundur Friðriksson og Eiríkur Guðnason með 1.198.1005 krónur.**

## BANDARÍKIN

**Palin orðin amma**

Bristol Palin, átján ára gömul dóttir Söruh Palin, fyrrverandi varaforsetaefnis Repúblikanaflokksins í Bandaríkjunum, hefur eignast son.

## STJÓRNMÁL

**Ríkisráðsfundur í dag**

Ríkisráð Íslands fundar á Bessastöðum klukkan 10.30 í dag en slíkur fundur er hefðbundinn á gamlársdag. Ríkisráð skipa allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar auk forseta Íslands sem jafnframt er forseti ríkisráðsins. Á fundinum eru meðal annars staðfest frumvörp sem samþykkt hafa verið á Alþingi.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**GLEÐILEGT ÁR**

Nú þegar fyrir liggur að áramótaveðrið verði almennt gott, eins og kortið sýnir er tilvalið að rýna í veðurlagsspár og sjá hvað bíður okkar á nýju ári. Helst er að sjá að hitastigið verði í meðallagi sem er út af fyrir sig tíðindi. Á hinn bóginn má sjá að líkur á úrkomu á sunnan og vestanverðu landinu eru meiri en í meðalári. Að lokum óska ég lesendum árs og friðar á nýju ári.




NÝÁRSDAGUR
5-13 m/s stífastur syðst.

FÖSTUDAGUR
8-13 m/s suðvestan til annars mun hægari

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Amsterdam | 2° |
| Basel | 3° |
| Berlín | 0° |
| Billund | 0° |
| Eindhoven | 1° |
| Frankfurt | 1° |
| Friedrichshafen | 5° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 5° |
| New York | 7° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -5° |
| París | 2° |
| Róm | 10° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-2527



## KJÖRKASSINN



*Ætlar þú að sækja áramótabrennu á gamlársdag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 34% |
| NEI | 66% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*finnst þér 2008 hafa verið gott ár?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

**Neytendur:** Enn um Skjábíó

# *Sleppa má við útskriftargjaldið*



**DR. GUNNI**

neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Vegna greinar í blaðinu í gær um útskriftargjald Skjásbíós, sem hækkar leigða mynd um 250 krónur, vill Friðrik Friðriksson, rekstrarstjóri Stafræns sjónvarps, koma eftirfarandi á framfæri:

*„Öllum viðskiptavinum Skjásbíós stendur til boða að fá reikninga fyrir þjónustunni með rafrænum hætti og sleppa þar með við útskriftargjaldið. Skjárbíó hvetur fólk til þess að nýta sér þann möguleika, það eina sem þarf er að hringja í 800 7000 og láta breyta reikningum yfir í netreikninga. Okkar mat til þessa hefur verið að óhöndug-legt sé að setja upplýsingar um seðilgjöld og aðra greiðslukosti við valmöguleikann þegar pantað er. En við munum þó skoða það betur.“*

Friðrik segir að samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2005 sé Símanum og Skjánum óheimilt að innheimta sameiginlega gjöld fyrir annars vegar Sjónvarp Símans og hins vegar Skjábíó. Af því leiðir að reikningarnir verða fleiri en einn. *„Í ljósi efnahagsástandsins og þeirrar hagræðingar sem sameiginleg innheimta felur í sér, bæði fyrir fyrirtækin og neytendur, mun Skjárinn leita eftir því að fá þessu breytt,“* skrifar Friðrik. *„Eins og gefur að skilja er það okkar hagur að viðskiptavinir Skjásbíós njóti allra kostanna með þjónustunni án viðbótargjalda sem koma eftir á.“*

Endurskipulagning Árvakurs:

## Viðræður við Glitni hefjast

**VIÐSKIPTI** Hópur fjárfesta hyggst hefja viðræður um framtíð Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, á næstu dögum. Þetta segir Einar Sigurðsson, forstjóri Árvakurs.

Rætt verður við Glitni, viðskiptabanka og stærsta kröfuhafa félagsins. Unnið hefur verið að endurfjármögnun Árvakurs undanfarið og hafa um 20 aðilar sýnt því áhuga. Félagið skuldar ríflega fjóra milljarða. Engin fyrirheit hafa verið gefin um niðurfellingu skulda, segir Einar.

Lausafjárstaða Árvakurs er betri en um síðustu áramót og mun starfsfólk fá laun greidd á réttum tíma, segir Einar. **- bj**

Reglugerð heilbrigðisráðherra:

## Slysabætur hækka í janúar

**HEILBRIGÐISMÁL** Bætur slysatrygginga almannatrygginga og sjúkradagpeningar hækka um áramótin samkvæmt reglugerð Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra sem gefin var út í gær.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**

Samkvæmt reglugerðinni hækka fjárhæðir slysatryggingabóta almannatrygginga um 9,6 prósent frá 1. janúar 2009. Sama máli gegnir um sjúkradagpeninga sem hækka um 9,6 prósent frá áramótum. **- hhs**

Undirritun samnings:

## Borgin rekur heimahjúkrun

**HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra og Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarstjóri í Reykjavík, undirrituðu í gær samning þess efnis að rekstur miðstöðvar heimahjúkrunar höfuðborgarsvæðisins verði fluttur frá ríkinu til borgarinnar.**

**Í tilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu kemur fram að með þjónustusamningnum hefjist tilraunaverkefni til þriggja ára sem felst í að reka heimahjúkrun og sameina hana rekstri félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík.**

**Heildarupphæð samnings um heimahjúkrun til þriggja ára er 2,8 milljarðar króna. - kg**

# Opnun landamæra skilyrði vopnahlés

**Nærri 400 manns, þar af tugir almennra borgara, hafa fallið í loftárásum Ísraela á Gaza síðan um helgina. Hamas-samtökin svara með æ fleiri heimagerðum sprengjuflaugum, sem hafa kostað fjóra Ísraela lífið síðustu daga.**

**GAZA, AP** Hamas-samtökin sögðu í gær að opnun landamæra Gazasvæðisins væri skilyrði þess að samið yrði um vopnahlé við Ísrael. Þrátt fyrir harðar loftárásir Ísraela á svæðið hafa Hamas-liðar þar síðustu dagana skotið fleiri og öflugri sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraels en nokkru sinni.

Fjórir Ísraelar höfðu síðdegis í gær fallið fyrir sprengjuflaugum Palestínumanna síðan árásirnar á Gaza hófust síðastliðinn laugardag. Nærri 400 Palestínumenn hafa hins vegar látið lífið vegna árása Ísraela, þar á meðal meira en sex tugir almenna borgara, samkvæmt talningu Sameinuðu þjóðanna. Heilu fjölskyldurnar hafa fallið fyrir sprengjum Ísraela.

Eldar loguðu víða í Gazaborg í gær, meðal annars í fimm stjórnarbyggingum sem sprengjum var varpað á þennan fjórða dag árásanna. Engin leið er að segja til um hve margir liggja lífs eða liðnir undir rústum húsa.

Stjórnarbyggingarnar í Gaza voru mannlausar þegar árásirnar í gær voru gerðar og íbúar í næstu húsum höfðu einnig farið að heiman af ótta við yfirvofandi árásir.

„Meira en sautján flugskeytum var varpað á mannlausar stjórnarbyggingar, alveg án tillits til íbúa í nágrenninu,“ sagði Ziad Koraz, einn nágrannanna sem hafði forðað sér í tæka tíð, en hús hans skemmdist í árásunum. „Ef einhver hefur framið glæp, þá eiga þeir að draga hann til refsingar en ekki heila þjóð.“



**SYSTUR BORNAR TIL GRAFAR** Tvær systur, fjögurra og tólf ára, voru bornar til grafar í gær í bænum Beit Hanoun á Gazasvæðinu, þar sem þær féllu fyrir ísraelskri sprengju. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelskir ráðamenn hafa sagt að árásunum sé ætlað að eyðileggja Hamas-samtökin og koma í veg fyrir sprengjuflaugaárásir þeirra yfir landamærin til Ísraels, en að öðru leyti er óljóst hvað Ísraelar ætlast fyrir.

Stutt er í þingkosningar í Ísrael og svo virðist sem stjórnarflokkarnir óttist að harðlínuflokkur Benjamins Netanyahu geti náð hylli kjósenda.

Þjóðarleiðtogar víða um heim hafa fordæmt árásirnar, sem eru þær mannskæðustu síðan 1967, og hvatt til þess að samið verði um vopnahlé sem fyrst.

Athygli vakti í gær að Karel Schwarzenberg, utanríkisráðherra Tékklands, sem tekur við formennsku í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um þessi áramót, sagðist telja að Ísraelar hafi fullan rétt til að verja sig gegn sprengjuflaugaárásum frá Gaza.

**gudsteinn@frettabladid.is**

### AFSKIPTI ÍSRAELA AF GAZASVÆÐINU

■ **Júní 1967** Ísrael hertekur í sex daga stríðinu Gazasvæðið, sem áður var undir stjórn Egyptalands. Ísraelar töldu íbúana 360 þúsund, og var um helmingur þeirra flóttamenn frá Ísrael. Nú eru íbúarnir þar um ein og hálf milljón. Samkvæmt Sameinuðu þjóðunum er ein milljón þeirra flóttamenn eða afkomendur flóttamanna.

■ **Desember 1987** Átök í Jebaliya-flóttamannabúðunum leiða af sér allsherjaruppreisn meðal Palestínumanna sem stóð til ársins 1993, en þá höfðu átökin kostað meira en 2.000 Palestínumenn og innan við 200 Ísraela lífið. Hamas-samtökin eru stofnuð á fyrstu vikum uppreisnarinnar.

■ **September 2005** Ísraelsher og 8.500 ísraelskir landtökumenn yfirgefa Gazasvæðið. Ísrael lætur þó ekki af hendi yfirráð sín yfir lofthelgi, landhelgi við ströndina og landamærastöðvum.

■ **Júní 2007** Hamas-samtökin hrekja Fatah-samtökin frá Gazasvæðinu í kjölfar mannskæðra átaka milli þessara tveggja helstu fylkinga Palestínumanna.

■ **Júní 2008** Hamas og Ísrael semja um vopnahlé, sem felur í sér að sprengjuflaugaárásum á Ísrael linni gegn því að Ísraelar hætti árásum á Hamas-samtökin og leiðtoga þeirra.

■ **Nóvember 2008** Palestínumenn hefja á ný sprengjuflaugaárásir yfir landamærin, í beinu framhaldi af innrás Ísraelshers inn á Gazasvæðið.

■ **19. desember 2008** Hamas-samtökin segja vopnahléssamkomulagið runnið út og verði ekki framlengt vegna brota Ísraela gegn því.

■ **27. desember 2008** Ísraelar hefja loftárásir á Gazasvæðið, þær mannskæðustu síðan í stríðinu 1967. Strax á fyrsta degi falla meira en 200 Palestínumenn.

Unnið er að varanlegri lausn fyrir þá sem eru með lán í erlendri mynt:

# Hugsanlega breytt í krónur

**EFNAHAGSMÁL** Unnið er að varanlegri lausn á málum einstaklinga og fyrirtækja sem eru með húsnæðislán bundin í erlendri mynt. Meðal annars er til skoðunar að skuldbreyta lánum úr erlendri mynt yfir í krónur.

Hópur skipaður fulltrúum frá viðskipta-, fjármála- og forsætisráðuneytum, Seðlabanka og Fjármálaeftirliti hefur unnið að þessu að undanförnu. Er niðurstaðna að vænta frá honum á næstu dögum eða vikum.

„Frysting erlendra lána var ekki hugsuð til frambúðar,“ segir Jón Þór Sturluson, sem starfar í hópnum fyrir hönd viðskiptaráðuneytisins.



**JÓN ÞÓR STURLUSON**

Algengt er að fjármálastofnanir bjóði frystingu lána til fjögurra mánaða. Jón Þór segist búast við því að fjármálastofnanir framlengi slíka samninga, verði lausn ekki fundin áður en tímabili frystingar lýkur.

Hann segir allt kapp lagt á að lausn finnist áður en samningarnir renna út. Ekki sé þó hægt að taka ákvörðun um hvaða leið verður farin fyrr en eiginfjárstaða og lausafjárstaða ríkisbankanna liggi ljós fyrir. **- hhs**



# Gleðilegt Nýtt Ár

## OPNUNARTÍMI VERSLANA

**31. desember**
Opið til 18:00 í Skeifunni
Opið frá 09:00 - 14:00 í Holtagörðum, Kringlu, Smáralind, Spöng, Garðabæ, Eiðistorgi og á Akureyri
Opið frá 10:00 - 14:00 í Borgarnesi og Njarðvík

**1. janúar**
Opið frá kl.11:00 í Skeifunni
Aðrar verslanir – Lokað

**2. janúar**
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Opið til 20:00 í öðrum verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samtakamáttur fjöldans:

## Ár uppgjörs og lausna

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Meginverkefni ársins handan við hornið hverfast um tvö leiðarminni. Annars vegar afdráttarlaust uppgjör við það sem fór úrskeiðis og hins vegar um lausnir á þeim tilvistarvanda sem þjóðin er komin í. Hvernig til tekst í þessum efnum mun ráða úrslitum um hversu djúp og löng kreppan verður.

Vissulega eru óvissir tímar fram undan. Enn er flest eins og hulið dimmri þoku. Það eina sem við vitum fyrir víst er að þegar henni léttir mun blasa við gjörbreytt landslag og miklir erfiðleikar. Um það efast enginn.

Umræðan í haust hefur mikið til snúist um möguleg afbrot innan viðskiptalífsins og bankanna. Það er ekki ólíklegt að það komi í ljós að einhverjir, sem voru í daglegum návistum við mikla peninga, hafi brotið lög í aðdraganda hrunsins. Þeim þarf að refsa.

Hitt liggur þó fyrir að mesta tjón samfélagsins er ekki vegna mögulegra lögbrota heldur vegna viðskipta, sem fóru fram fyrir opnum tjöldum, innan ramma laga og reglna og menn voru beinlínis hylltir fyrir. Icesave-reikningar Landsbankans tróna þar fremstir í flokki.

Þeir sem innleiddu hugmyndafræðina og kerfið sem skóp þessar aðstæður brutu hins vegar engin lög og verða ekki settir bak við lás og slá. Það þarf að láta þá gjalda fyrir gjörðir sínar á annan hátt.

Eins og viðskiptalífið þurfa stjórnmálaflokkarnir því að ganga í gegnum hreinsunareldinn. Eftirspurnin eftir slíku uppgjöri er knýjandi og henni þarf að mæta. Þegar fram í sækir skiptir þó enn meira máli að svara eftirspurninni eftir lausnum og vísa leiðina til framtíðar.

Nú reynir á stjórnmálamenn landsins að fara að standa undir nafni og axla þau hlutverk sem þeir voru kosnir til: Að stjórna og veita leiðsögn. Þeir brugðust þegar mest á reyndi. Sumir eiga sér ekki uppreisnar von, eru of innvígðir og innmúraðir í það kerfi sem orsakaði hrunið, en aðrir hafa enn tækifæri til að bæta ráð sitt.

Á slíkum tímum er nauðsynlegt að hafa í huga að þjóðin hefur að töluverðu leyti í eigin höndum hvernig spilast úr stöðunni.

Það er rétt að flestum líður örugglega eins og þeir hafi verið dregnir óspurðir af stað í skelfilega óvissuferð án möguleika á því að snúa aftur. En þegar mesta sjokkið og reiðin yfir þeim trakteringum er að baki, mun fólkið í landinu væntanlega átta sig á því að það hefur raunverulegt val um hvort það ætli að sitja áfram sem aðgerðalausir farþegar undir stjórn þeirra sem buðu í ferðina, eða taka til eigin ráða.

Mikilvægt er að muna að allar forsendur breyttust hinn 6. október, daginn sem neyðarlögin voru sett. Það er til dæmis ekki Geirs eða Ingibjargar að ákveða hvort verði kosið í vor. Ef þjóðin vill kosningar þá getur hún auðveldlega knúið þær fram. Engin ríkisstjórn stendur af sér samtakamátt fjöldans ef þolinmæði hans þrýtur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

STÓR HUMAR

HÖRPUSKEL

RÆKJUR

ATH, opið gamlársdag 9-13

Veljum íslenskt



opið

mán-fös 10-18:15

og lau 11-14:00

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fjórir kjörnir – níu á fundum

Í borgarstjórn sitja fimmtán borgarfulltrúar. Á árinu sem er að líða var haldinn 21 borgarstjórnarfundur. F-listi á einn kjörinn fulltrúa í borgarstjórn en Ólafur F. Magnússon og Margrét Sverrisdóttir sátu fundi fyrir hann. Kjörnir fulltrúar Vinstri grænna eru tveir en fjórir sátu borgarstjórnarfundi fyrir VG: Svandís Svavarsdóttir, Þorleifur Gunnlaugsson, Sóley Tómasdóttir og Hermann Valsson. Björn Ingi Hrafnsson, Óskar Bergsson og Marsibil J. Sæmundsdóttir sátu fundi fyrir Framsóknarflokkinn sem á einn mann í borgarstjórn.



### Fjórir kjörnir – tíu á fundum

Samfylkingin fékk fjóra menn kjörna í borgarstjórn í síðustu kosningum. Alls sátu tíu manns borgarstjórnarfundi fyrir Samfylkinguna á árinu: Dagur B. Eggertsson, Björk Vilhelmsdóttir, Oddný Sturludóttir, Sigrún Elsa Smáradóttir, Dofri Hermannsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, Falasteen Abu Libdeh, Stefán Benediktsson og Guðrún Erla Geirsdóttir.

### Sjö kjörnir – fjórtán á fundum

Kjörnir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn eru sjö. Alls sátu fjórtán manns fundi borgarstjórnar fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins á árinu sem er að líða: Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Kjartan Magnússon, Gísli Marteinn Baldursson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Jórunn Frímannsdóttir, Sif Sigfúsdóttir, Ragnar Sær Ragnarsson, Áslaug Friðriksdóttir, Bolli Thoroddsen, Elínbjörg Magnúsdóttir, Björn Gíslason og Kristján Guðmundsson.
Sem sagt, alls tóku 33 sæti á fundum borgarstjórnar á árinu sem er að líða.

bergsteinn@frettabladid.is

# Vinningurinn

Fyrir nokkrum árum tóku ýmsir auglýsendur upp á undarlegum sið. Þeir sendu mönnum bréf sem hófst á orðinu „Bravo“ með heimsstyrjaldarletri og enn stærra upphrópunarmerki á eftir, og síðan kom tilkynning um að viðkomandi hefði unnið mikinn happdrættisvinning, einhverja svimháa tölu. En það fylgdi með að menn þyrftu að bregðast snarlega við og senda svar til baka ef þeir vildu höndla happið. Allt var þetta vitanlega blekking, ef bréfið var lesið mjög vandlega, einkum og sér í lagi örsmáa letrið, kom í ljós að þetta voru einungis „undanúrslit“ ef svo má segja, síðan átti nefnilega að draga úr þeim sem dregnir hefðu verið í þessum fyrsta drætti – og hefðu svarað; þetta var sem sé sýnd veiði og alls ekki gefin. Þessar upplýsingar voru stundum svo vel faldar að þær sáust ekki; ég lá einu sinni lengi yfir slíku bréfi sem mér var sent og gat ekki fundið annað en að ég hefði í raun og veru hreppt þennan mikla vinning. Þó var enginn vafi á að svo var ekki, öllum í húsinu hafði verið sent sama bréfið.

Tilgangurinn með þessu virtist vera sá að fá lista yfir menn sem væru ginnkeyptir fyrir slíkum brellum og nota hann til að senda þeim alls kyns auglýsingar eða kannske selja listann öðrum auglýsendum. Í einu bréfi af þessu tagi, sem póstlagt hafði verið til mín á Spáni, var ég reyndar beðinn um að senda upplýsingar um mína bankareikninga svo hægt væri að leggja vinninginn inn á þá, og var þá ekki hægt að efast um það til hvers leikurinn væri gerður.

Svo er að sjá að flestir hafi tekið þessu skrumi með jafnaðargeði og ekki látið blekkjast. En þó eru til sögur um fólk sem trúði því að það hefði í alvöru hlotið þennan glæsilega vinning og myndi brátt standa með báðar hendur fullar fjár. Einhverjir þeirra munu hafa viljað taka út forskot á sæluna, farið að lifa í flottheitum og steypt sér í skuldir með kaupum á rándýrum glæsivarning. Vöknuðu þeir svo við illan draum, þegar happdrættispeningarnir leystust upp í ekkert.

Svo er að sjá, að ýmsir Íslendingar – og reyndar ekki



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Frjálshyggjan

einungis þeir – séu nú í svipaðri stöðu og þeir sem héldu að þessi vinningur hefði fallið þeim í skaut. Það eru menn sem trúðu á fagurgala frjálshyggjunnar, þeir sem ímynduðu sér að um leið og frjálshyggjupúkanum væri sleppt úr flöskunni yrðu allir steinríkir, og fóru að lifa eftir því. Það eru menn sem spenntu

*Nánast allir sungu með í kórnum nema fáeinar hjáróma raddir sem enginn tók mark á. En flótti fram á við getur aldrei endað nema á einn veg. Fyrr eða síðar hrynur allt. Og hrunið verður því meira sem flóttinn hefur verið lengri.*

bogann sífellt hærra og fjármögnuðu það með lánum hérlendis, þangað til bólan sprakk allt í einu, líkt og hnattlíkanið í höndum Chaplins. Frjálshyggjan reyndist engu betri en upplognar tilkynningar um vinninga, og við þeim blasti ekki annað en að sökkva á bólakaf í endalaust skuldadíki. En það eru einnig menn sem bjuggu við lítil efni og vonuðust til að með þessu móti gætu þeir orðið vel bjargálna.

Menn hlógu að grunnhyggni þeirra sem lögðu trúnað á einhverja bleðla, sem auðvelt var að sjá, þrátt fyrir allt, að voru ekki annað en ómerkilegt auglýsingaskrum. En að þeim sem létu blekkjast af frjálshyggjunni er ekki hlæjandi, því þeir voru leiksoppar sterkari afla en kenningaklambur einhverra hugmyndafræðinga gat nokkurn tíma orðið eitt og sér. Það var annað og meira sem þrýsti á.

Reynslan hefur nú sýnt rækilega, að þegar hugmyndum frjálshyggjumanna er hrundið í framkvæmd og efnahags- og þjóðfélagslífið mótað eftir þeim, fer bilið milli ríkra og fátækra að aukast mjög mikið, annars vegar kemur upp fámenn stétt ólígarka og ofurauðkýfinga, hins vegar fjölgar þeim mjög sem búa við örbirgð, og kjör millistéttarmanna versna, þeir fara smám saman að síga niður á við, í áttina til fátæktar. Þannig minnkar kaupmátturinn til muna. Þetta er að sjálfsögðu reseft upp á kreppu, því þegar kaupmátturinn rýrnar, dregst öll neysla saman, menn kaupa æ minna af því sem kapítalistar framleiða, flytja inn og falbjóða, og jafnframt er vaxandi hætta á að óánægja blossi upp meðal almennings. Ekki síst þegar hann sér veldi einhverra ólígarka á flestum sviðum, óhófsneyslu fáeinna manna og skynjar þannig þá hyldýpisgjá sem er að myndast í þjóðfélaginu.

Til að bægja þessari kreppu burt, eða öllu heldur slá henni á frest, þekkir frjálshyggjan aðeins eina leið, „að flýja fram á við“ eins og sagt er á frönsku, að fá menn til að taka í sífellu lán til að fjármagna stöðugt meiri neyslu í þeirri blekkingu að með þeirri auðlegð sem frjálshyggjan lofar verði hægt að endurgreina allar skuldir. Með þessu móti var einnig hægt að koma í veg fyrir að óánægja breiddist út. Það voru því ekki fáeinir frjálshyggjupostular sem boðuðu þessa stefnu, allt kerfið byggðist á henni, og því varð að beita öllum hugsanlegum þrýstingi á menn svo þeir féllu í þennan farveg, fá þá til að taka lán til að halda hringekjunni gangandi.

Því var ekki að undrast þótt margir létu blekkjast af fagurgalanum, hvað áttu þeir annað að gera? Nánast allir sungu með í kórnum nema fáeinar hjáróma raddir sem enginn tók mark á. En flótti fram á við getur aldrei endað nema á einn veg. Fyrr eða síðar hrynur allt. Og hrunið verður því meira sem flóttinn hefur verið lengri. Eftir sitja menn í vondum málum, þeim er refsað fyrir glæp sem þeir áttu enga sök á. Þennan vanda þarf að leysa eins og hægt er, en ekki er síður brýnt að loka drísildjöful frjálshyggjunnar aftur inni í flöskunni. Það yrði stærsti vinningurinn.

Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is*
**ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Orkuveita
Reykjavíkur

# Við erum til taks um áramótin

Orkan er sjaldan mikilvægari en einmitt á gamlárskvöld og nýársnótt. Tugir starfsmanna Orkuveitu Reykjavíkur eru á vakt í stjórnstöð og í viðbragðsstöðu úti í hverfum á veitusvæðinu, reiðubúnir að bregðast við ef bilun verður. Við viljum tryggja ykkur birtu og yl um áramótin.

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORK 39973 12/08




• Starfsfólk Orkuveitu Reykjavíkur óskar þér gleðilegs nýs árs.

www.or.is

# Samstillt átak til uppbyggingar

**UM ÁRAMÓT**

Aðstæður á Íslandi eru um margt óvenjulegar um þessar mundir. Margir eiga um sárt að binda vegna atvinnu- og eignamissis, sumir kvíða framtíðinni og óvissunni sem nú er meiri en oft áður, aðrir eru reiðir og finnst ósanngjarnt að bíða tjón af einhverju sem þeir bera enga ábyrgð á. Ég hef skilning á þessum tilfinningum og mikla samúð með þeim sem glíma við erfiðleika. Verkefni okkar stjórnmálamanna næstu mánuði og misseri er að draga úr þeim skaða sem orðinn er, bæði fyrir samfélag og einstaklinga, og byggja atvinnulífið upp á ný.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft forystu um að losa um höft og ítök ríkisins í efnahagslífinu og er stoltur af þeim verkum sínum, enda leiddu þau til gífurlegrar uppbyggingar og aukinnar velmegunar þjóðarinnar. Nú mun hann ekki víkja sér undan ábyrgð í uppbyggingarferlinu sem fram undan er. Hann hefur áður gegnt lykilhlutverki á erfiðum tímum og verið í fararbroddi í því að brjótast út úr kreppu. Slíku hlutverki fylgja óvinsæl verkefni en við sjálfstæðismenn munum láta hagsmuni Íslendinga til lengri tíma ráða ferðinni og þar verður trúin á einstaklinginn, frelsi hans og atvinnulífsins okkar leiðarljós.

### Aðdragandi og ástæður bankahrunsins rannsökuð ofan í kjölinn

Íslenskt efnahagslíf verður harðar úti vegna hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu sem nú ríkir í heiminum en efnahagslíf annarra landa vegna þess að bankarnir þrír sem hér fóru í þrot voru nánast allt fjármálakerfi landsins og stærð þeirra margföld landsframleiðslan. Einhver sök liggur eflaust hjá stjórnvöldum og þeim stofnunum sem eftirlitshlutverk hafa með fjármálafyrirtækjum. Það verður allt rannsakað. Sömuleiðis hvað gerðist í bönkunum og hvers vegna, hvort hægt hefði verið að koma í veg fyrir hrunið og hverjir bera ábyrgð á því.

Stjórnvöld hafa á síðustu vikum kynnt ýmsar aðgerðir í þágu heimila og fyrirtækja. Þær fela m.a. í sér að auðvelda fólki að greiða af húsnæðislánum með breyttum reglum Íbúðalánasjóðs og tilmælum til annarra lánastofnana um frystingu afborgana og vaxta. Aðgerðir í þágu fyrirtækja fela m.a. í sér að bankaráðum nýju bankanna er falið að setja sér viðmiðunarreglur um fyrirgreiðslu við fyrirtæki með það að markmiði að vernda störf og stuðla að áframhaldandi starfsemi lífvænlegra fyrirtækja.

Alþingi hefur samþykkt áætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um efnahagslega uppbyggingu og fyrstu skrefin samkvæmt þeirri áætlun hafa þegar verið tekin og gengið vel. Frá því í lok nóvember hefur verði unnið eftir nýjum reglum um gjaldeyrisviðskipti sem eiga að tryggja eðlileg vöruviðskipti en setja fjármagnsflutningum verulegar hömlur. Markmið þeirra er að standa vörð um krónuna með því að koma í veg fyrir flæði gjaldeyris út úr landinu. Hömlunum verður aflétt strax og hægt er.

### Uppbygging fram undan

Þær þrengingar sem fram undan eru verða vonandi ekki langvinnar. Útflutningur er orðinn meiri en innflutningur og gjaldeyririnn sem fæst fyrir útflutning mun duga fyrir vöruviðskiptum. Þegar tekist hefur að koma nýju jafnvægi á gengi krónunnar mun verðbólga ganga hratt niður og þá verða skilyrði til að lækka vexti verulega. Búist er við að verðbólga verði komin niður í 4-5% í árslok 2009. Í fjárlögum þess árs þurfti að bregðast við gjörbreyttum aðstæðum frá því sem voru þegar frumvarp til þeirra kom fyrst fram. Við afgreiðslu fjárlaga voru gerðar ráðstafanir til að minnka þann fjárlagahalla sem annars hefði orðið um 60 milljarða króna. Unnið var út frá því grundvallarviðmiði að sparnaður kæmi sem minnst niður á velferðarkerfinu, menntakerfinu, heilbrigðiskerfinu og löggæslu en þess í stað var meiri áhersla lögð á að hagræða í rekstri ráðuneyta og stjórnsýslustofnana.

Óhætt er að binda miklar vonir við íslenskt atvinnulíf. Grundvallarstoðir þess eru styrkar og sveigjanleikinn mikill. Gríðarlegir möguleikar felast í orkuauðlindum landsins, ferðaþjónustan hefur nýtt tækifærin sem felast í lágu gengi krónunnar og íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru með þeim fremstu í heimi.

Nú er sólargangur farinn að lengjast og myrkrið að hopa. Við horfum til nýs árs með von í brjósti, þess fullviss að með hækkandi sól takist okkur að vinna okkur út úr þeim erfiðleikum sem að okkur steðja. Verkefnið er eitt það stærsta sem íslensk þjóð hefur staðið frammi fyrir en með samstilltu átaki mun það takast.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs árs.

*Höfundur er forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins.*



GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA




ARGUS / 08-0453

# Ný landsýn – breytt stefna

## UM ÁRAMÓT

Ein dýpsta heimskreppa hagsögunnar skall á í september 2008 þegar burðarvirki hins reglulausa hnattræna fjármagnsmarkaðar leystist upp fyrir augliti allrar heimsbyggðarinnar. Markaðurinn „leiðrétti“ sig ekki sjálfur eins og markaðslögmálið hafði kennt heldur flanaði stjórnlaust að feigðarósi með vanmati áhættu og ofmati eigna. Á þremur mánuðum hafa iðnvædd ríki neyðst til að leggja stórfé úr sameiginlegum sjóðum til björgunaraðgerða. Hin stjórnlausa frjálshyggja hefur runnið sitt skeið á enda.

### Neyðaraðgerðir

Hin íslenska kreppa er bæði heimskreppa og heimatilbúin. Hún magnaðist ekki smátt og smátt eins og í öðrum löndum heldur skall á okkur eins og fullkomið fárviðri í byrjun október.

Með hruni bankakerfisins fengu íslensk stjórnvöld í fangið verkefni sem er stærra og flóknara en nokkur dæmi eru um á síðari tímum. Fyrsta skylda ríkisstjórnarinnar var að sjá til þess að nýir bankar gætu risið á rústum hinna gömlu, að greiðslukerfi bankanna virkuðu og þjóðin gæti orðið sér úti um gjaldeyri fyrir nauðþurftum og til að stunda viðskipti við umheiminn. Allt þetta tókst.

Eitt brýnasta verkefni sem ríkisstjórnin stendur nú andspænis er endurskipulagning alls fjármálakerfisins og þar eru Seðlabanki og Fjármálaeftirlit ekki undanskilið. Sú vinna er þegar hafin hvað varðar viðskiptabankana og á nýju ári verður stjórn og fyrirkomulag Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins tekið til sérstakrar skoðunar með það að markmiði að auka traustið á þessum mikilvægu eftirlitsstofnunum.

Heimilin og fyrirtækin í landinu standa andspænis miklum erfiðleikum vegna samdráttar, verðbólgu, hárra stýrivaxta og mikillar lækkunar á gengi krónunnar. Ríkisstjórnin hefur þegar gripið til margháttaðra aðgerða til að mæta fólki og fyrirtækjum í greiðsluerfiðleikum en til að forða frekari upplausn í samfélaginu er nauðsynlegt að vinna með öllum tiltækum ráðum gegn fjölgun gjaldþrota og aukningu atvinnuleysis.

### Jafnaðarstefna í verki

Frá því að Samfylkingin tók við í ríkisstjórn vorið 2007 höfum við litið svo á að mikilvægasta hlutverk okkar væri að skapa hér á ný samfélag jöfnuðar og félagslegs réttlætis á Íslandi.

Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin eru ólíkir flokkar, en þessi ríkisstjórn hefur stigið mikilvæg skref í velferðarmálum með aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna, með stefnumótun um uppbyggingu hundruða hjúkrunarrýma fyrir aldraða, með því að koma í höfn því mikilvæga réttindamáli öryrkja að greiða þeim bætur án tillits til tekna maka, með verulegri hækkun lægstu lífeyrisbóta, hækkun skattleysismarka, hækkun tekjutengdra barnabóta, nýjum jafnréttislögum, með afnámi hinna illræmdu eftirlaunalaga og svo mætti lengi telja.

Við lögðum á það mikla áherslu við endurskoðun fjárlaga á dögunum að verja þennan árangur og það tókst. Verkefni okkar á næsta ári verður að freista þess að verja grunnstoðir velferðarþjónustunnar. Það verður ekki auðvelt verkefni en forsenda þess að hér á landi verði sátt milli stjórnvalda og þjóðar er að byrðunum verði réttlátlega dreift á landsmenn, þannig að þeir sem mest hafa, beri þyngstar byrðar en aðrir léttari.

### Sýn til framtíðar

Íslenskt samfélag mun draga marga lærdóma af atburðum haustsins. Einn sá mikilvægasti varðar tengsl okkar við umheiminn og hvernig við tryggjum okkur þá samstöðu nágranna okkar sem við getum ekki verið án. Í nútímanum eru heimsmálin heimamál og öfugt. Í okkar veröld er versti kosturinn að vera ekki með. Ef við skipum okkur hvergi í sveit á alþjóðavettvangi verðum við eins og bátskríli á úfnu hafi alþjóðlegra hræringa.

Samfylkingin leggur á það höfuðáherslu að gefa skýr skilaboð um framtíðarskipan peningamála í landinu. Við teljum að hagsmunum Íslendinga sé best borgið í samstarfi við aðrar Evrópuþjóðir innan Evrópusambandsins og vonandi eru forsendur að skapast á stjórnmálasviðinu fyrir því að hægt verði að sækja um aðild á fyrri hluta næsta árs.

Samhliða skýrri sýn til framtíðar þarf að móta gjörbreytta hagstjórn byggða á grundvallarafstöðu jafnaðarmanna þar sem tekjugrundvöllur samneyslunnar er tryggður og samfélag velferðar og ábyrgrar verðmætasköpunar í atvinnulífi fest í sessi. Við þurfum að skapa atvinnulífinu skilyrði til að dafna, með markvissum skrefum í átt til stöðugra gengis og lægri vaxta. Það verður ekki hjá því komist að spara tugi milljarða í ríkisbúskapnum á komandi ári og það verður best gert með því að hreinsa til í ríkisbúskapnum, og forgangsraða útgjöldum í samræmi við kröfur um almannaþjónustu.

Við þurfum að lyfta Grettistaki á næstu misserum. Það verður gríðarlegt átak og engin pólitísk vinsældakeppni. Það verður erfiðast fyrst en árangurinn mun koma í ljós. Íslendingar munu sjá til nýs lands á nýju ári.


INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

*Höfundur er utanríkisráðherra og formaður Samfylkingarinnar.*



# 2009: Ár erfiðleika, breytinga og endurreisnar

UM ÁRAMÓT

Banvæn uppdráttarsýki herjar nú á hinn hnattvædda græðgiskapítalisma. Hér á landi eru afleiðingarnar hrikalegar, hrun íslensks efnahagslífs, fjöldaatvinnuleysi, lífskjaraskerðing og gríðarleg skuldsetning komandi kynslóða. Orsakanna fyrir þessari alvarlegustu kreppu lýðveldissögunnar er að leita í blindri trú ráðandi stjórnmálaafla, viðskiptalífsins og flestra fjölmiðla á nýfrjálshyggjuna, stórfelldum hagstjórnarmistökum og loks fólskulegum aðgerðum Breta. Helstu gerendur keppast hins vegar við að benda hver á annan og enginn þeirra axlar ábyrgð.

### Hamfarir af manna völdum

Ríkisstjórn Geirs H. Haarde og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur lagði í aðalatriðum upp með sömu hægri stefnu og fylgt hefur verið allan valdatíma Sjálfstæðisflokksins eða í rúm 17 ár. Þrátt fyrir að blikur hafi verið á lofti strax á árunum 2004-2005 anaði þáverandi ríkisstjórn áfram í heimatilbúinni góðærisvímu. Núverandi stjórn steinsvaf á verðinum og ýmist leiddi hjá sér eða leyndi upplýsingum um hvert stefndi allt þangað til að bankakreppan skall á af fullum þunga í haust. Þá brást hún að lokum við með því að leita eftir láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og gangast inn á margvísleg óhagstæð þvingunarskilyrði. Í ofanálag horfði þjóðin upp á algjöra uppgjöf ríkisstjórnarinnar gagnvart Evrópusambandsþjóðum í samningaviðræðum um ábyrgð íslenska ríkisins á Icesave-reikningum Landsbankans.

Í reynd er ríkisstjórn Geirs og Ingibjargar engu að bjarga. Hún er að pakka vandanum inn í stórfelldar innlendar og erlendar lántökur hverra greiðslur koma til með að rýra mjög lífskjörin á Íslandi, ekki síst á næsta áratug. Skuldir hins opinbera á Íslandi fara á einu ári úr 20-30 af hundraði miðað við þjóðartekjur í á annað hundrað prósent. Ef þungi hinnar gríðarlegu fyrirhuguðu lántöku upp á samtals rúmlega 2000 milljarða kr., með vaxtakostnaði og afborgunum, leggst á að fullu, verður greiðslubyrðin tröllaukin og nær óbærileg fyrir þjóðarbúið.

### Endurreisn á nýjum grunni

Það er risavaxið verkefni að endurreisa efnahag landsins. Miklu skiptir að þjóðin standi þá saman og við deilum byrðunum á réttlátan og sanngjarnan hátt. Takist okkur það er verkefnið viðráðanlegt. Og það skal takast. Íslendingar búa yfir miklum auðlindum, ekki aðeins í náttúrunni heldur einnig í þjóðinni sjálfri og því er ástæðulaust að leggja árar í bát. Grunneiningar atvinnulífsins geta einnig eflst, ný verðmætasköpun komið til og ef vel tekst til getur þjóðin snúið sér af krafti að uppbyggingar- og endurreisnarstarfi þegar á síðari hluta næsta árs.

Mikilvægur þáttur í endurreisnarverkefninu er að kjósa eins fljótt og við verður komið. Hver mánuðurinn er dýr sem líður án þess að ný ríkisstjórn með tiltrú og traust þjóðarinnar komist í verkin. Trausti rúin ríkisstjórn með þjóðina upp á móti sér mun aldrei leiða okkur í gegnum erfiðleikana. Af þeim sökum eru kosningar nauðsynlegar og óumflýjanlegar til þess að nýtt Alþingi, ný ríkisstjórn og veruleg endurnýjun í stjórnmálum, efnahagslífi og lykilstofnunum samfélagsins geti lagt grunn að endurheimtu trausti og þjóðarsamstöðu.

### Virkjum okkur sjálf

Hið nýja Ísland, hið endurmótaða samfélag, þarf að grundvalla á nýrri hugmyndafræði þar sem ólýðræðislegri og blindri gróðahyggju hefur verið hent á haugana. Félagsleg og siðræn gildi hinna norrænu samábyrgu velferðarsamfélaga, sjálfbær þróun og kvenfrelsi eiga þar að vera í öndvegi. Við Vinstri græn höfum fulla og óskoraða trú á baráttuvilja þjóðarinnar og ekki síst ungu kynslóðarinnar. En til þess að verkefnið heppnist verður að sameina kraftana og virkja alla þjóðina til þátttöku. Hreyfing okkar stendur fyrir hugmyndafræðilega endurnýjun, trú á þjóðina, á möguleika okkar, auðlindir, landgæði og getu til að vinna okkur sjálf út úr erfiðleikunum og á eigin forsendum. Við bjóðum fram okkar aðgerðaáætlun, krafta okkar og liðsmenn sem fjölgar nú dag frá degi. Við munum leggja okkar ítrasta af mörkum til þess að árið 2009 verði ekki aðeins ár erfiðleika, heldur marki líka upphaf breytinga og endurreisnar.

*Höfundur er formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs.*



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

# Nýjar tekjur og atvinna



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

UM ÁRAMÓT

Íslendingar verða að auka tekjur, fjölga störfum og vinna gegn atvinnuleysi og þeim skaða sem af því hlýst. Lærum af viðbrögðum í fyrri kreppum hérlendis, þegar norsk-íslenska síldin hvarf af Íslandsmiðum 1968. Aðgerðir stjórnvalda næstu árin tengdust breytingum á fiskiskipaflotanum og endurnýjun fiskvinnsluhúsa. Álverið í Straumsvík efldi atvinnu, einnig störf í flugi og ferðaþjónustu. Minnt er á að við eigum ýmis tækifæri sem áður reyndust vel og getum enn þá gripið til þó kreppan sé dýpri og annarar gerðar en 1968-1970. Tækifæri eru í nýjum atvinnugreinum, upplýsingatækni, afþreyingu, vatnsútflutningi, líftækni, lyfjaframleiðslu og heilbrigðistækniþekkinu. Hreinleiki matvælaframleiðslu landbúnaðar og vaxandi kornrækt er mikilvæg. Ég byrja þessa grein á hvatningu til þess að afla aukinna tekna og efla atvinnumöguleika fólks? Förum þá leið og komumst með minnstum skaða upp úr þeirri djúpu kreppu sem við erum í.

### Niðurskurðarleiðin

Óhugsandi lausn úr þeirri djúpu lægð sem nú er vegna falls bankanna og fjármálakreppunnar, er að beita eingöngu niðurskurði fjárlaga og minnka þjónustu, eða nýjum sköttum og gjöldum gegn gríðarlegum vanda sem við blasir. Öflum samhliða nýrra tekna, aukum framleiðslu af öllum mætti hvar sem slík tækifæri er að finna. Setjum ekki þjóðina í kreppu sem gæti varað í áratug. Niðurskurðarleiðin ein er ófær með öllu. Auknar og nýjar tekjur gefa tekjur í ríkissjóð, gegnum veltuskatta og tekjuskatta. Nú er alger nauðsyn á viðbrögðum í atvinnumálum á öllum sviðum. Heimila þarf þegar rannsóknir og undirbúning á virkjanasvæðum hvar sem þær virkjanir verða reistar til öflunar raforku. Hvað líður rannsóknarleyfi vegna fyrirhugaðrar virkjunar Hvalár á Ströndum sem er enn þá fast hjá ráðherra. Vestfirðingar kaupa mikla raforku að frá öðrum landshlutum. Þar er þörf á nýrri virkjun.

### Tvíeykið ræður öllu

Frjálslyndi flokkurinn harmar að ríkisstjórnarflokkarnir sem borið hafa ábyrgð á stjórn landsins í 17 mánuði, skuli ekki hafa sýnt meiri fyrirhyggju en raun ber vitni. Öllum mátti vera ljóst að veruleg syrti í álinn á síðari hluta ársins 2007, rauð ljós loguðu. Afneitun stjórnarliða var nánast alger. Stjórnarandstöðuflokkarnir reyndu ítrekað að benda á hættur, á varnaðarorð var ekki hlustað.

Tvíeykið, þau sem ein ráða ríkisstjórn, virðist hvergi hafa metið stöðuna rétt, og talið að niðursveifla í efnahagsmálum væri léttvægt viðfangsefni. Um það vitna fjölmörg ummæli forsætis- og utanríkisráðherra á árinu.

Áramótagreinar formanna eiga að vera þeim kærkomið tímamótatækifæri til að koma boðskap á framfæri við þjóðina. Þá er mikilvægt að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir, og segja fólki sannleikann. Ég ætla ekki formönnum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar svo illt að segja að þeir hafi blekkt þjóðina. Sennilegast lifðu þeir í heimi sjálfsblekkinga eins og margir aðrir landsmenn. Forystufólk í stjórnmálum sem fékk umboð frá þjóðinni til að stjórna, getur ekki lifað í sýndarveruleika. Efnahagsþróun undanfarinna ára endurspeglaði hvorki styrk né sveigjanleika. Botnlaus skuldasöfnun atvinnuveganna og heimilanna í landinu sýndi veiklega sem urðu þess valdandi að hagkerfið féll. Fögur orð formanns „jafnaðarfólks“ fyrir ári síðan um gegnsæi og vandaða upplýsingagjöf hafa í raun reynst andhverfa. Allar götur síðan bankablekkingarleiknum lauk í sumar og á haustdögum hafa mál einkennst af glundroða þar sem einmitt hefur skort á upplýsingagjöf og gegnsæi. Ríkisstjórnin hefur vandlega gætt þess að fulltrúar þriðjungs þjóðarinnar, stjórnarandstöðunnar, kæmu hvergi nærri ákvarðanatöku um stjórn landsins.

### Öllum steinum velt við

Áramótin marka dapurleg tímamót og kollsteypu í efnahagsmálum. Fyrir ári var vinsælt meðal ráðamanna að ræða góðærið. Viðurkennt er að það var tálsýn og sýndarveruleiki skuldasöfnunar.

Veislunni er lokið og fram undan djúp efnahagslægð án fordæmis í sögu þjóðarinnar, á komandi ári. Alþýða landsins mun krefjast skýringa á orsökum kreppunnar. Öllum steinum verður velt við og skoðað hvað fór úrskeiðis. Svona stórslys af mannavöldum má aldrei aftur verða.

Bregðast átti við af meiri einurð og fyrr en raun varð á. Það voru mistök að skerða aflaheimildir í þorski. Þegar nú syrtir í álinn verður að auka þorskaflann, atvinnusköpun og gjaldeyrisöflun. Þorskvótinn verði aukinn strax um 90.000 tonn. Nýjustu rannsóknir styðja þá skoðun sjómanna að auka beri þorskaflaheimildir. Fækka á strax kvótabundnum fisktegundum. Loks rennur upp fyrir mörgum sá sannleikur að íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið með framseljanlegum veiðiheimildum er ekki það dásemdarverk sem stuðningsmenn þess hafa predikað. Sjávarútvegurinn er ofurskuldsettur. Kvótakerfið, sóunin og peningasukkið kringum það, var í raun upphaf þeirrar ógæfu sem þjóðin upplifir. Ábendingar þar um eru fyllilega réttmætar. Hugsum nýtt þegar kemur að sjávarútveginum. Kvótakerfi hafa ekki byggt upp botnfiskstofna. Við í Frjálslynda flokknum gagnrýnum þetta kerfi og höldum uppi vörnum fyrir mannlífi í landinu öllu, með tillögum til úrbóta. Við höldum því áfram af fullri einurð á nýju ári.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs árs og friðar. Berum gæfu til samstöðu og samhjálpar til að mæta erfiðum tímum, sem nú fara í hönd.

*Höfundur er formaður Frjálslynda flokksins.*


Fiton/SÍA
Ánægjulegt nýtt ár
Fólkið í landinu hefur alltaf verið okkar fjárfesting
Starfsfólk Sparisjóðsins óskar viðskiptavinum sínum ásamt landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Við höfum alla tíð litið á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna og ætlum að halda áfram að veita þeim okkar bestu mögulegu þjónustu á nýju ári. Það er engin tilviljun að ánægðustu viðskiptavinirnir eru hjá Sparisjóðnum.
SPARISJÓÐURINN
spar.is

# Öllum spurningum verði svarað

**UM ÁRAMÓT**

Árið sem nú er að líða verður lengi í minnum haft. Bankahrunið á eftir að móta þjóðfélag okkar næstu árin. Fram undan eru erfiðleikar í rekstri heimila og fyrirtækja, skerðing á opinberri þjónustu og gríðarleg skuldasöfnun ríkisins.

Við sem erum á besta aldri höfum ekki fyrr séð jafnerfiða stöðu í efnahagslífinu. En það er ástæðulaust og gagnslaust að vera með bölmóð og svartsýni. Þrátt fyrir allt er framtíðin full af spennandi tækifærum. Við þurfum að vinna okkur í gegnum þessa erfiðleika. Það getum við gert á fáum árum. Ég trúi því að þá munum við standa sterkari eftir og getum haldið áfram að byggja hér upp samfélag í fremstu röð.

Fyrsta verkefnið er að endurreisa traust í samfélaginu. Þar skiptir miklu máli að aðdragandi hrunsins verði rannsakaður með gagnsæjum og trúverðugum hætti. Þjóðin á rétt á því að öllum spurningum verði svarað og ekkert undan dregið.

**II**

Það er vont að vita til þess að ríkisstjórnin og ýmsar mikilvægar stofnanir í samfélaginu eru ekki trúverðugar – hvorki í augum almennings í landinu né alþjóðasamfélagsins. Undanfarnar vikur hefur hik og ráðleysi einkennt ríkisstjórnina og mikilvægur tími hefur farið til spillis.

Enn er ekki nema að litlu leyti búið að upplýsa það hvað gerðist á stjórnarheimilinu í aðdraganda hrunsins. Miðað við yfirlýsingar seðlabankastjóra hafði ríkisstjórnin sterkar vísbendingar um að hrun væri yfirvofandi en þær vísbendingar voru hunsaðar. Það er nauðsynlegt að hreinsa loftið af þessum alvarlegu ásökunum.

Þjóðin finnur að það skortir trausta forystu úr forsætisráðuneytinu. Almenningur er farinn að draga í efa að ríkisstjórnin ráði við verkefnið. Það skortir traust og heilindi í samstarf Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins, og nú kemur það ríkisstjórninni að engu gagni að hún styðst við stærri þingmeirihluta en nokkur önnur ríkisstjórn í sögu lýðveldisins.

**III**

Það er langt síðan ég fór að tala fyrir því að við Íslendingar leituðum leiða til að skipta um gjaldmiðil. Eins og fleiri hafði ég áhyggjur af því að það væri of áhættusamt að halda úti minnsta sjálfstæða gjaldmiðli heims og treysta honum til að fljóta eins og korktappa á stórsjó hins alþjóðlega fjármálaheims. Nú er komið á daginn að þær áhyggjur voru á rökum reistar – því miður.

Nú í janúar heldur Framsóknarflokkurinn flokksþing og tekin verður afstaða til spurningarinnar um aðild Íslands að Evrópusambandinu. Í dag er það enn þá skýrara en áður, að mínu mati, að rétt er að við látum á það reyna hvaða kostir bjóðast í aðildarviðræðum við ESB. Að sjálfsögðu þurfum við að fá tryggingu fyrir innlendum yfirráðum yfir auðlindum okkar og undirbúa okkur vandlega fyrir aðildarviðræður. Við framsóknarmenn höfum lagt góðan grunn að undirbúningnum í okkar flokksstarfi mörg undanfarin ár.

Margir hafa áhyggjur af fullveldi okkar og þjóðlegum gildum ef við göngum inn í Evrópusambandið. Gömlu gildin eru mikið til umræðu núna og það er vel. Gömul gildi þýða hins vegar ekki að við eigum að hverfa til fortíðar. Við eigum frekar að byggja á því sem vel hefur tekist og nýta þá reynslu til framsækinnar uppbyggingar. Ísland er eitt þeirra landa sem vegna legu sinnar er háð samskiptum við aðrar þjóðir. Fyrir okkur felast meiri tækifæri í því að auka slík samskipti en í því að loka landinu og hverfa til búskaparhátta fortíðarinnar.

Eins og staðan er núna er afskaplega mikilvægt fyrir okkur að auka útflutning á okkar góðu framleiðsluvörum og skapa verðmæti og gjaldeyri. Á sama hátt er mikilvægt að íslenskir neytendur geti keypt innfluttar vörur án þess að þurfa að greiða óhófleg gjöld og að íslensk atvinnufyrirtæki þurfi ekki að borga of hátt verð fyrir aðföng til fjárfestingar eða framleiðslu.

**IV**

Á flokksþingi okkar framsóknarmanna 16.-18. janúar verður kosin ný forysta fyrir Framsóknarflokkinn. Fjöldi öflugra einstaklinga gefur kost á sér í því kjöri og það er mikið gleðiefni.

Mikilvægt er að þessu ágæta fólki takist að snúa bökum saman eftir að niðurstaða liggur fyrir og vinna sameiginlega að því fyrir flokkinn að snúa vörn í sókn. Það er mikilvægt að Framsóknarflokkurinn komi að því uppbyggingarstarfi sem fram undan er í íslensku samfélagi. Ég finn það á mörgum að þeir sakna þess að hafa ekki Framsóknarflokkinn í ríkisstjórn. Fólk veit að framsóknarmenn leggja höfuðáherslu á að byggja upp og tryggja atvinnu í landinu. Því miður tala fáir fyrir þeim sjónarmiðum í þessari ríkisstjórn. Vonandi verður breyting þar á sem fyrst.

Ég óska landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs og þakka ánægjuleg kynni og samskipti á árinu sem er að líða.

*Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.*



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Það er opið hjá okkur föstudaginn 2. janúar

Afgreiðslutími útibúa

| | |
|---|---|
| 2. janúar | 13 - 16 |

Ráðgjafa- og þjónustuver 410 4000

| | |
|---|---|
| 2. janúar | 13 - 16 |
| 3. janúar (laugardagur) | 11 - 16 |

Starfsfólk Landsbankans óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum nær og fjær gleðilegs nýs árs og bjartrar framtíðar.

Landsbankinn


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Gæfuríkt komandi ár
2009
Starfsfólk ISAL í Straumsvík og Rio Tinto Alcan óska landsmönnum gleðilegs árs með kærum þökkum fyrir gifturíkt samstarf í fjóra áratugi.
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan
ISAL–STRAUMSVÍK


FRÉTTABLAÐIÐ


FRÍTT
FRÉTTABLAÐIÐ
Gleðilegt nýtt ár!
Fréttablaðið óskar
lesendum sínum
og landsmönnum öllum
heilla á nýju ári
og þakkar samfylgdina
á árinu sem er að líða.

# Auðmenn í útrýmingarhættu

Útrásarvíkingarnir moldríku biðu skipbrot á árinu með tilheyrandi búsifjum fyrir íslenskt þjóðarbú. Um leið þykjast sumir heyra dauðahryglur efnishyggjunnar. *Hugleikur Dagsson* fjallar um íslensku auðmennina sem eru ef til vill alveg að verða útdauðir.






**Hugleikur Dagsson** er höfundur leikritanna Forðist okkur og Leg. Eftir hann liggur einnig fjöldi teiknimyndabóka með kolsvörtum húmor, sú nýjasta, Jarðið okkur, kom út fyrir jól.

**Innlendir vendipunktar 2008**

Fréttablaðið gerir nú upp árið með greinum um innlenda vendipunkta eftir málsmetandi Íslendinga. Vendipunktarnir snúast um markverðar fréttir á árinu, sem eiga það sammerkt að vera fréttir um eitthvað nýtt sem gerðist eða breytingar sem hafa áhrif til framtíðar.

# ... AÐ GETA Á NÝ



Hlutverk Össurar hefur frá upphafi snúist um að auka hreyfigetu fólks. Með stöðugu rannsóknar- og þróunarstarfi höfum við rutt nýjungum braut og opnað viðskiptavinum okkar leiðir til þess að geta á ný.

*Um 1600 starfsmenn Össurar í fjórum heimsálfum senda landsmönnum bestu óskir um gleðilega hátíð og farsæl komandi ár.*

ÖSSUR®

*Life Without Limitations®*



**GAS GAS GAS** Allt fór í hund og kött þegar vörubílstjórar mótmæltu háum olíuskatti og ýmsu öðru í apríl. Um myndina þarf ekki að hafa fleiri orð. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MÓTMÆLT** Hópur fólks lét í ljós andúð sína á meðferð yfirvalda á máli Paul Ramses sem vísað var úr landi á árinu. Eftir nokkurra vikna dvöl í flóttamannabúðum á Ítalíu fékk hann að snúa aftur til landsins. Sonurinn Fidel Smári og eiginkonan Rosemary fylgdust með.

# Nokkur einstök augnablik

**Margs er að minnast á árinu 2008 þótt flest falli það í skugga efnahagshrunsins mikla og afleiðinga þess. Eitt mesta fréttaár í manna minnum er að baki en enginn veit hvað nýtt ár mun bera í skauti sér.**

Myndir segja meira en mörg orð og dæmin hér á opnunni eru til marks um það. Myndirnar veita, hver með sínum hætti, svolitla innsýn í það sem gerðist á árinu. Brúnaþungir karlar í jakkafötum, glöð þjóð að taka á móti íþróttahetjum, barn sem saknar föður síns og menn á flótta undan ísbirni eru aðeins brot af öllu því sem ljósmyndarar Fréttablaðsins sáu í gegnum linsurnar sínar.



**VELFERÐ OG ÖRYGGI** var yfirskrift málefnasamningsins sem sjálfstæðismenn og Ólafur F. Magnússon gerðu í janúarlok. Hvað sem líður velferðinni var öryggið ekki mikið. Meirihlutinn starfaði í sjö mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UPPHAFIÐ AÐ ENDALOKUNUM** Lárus Welding og Davíð Oddsson greindu frá yfirtöku ríkisins á bróðurparti hlutafjár í Glitni að morgni síðasta mánudagsins í september. Viku síðar voru allir viðskiptabankarnir komnir á opinbert forræði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





**MEISTARA MINNST** Vinir Bobbys Fischer efndu til kyrrðarstundar við gröf hans í mars. Fischer lést í janúar og var jarðsunginn í Laugardælakirkjugarði. Meðal þeirra sem voru við kyrrðarstundina voru stórmeistararnir Boris Spasskí, Vlastimil Hort og Friðrik Ólafsson. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




**SILFURHAFARNIR** Landsmenn fylltu stræti miðborgarinnar og hylltu handboltalandsliðið við heimkomuna frá Peking. Silfur á Ólympíuleikum er stórkostlegt afrek. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**Á FLÓTTA** Það er sjaldgæft að taka þurfi til fótanna undan hvítabjörnum á Íslandi. Laganna verðir og skyttur máttu þó spretta úr spori undan einum slíkum á Þverárfjalli í Skagafirði í byrjun júní. Fáum dögum síðar fannst annar björn á svipuðum slóðum. Sumir segja að þriðji björninn hafi tekið hér land. Sé sú raunin er hann enn ófundinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL FRIÐRIKSSON





**SKJÁLFTINN MIKLI** Jörðin skalf af ógnarkrafti í lok maí, meðal annars með þeim afleiðingum að allt fór á rú og stú í vínbúðinni í Hveragerði. Gríðarlegt eignatjón varð víða á Suðurlandi en meiðsli á fólki aðeins smávægileg.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÚTGANGAN** Guðni Ágústsson hætti í pólitíkinni um miðjan nóvember. Fáum dögum áður mátti hann beygja sig undir samanlæsta arma mótmælenda við þinghúsið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



# Nýliðar frá Brooklyn báru af

Fréttablaðið fékk hóp sérfræðinga til að velja bestu erlendu plötur ársins 2008. Fyrsta plata **Brooklyn-sveitarinnar MGMT** þykir besta plata ársins. Niðurstöðurnar eru svipaðar og í uppgjörum alþjóðlegra tónlistarmiðla.

Fréttablaðið leitaði til valinna sérfræðinga til þess að ganga úr skugga um það hverjar eru bestu plötur ársins 2008. Átján manns skiluðu inn listum, gagnrýnendur, fjölmiðlafólk og nafntogaðir tónlistaráhugamenn. Platan sem er í efsta sæti á lista hvers og eins fær 5 stig, platan í öðru sæti 4 stig og þannig koll af kolli. Ef tvær plötur fá jafnmörg stig þá fær sú plata sem er með fleiri tilnefningar hærra sæti á heildarlistanum.

Niðurstöðurnar ættu ekki að koma á óvart og eru í takt við niðurstöður alþjóðlegra tónlistarmiðla. Plata ársins hjá NME er efst, plata ársins hjá Q er í öðru sæti, plata ársins hjá Rolling Stone í því þriðja og sú plata sem Pitchforkmedia-vefurinn setti efst á sinn lista er í fjórða sæti. Eins og oft áður er lítill munur á erlendu plötunum og töluvert fleiri plötur ná inn á einstaka lista heldur en í könnuninni yfir bestu íslensku plöturnar sem birtur var um síðustu helgi.

Sigur MGMT þarf ekki að koma á óvart. Hljómsveitin hefur fengið mikið lof tónlistarspekinga og hefur notið ótrúlegar hylli miðað við nýliða. MGMT hefur bókstaflega verið á allra vörum.



**1** MGMT **Oracular Spectacular** 22 STIG



**2** KINGS OF LEON **Only By The Night** 16 STIG



**3** TV ON THE RADIO **Dear Science** 15 STIG



**4** FLEET FOXES **Fleet Foxes** 14 STIG



**5** VAMPIRE WEEKEND **Vampire Weekend** 13 STIG



**6** PORTISHEAD **Third** 13 STIG



**7** NICK CAVE & THE BAD SEEDS **Dig, Lazarus, Dig!!!** 10 STIG



**8** BOB DYLAN **Tell Tale Signs** 9 STIG



**9-10** BON IVER **For Emma, Forever Ago** 8 STIG



**9-10** LADYTRON **Velocifero** 8 STIG

**BESTU PLÖTUR SÍÐUSTU ÁRA**

| | |
|---|---|
| **2007:** | Arcade Fire - Neon Bible |
| **2006:** | Bob Dylan – Modern Times |
| **2005:** | Sufjan Stevens – Illinois |
| **2004:** | The Streets – A Grand Don't Come For Free |
| **2003:** | The Mars Volta – De-Loused In The Comatorium og The White Stripes – Elephant |
| **2002:** | The Streets – Original Pirate Material |
| **2001:** | Daft Punk – Discovery |
| **2000:** | St. Germain – Tourist |
| **1999:** | Beck – Midnite Vultures |
| **1998:** | Massive Attack – Mezzanine |

## SÝRUROKK OG DANS Í FYRIRRÚMI

MGMT frá Brooklyn í New York á bestu erlendu plötu ársins að mati sérfræðinga Fréttablaðsins.

Sveitinni skaut upp á stjörnuhimininn á árinu með grípandi dansslögurum á borð við Electric Feel og Time To Predent. Muna vafalítið margir eftir því síðarnefnda úr þáttum Þorsteins Joð um EM í fótbolta í sumar.

MGMT var stofnuð af þeim Ben Goldwasser og Andrew VanWyngarden en sveitin hét reyndar upphaflega The Management. Undir því nafni gáfu þeir félagar út EP-plötuna We (Don´t) Care árið 2004 og síðan breiðskífuna Climbing to New Lows. Árið 2005 breyttu þeir nafninu í MGMT, sömdu við Cantora Records og gáfu í kjölfarið út EP-plötuna Time To Pretend. Vakti hún áhuga útgáfurisans Columbia Records sem var ekki lengi að skella útgáfusamningi á borðið.

Á síðasta ári hófust síðan upptökur á Oracular Spectacular og við stjórnvölinn var Dave Fridman sem hefur unnið með Flaming Lips og Mercury Rev. Útkoman var sambland af sýrukenndu indí-rokki og danstónlist með áhrifum frá áttunda áratugnum, sem virðist hafa hitt rækilega í mark um allan heim. Til marks um vinsældir MGMT á árinu var sveitin tíður gestur á stærstu tónlistarhátíðunum. Má þar nefna Glastonbury, Hróarskeldu, Reading-hátíðina, Coachella og Lollapalooza.



**MGMT** Andrew VanWyngarden og félagi hans, Ben Goldwasser í MGMT, eiga plötu ársins að mati sérfræðinga Fréttablaðsins.
NORDICPHOTOS/GETTY

Þess má geta að lesendur breska tímaritsins NME voru á sama máli og sérfræðingar Fréttablaðsins og völdu Oracular Spectacular bestu plötu ársins 2008.

### Anna Margrét Björnsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Clinic - Do It !
2. Ladytron - Velocifero
3. The Black Angels - Directions To See A Ghost
4. The Kills - Love Is A Deserter
5. The Brian Jonestown Massacre - My Bloody Underground

### Árni Þór Jónsson
**ZÝRÐUR RJÓMI**



1. Wolf Parade - At Mount Zoomer
2. Plants And Animals - Parc Avenue
3. The Walkmen - You And Me
4. Cut Copy - In Ghost Colours
5. Ra Ra Riot - The Rhumb Line

### Bobby Breiðholt
**BREIDHOLT.BLOGSPOT.COM**



1. MGMT - Oracular Spectacular
2. Hercules And Love Affair - Hercules And Love Affair
3. Black Mountain - In The Future
4. PNAU - PNAU
5. Lykke Li - Youth Novels

### Dr. Gunni
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. MGMT - Oracular Spectacular
2. Portishead - Third
3. TV On The Radio – Dear Science
4. Vampire Weekend - Vampire Weekend
5. Black Keys – Attack & Release

### Egill Harðarson
**EGILLHARDAR.COM**



1. Fleet Foxes - Fleet Foxes
2. Vampire Weekend - Vampire Weekend
3. Cloud Cult - Feel Good Ghosts (Tea-Partying Through Tornadoes)
4. Neon Neon - Stainless Style
5. The Last Shadow Puppets - The Age Of The Understatement

### Freyr Bjarnason
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Kings Of Leon - Only By The Night
2. Hot Chip - Made In The Dark
3. TV On The Radio - Dear Science
4. Beck - Modern Guilt
5. Death Cab For Cutie - Narrow Stairs

### Frosti Logason
**XIÐ 977**



1. MGMT - Oracular Spectacular
2. Bohren & Der Club Of Gore - Dolores
3. Scars On Broadway - Scars On Broadway
4. Meshuggah - Obzen
5. Kings Of Leon - Only By The Night

### Halla Steinunn Stefánsdóttir
**RÁS 1/HLAUPANÓTAN**



1.-3. Freiburger Barockorchester - Mozart, The Last Concertos
Akademie für Alte Musik Berlin/Giovanni Benedetto Platti - Concerti Grossi
Les Musiciens du Louvre Grenoble - Bizet
4. Les Muffati - Johann Christoph Pez
5. Academy Of Ancient Music - Händel Organ Concertos op.4

### Hildur Maral Hamíðsdóttir
**RJÓMINN**



1. Portishead - Third
2. The Mars Volta – Bedlam in Goliath
3. Fleet Foxes – Fleet Foxes
4. M83 – Saturdays=Youth
5. Vampire Weekend – Vampire Weekend

### Höskuldur Daði Magnússon
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Johnny Flynn & The Sussex Wit - A Larum
2. TV On The Radio - Dear Science
3. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
4. Okkervil River - The Stand Ins
5. Fleet Foxes - Fleet Foxes

### Jens Kr. Guð



1. Týr - Land
2. Nick Cave & The Bad Seeds – Dig, Lazarus, Dig!!!
3. Boys In A Band - Black Diamond Train
4. Paul Weller - 22 Dreams
5. Kings Of Leon - Only By The Night

### Kjartan Guðmundsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. MGMT - Oracular Spectacular
2. Ladytron - Velocifero
3. Vampire Weekend - Vampire Weekend
4. Elbow - The Seldom Seen Kid
5. Duffy - Rockferry

### Klemens Ó. Þrastarson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Bob Dylan - Tell Tale Signs
2. Lee Scratch Perry - Scratch Came, Scratch Saw, Scratch Conquered
3. Fireman - Electric Arguments
4. Vicente Fernández - Para Siempre
5. Thomas Dutronc - Comme un manouche sans guitare

### Ólafur Páll Gunnarsson
**RÁS 2**



1. Fleet Foxes - Fleet Foxes
2. Bob Dylan - Tell Tale Signs
3. Kings Of Leon - Only By The Night
4. Coldplay - Viva la vida …
5. Glasvegas - Glasvegas

### Ragnhildur Magnúsdóttir
**BYLGJAN**



1. Kings of Leon - Only By The Night
2. Portishead - Third
3. Lil' Wayne - The Carter III
4. Duffy - Rockferry
5. Coldplay - Viva La Vida …

### Steinþór Helgi Arnsteinsson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. Bon Iver - For Emma, Forever Ago
2. Cut Copy - In Ghost Colours
3. Vampire Weekend - Vampire Weekend
4. Lykke Li - Youth Novels
5. Shearwater – Rook

### Sveinn Birkir Björnsson
**GRAPEVINE**



1. The Gaslight Anthem - '59 Sound
2. The Hold Steady - Stay Positive
3. Cancer Bats - Hail Destoyer
4. Nick Cave & The Bad Seeds – Dig, Lazarus, Dig!!!
5. Kings Of Leon - Only By The Night

### Trausti Júlíusson
**FRÉTTABLAÐIÐ**



1. TV On The Radio - Dear Science
2. Nick Cave & The Bad Seeds - Dig, Lazarus, Dig!!!
3. The Bug - London Zoo
4. MGMT - Oracular Spectacular
5. Erykah Badu - New Amerykah:Part One

N1

# Stöndum vörð um Ísland á nýju ári

Starfsfólk N1 um allt land er mjög stolt af því að fyrirtækið sé einn helsti styrktaraðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. N1 og Landsbjörg eiga það sameiginlegt að standa vaktina á meira en 100 stöðum, í þéttum hring kringum landið.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

N1 þakkar viðskiptavinum sínum til sjávar og sveita kærlega fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Um leið viljum við þakka liðsmönnum í Landsbjörgu sérstaklega fyrir fórnfýsi og óeigingjarnt starf í þágu þjóðarinnar. Gleðilegt nýtt ár!

**Meira íslenskt í leiðinni**




Fíton/SÍA F100000

## Árið í grófum dráttum

FRAMHALD Á SÍÐU 26









# Spottið 2008

**Gunnar Karlsson** teiknari birtir vikulega myndir í Fréttablaðið þar sem hann dregur upp mynd af þjóðfélagsumræðunni eins og honum einum er lagið. Fréttablaðið fer yfir árið í stórum dráttum og birtir úrval af teikningum Gunnars sem birtust á síðum blaðsins í ár.
























Hátíðarhöld eru ein leið okkar mannanna til þess að gera okkur dagamun. Á jólum viljum við gleðja vini og ættingja með gjöfum og velgjörðum. Um áramót er hins vegar tími til að staldra við, þakka fyrir liðinn tíma og horfa fram á veginn. En alltaf gleðjumst við á slíkum tímamótum yfir lífinu og hefjum á stall þau gildi sem við teljum dýrmætust hverju sinni. Og táknin um þessi gildi eru alls staðar í kringum okkur.

Það er örugglega engin tilviljun að á jólum notum við tréð, eitt af táknunum um lífið, til þess að birta þessa gleði, einlæga trú okkar og von um bjarta tíma. Á tréð setjum við það sem kalla mætti brum vetrarins; ljósin og skrautið. Jólatréð hefur síðan sjálfstæða tilvist á heimilinu. Það er hinn jarðneski miðdepill sem sameinast svo töfrum líkist jólabarninu í hjarta okkar.

En við munum aldrei koma höndum yfir helgustu skrín jólanna. Þau búa í hjartanu og sálinni og birtast í þeirri alúð sem við leggjum til okkar sjálfra og fólksins í kringum okkur, í heimilin og vinnustaðina. Þar eru fölskvalaust brosið og innileg óskin um gleðilega hátíð sú besta gjöf sem við getum nokkurn tímann fært hvert öðru. Þakklætið fyrir það sem liðið er og vonin um bjarta framtíð.

Við færum landsmönnum öllum óskir okkar um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár með þökk fyrir það liðna.

Starfsfólk Fjarðarkaupa

FK
FJARÐARKAUP
einstök

## Árið í grófum dráttum



































**ÞRJÚ SÖFN** verða höfð opin á nýársdag, það er Landnámssýningin í Aðalstræti, Þjóðmenningarhúsið við Hverfisgötu og Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús við Tryggvagötu. Menningarþyrstir gestir Reykjavíkur eða íbúar geta því valið á milli sögulegrar arfleifðar og samtímalistar. Sjá www.visitreykjavik.is.



FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Hugaðu að heilsunni á nýju ári
Ný námskeið hefjast 5. og 6. janúar
Rope yoga Eiðistorgi
Skráning hafin
Verð 9.900,-
Leitið upplýsinga í síma 895 9016 eða so@hive.is
ROPE YOGA WORKOUT

Besta hátíðarbragðið
Reykti laxinn frá Opal Seafood er í þægilegum og fallegum sneiðum, tilbúinn á hátíðarborðið.
Allur lax frá Opal Seafood er bein- og roðlaus, unninn úr fersku hráefni.
Láttu bragðið og verðið koma þér skemmtilega á óvart.



OpalSeafood
www.opal.is

Krakkajól
Jólalög
Jólasögur
Jólamatur
Jólafréttir
jol.is



Það er yndislegt að standa uppi á Esjunni þegar nýtt ár gengur í garð en flugeldarnir njóta sín ekki úr þeirri hæð að sögn Ingólfs Guðlaugssonar, framkvæmdastjóra Sea Safari, sem talar af reynslu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Grindavík sem rósavöndur

**Rómantískt er að standa með ástinni sinni á brúnum Esjunnar í glampandi tunglsljósi á áramótum. Ingólfur Guðlaugsson, framkvæmdastjóri hefur prófað það. Sólirnar yfir Grindavík vöktu mesta lukku.**

„Það var fullt tungl og heiðríkja og við höfðum því góða birtu alla leið. Gengum í snjó að hluta til og vorum svona hátt í tvo tíma á leiðinni af Kjalarnesinu upp á Kerhólakambinn.“

Þannig lýsir Ingólfur ferð sinni á Esjuna á gamlárskvöldi fyrir nokkrum árum í fylgd unnustunnar og núverandi eiginkonu, Rannveigar Pétursdóttur. „Við vorum bara með ástina,“ segir hann hlæjandi þegar hann er spurður um nesti. „Okkur var boðið í mat þetta kvöld svo við vorum vel haldin. En klukkan hálfníu sagði ég: Við höfum ekki meiri tíma til að dvelja hér. Upp úr því drifum við okkur af stað. Það passaði. Við vorum komin upp þegar klukkuna vantaði tíu mínútur í tólf.“

Aðdragandann að Esjugöngunni segir Ingólfur hafa verið þann að kvöldið áður hafi hann farið upp í Heiðmörk um hálftíu um kvöldið til að ganga þar um á gönguskíðum. „Mér finnst svo gaman að losna stundum við ljósmengun þéttbýlisins og njóta þess sem náttúran býður upp á í staðinn. Þetta kvöld tók ég eftir því hvað Esjan lýstist öll upp í tunglsljósinu. Þá var sú ákvörðun tekin að nú væri akkúrat birtan til að ganga á hana.“

Inntur eftir upplifuninni af því að standa á Kerhólakambi á áramótum svarar hann: „Það var yndislegt. Við höfðum mikið víðsýni vestur yfir Borgarfjörð og um allt Reykjanesið en flugeldarnir nutu sín ekki úr þessari hæð. Við vorum komin svo hátt að þeir ljómuðu ekki yfir okkur heldur litum við niður á þá sem strik sem enduðu í ákveðinni hæð. Kannski mætti líkja því við að horfa niður á ljósateppi. Það sem var þó sérkennilegast og vakti mesta gleði hjá okkur var útsýnið til Grindavíkur. Við sáum ljósin þar blika í skarði milli fjallanna og ótal rauðar sólir stíga þaðan til lofts. Þetta var eins og skær rósavöndur í fjarska.“

Ekki kveðst Ingólfur hafa endurtekið þann leik að ganga á Esjuna á gamlárskvöld en telur víst að einhverjir iðki það þegar vel viðri. „Við heyrðum í fólki á Þverfellshorninu þar sem við stóðum og er þó langt á milli. En svona var lognið,“ lýsir hann.

Úlfarsfell, Kjalarnes og fleiri útsýnisstaðir í grenndinni hafa orðið fyrir valinu hjá Ingólfi og frúnni á síðustu gamlárskvöldum. „Við reynum að koma okkur einhvers staðar vel fyrir og njóta ljósadýrðarinnar,“ segir hann brosandi. *gun@frettabladid.is*

Stórglæsileg sérblöð,
**Skólar og námskeið og Heilsa og lífsstíll**
fylgja Fréttablaðinu í janúar.
**Auglýsendur vinsamlegast hafi samband:**
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða eða benediktj@365.is
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft – alla daga



6. janúar



8. janúar

**PARTÍHATTAR** lífga upp á áramótapartíið. Hattarnir eru alveg tilvaldir til þess að draga úr stífleika í áramótaveislum landsmanna, því það er nær ómögulegt að taka sjálfan sig hátíðlega þegar maður skartar fjólubláum og keilulaga glanshatti á höfðinu.





# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Áramót á torgi tímans

**Áramótagleðin á Times-torgi er ein sú mesta í heiminum.**

Mikill mannfjöldi safnast saman á Times-torgi í New York á áramótunum og skemmtir sér og syngur. Eina mínútu fyrir miðnætti byrjar stærðar hnöttur úr Waterford-kristal, sem vegur nánast hálft tonn, að síga niður stöng á toppi byggingarinnar One Times Square. Staðnæmist kristalskúlan á miðnætti við mikinn fögnuð nærstaddra. Þessum atburði er sjónvarpað um allan heim og er fyrirmynd sams konar hefða víða um Bandaríkin.

Kúlan var til sýnis í verslun Macy‘s á Herald Square í nóvember. Kúlan er búin til úr 672 kristalsþríhyrningum og þemað er „Let there be light“ eða Verði ljós. *- sg*



Waterford-kristalskúlan sem hringir inn nýja árið í New York var til sýnis í verslun Macy‘s í borginni. NORDICPHOTOS/GETTY



Vinsældir sjósunds hafa aukist mikið í haust. Búist er við fjölmenni í nýárssundið á morgun. MYND/ÁRNI JÓNSSON

# Nýju ári fagnað í sjó

**Sjósund er orðin vinsæl íþrótt. Á morgun ætlar hópur fólks að fagna nýju ári í Nauthólsvík og er búist við að hátt í 80 manns taki sundsprett.**

Haft verður opið á Ylströndinni í Nauthólsvík á nýársdag milli klukkan 11 og 13, annað árið í röð. Árni Jónsson, deildarstjóri í útivistarmiðstöð Nauthólsvíkur, býst við góðri mætingu. Hann telur líklegt að nýárssundið, sem á sér áralanga hefð, verði það fjölmennasta í ár frá upphafi.

„Ég á von á 60 til 80 manns í sjóinn á morgun en sá hópur sem hefur verið að stunda sjósund hefur stækkað mikið á undanförnum mánuðum,“ segir Árni. Í kringum 30 manns syntu að staðaldri í sjónum í hverri viku í fyrra en sá fjöldi hefur margfaldast í haust.

„Nú koma að lágmarki 50 manns á mánudögum og 130 manns á miðvikudögum en þá erum við með opið bæði í hádeginu og á kvöldin. Sjórinn er um 2 til 3 gráður núna og fór einu sinni í mínus 1,7 í fyrra, þá var ansi kalt. Við brýnum fyrir byrjendum að fara mjög varlega. Fara ekki langt út og vera ekki lengi í sjónum í einu.“

Ástæðuna fyrir þessari fjölgun sjósundgarpa segir Árni geta verið tíðarandann. Fólk leiti í það sem kostar ekkert. „Hér er opið í búningsklefana og í pottinn og ekki rukkað fyrir. Sjósundið er jafnvel orðið fjölskyldusport. Fólk kemur með krakkana, sem eru þá í heita pottinum meðan foreldrarnir og afar og ömmur fara í sjóinn.“

*- rat*





Getur þú hugsað þér **jólin án rafmagns?**

Brátt fer daginn að lengja á ný og við fögnum birtunni sem fylgir hækkandi sól. Við hjá RARIK viljum þakka ykkur fyrir viðskiptin á árinu sem nú er senn liðið og sendum bestu óskir um gleðileg jól og heillarríkt komandi ár

RARIK

**Breiðholt**
Góð 2ja (-3ja) herb, íbúð til leigu, með eða án húsg. Svalir, merkt bílastæði, vélaþvottahús, stutt í strætó. Uppl. í s. 772 2503, og fridadg@internet.is

3. herb. 88fm. íbúð í 109. Til leigu. Reyklaus, útsýni. Laus strax! Uppl. í s. 553-0690 & 865-3411.

**2 LAUSAR Íbúðir í HFJ.**
1. 3herb. 100fm við Sléttahraun. V. 125þ. 1. 3herb. 70fm við Sævang. V. 95þ. S. 891 6768.

Glæsileg 3ja herbergja íbúð í Vatnsendanum ásamt stæði í bílageymslu, húsgögn geta fylgt með. Laus frá 5.jan, 866-5159

Herbergi til leigu fyrir reglusamt námsfólk á Tunguveginum svæði 108 Rvík, Verð 30 og 40 þús. á herbergi. Sameiginlegt eldhús, 2 baðherb. og stofa. áhugasamir sendið á olma@visir.is

Til leigu björt og góð 87 fm, 3.herb. íbúð í Kópav. Góðar svalir. sam.þvottah á hæð. Sér geymsla í kj. Leiga 112.000 + trygging. Laus strax. S. 864 4852.

Herb. til leigu á sv. 110. Internet. Sameignl. þvottah. & bað. S. 867 0952.

Góð 2ja herb. íbúð nálægt HÍ. Uppl. í s. 868 0990.

2 herb. íbúð á svæði 101, með húsgögnum. Uppl. í 868 0990.

Herbergi, með sérinngangi og húsgögnum við Bergstaðastræti. Bað, eldunaraðstaða, þvottavél. S. 868 0990.

Sv. 101. 2ja herb íbúð í kjallara í góðu húsi, stæði í bílageymsluh. Reglusemi áskilin. S. 868 0990.

Einbýlishús til leigu á góðum stað í Hf 147m2. Leiga 140þús á mán. S:8650046

Glæsilegt 3 herbergja 155 fm. endaraðhús í Hveragerði til leigu. Húsið er nýlegt,allt hið glæsilegasta og á rólegum og þægilegum stað í bænum. Upplýsingar í síma 6930808

## Húsnæði óskast

Óska eftir húsnæði sem fyrst í Sjálands eða Ásahverfi í Garðabæ . Upplýsingar í síma 661-2400

Stúdíóíb./herb. með öllu óskast helst í nágrenni Borgarspítalans, en ekki skilyrði. S. 893 2360.

## Geymsluhúsnæði

Geymsla fyrir bíla, fellihýsi, hjólhýsi og tjaldvagna. Austan Selfoss. Uppl. í s. 897 1731 Ásgeir

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

## Bílskúr

Bílskúr til leigu í Hf 50m2 m/3ja fasa töflu. 45þús + hiti og rafm. S:8650046

## Gisting

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Smíðavinna í Noregi**
**Smiðir óskast til samstarfsverkefna í og við Osló til lengri eða skemmri tíma með fyrirtæki í eigu undirritaðs sem þar hefur verið starfandi sl. 13 ár. Áhugasamir hafi samband : E-mail post@futureglass.no - Birgir Ólafsson.**

meiraprófsbílstjóri óskast til að keyra á nýársnótt. Fín launakjör. Uppl. í s. 858 5810.

Starfsfólk vantar á Kaffi Zimsen í sal og bar. Fullt starf, kvöld og helgarvinna. Uppl. í s. 772 0388 og á Kaffi Zimsen Hafnarstræti 18

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Símaþjónusta Spjalldömur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.**

**Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Takk fyrir vatnið**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Tilkynningar

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Framlengdur umsóknarfrestur um embætti sérstaks saksóknara

Hér með er framlengdur áður auglýstur umsóknarfrestur um embætti sérstaks saksóknara, sem veitir forstöðu rannsóknar- og saksóknarembætti skv. lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið frá og með 1. febrúar 2009 eða svo fljótt sem verða má.

Skulu umsækjendur fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara, að því undanskildu að heimilt er að skipa einstakling eldri en 70 ára. Dómara skal veitt leyfi frá störfum, verði hann skipaður.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til hins sérstaka saksóknara, og fellur skipun hans niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. ákvæði laga um embætti sérstaks saksóknara.

Vakin skal athygli á því að sú skylda hvílir á hinum sérstaka saksóknara að birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir hans við þau, svo og starfsleg tengsl hans, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn embættisins beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi hins sérstaka saksóknara. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 12. janúar 2009. Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri í síma 545 9000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,
30. desember 2008.

## Tilkynningar

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum farsældar á nýju ári. Þökkum viðskiptin á liðnum árum.*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*

EIGNAMIÐLUN
sala fasteigna í 50 ár
Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is
Þverholti 2 · S. 586-8080 · www.fastmos.is



**Við komum pakkanum þínum til skila**

Þarftu að láta sækja og senda til fyrirtækja eða einstaklinga?

Láttu Pósthúsið sjá um að koma pakkanum þínum til skila og sparaðu fyrirtækinu þínu tíma, fé og fyrirhöfn.

Nánari upplýsingar gefa sölufulltrúar í síma 585 8330

Pósthúsið | Suðurhrauni 1 | Garðabæ | posthusid.is
Pósthúsið
Ódýrari valkostur

## Tilkynningar

### Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstum tillögum að deiliskipulagi.

**Skipulags- og umhverfissvið**

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Lundur 5, breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 11. nóvember 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Lund 5. Athugasemdir bárust og hefur þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins, sjá B- deild Stjórnartíðinda þann 22. desember 2008.

**Vatnsendi - Dimmuhverfi, Brekkuhvarf 1-3, breytt deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogsbæjar samþykkt þann 28. október 2008 tillögu að breyttu deiliskipulagi við Brekkuhvarf 1-3. Athugasemdir bárust og hefur þeim aðilum sem sendu inn athugasemdir verið send umsögn skipulagsnefndar. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 26 . gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins, sjá B- deild Stjórnartíðinda þann 6. janúar 2009.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og afgreiðslur þeirra er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:30 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00.

Smári Smárason
Skipulagsstjóri Kópavogs.




# Óskum landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs.
# Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Starfsfólk og stofnendur Bónus.

## Opið í dag frá kl 09.00-14.00

BÓNUS BÝÐUR BETUR







## Myndagáta Fréttablaðsins

Í myndagátu Fréttablaðsins er ekki gerður greinarmunur á i og y og ekki á grönnum og breiðum sérhljóða frekar en vani er í slíkum gátum. Lausnum skal skilað í afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík eða á netfangið krossgata@frettabladid.is. Dregið verður úr réttum lausnum og hljóta þrír getspakir þátttakendur gjafakort fyrir tvo í Þjóðleikhúsið. Skilafrestur er til 15. janúar.


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN
Íslenskt kjöt
Gott verð í Bónus
1398
ÍSLANDS GRÍS
ÍSLANDSGRÍS HUNANGSKRYDDLEGNAR GRÍSALUNDIR
30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
ÍSLANDS LAMB
1798
ÍSLANDSLAMB BLANDAÐAR LÆRISNEIÐAR KRYDDLEGNAR
10% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
FERSKAR KJÖTVÖRUR
30% AFSLÁTTUR
ÍSLANDS NAUT
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA ROAST BEEF
2098 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR./KG.
OPIÐ Í DAG
AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS GAMLAÁRSDAG 31. DESEMBER
09.00-14.00
3598
ÍSLANDS NAUT
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA LUNDIR
10% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 3998 KR./KG.
ÍSLANDS NAUT
30% AFSLÁTTUR
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA FILE
2098 kr./kg. MERKT VERÐ 2998 KR./KG.
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI MIÐVIKUDAGINN 31.DES. 09:00-14:00

# Afgreiðslutímar um áramót

Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn. Aðalsímanúmer er 543 1000. Beint innval á bráðamóttöku við Hringbraut er 543 2050 og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er 543 2000.

## LÆKNAVAKT

**Smáratorgi**
Vitjanasíminn 1770 er opinn allan sólarhringinn.
Læknavaktin er opin á gamlársdag frá klukkan 9 til 18 og aftur frá klukkan 20.30 til 23.30.
Á nýársdag er opið frá 9 til 23.30.

## NEYÐARLÍNAN

Neyðarlínan er opin allan sólarhringinn í númeri 112 og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

## RAUÐI KROSSINN

1717 er sími Vinalínunnar og Rauða krossins og er svarað í því númeri hvenær sólarhrings sem er yfir hátíðirnar.

## STÍGAMÓT

Stígamót eru lokuð yfir áramótin. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

## SÁÁ

Skrifstofur SÁÁ og Bráðamóttakan á Vogi verða lokaðar á gamlárs- og nýársdag. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

Göngudeild SÁÁ í VON, Efstaleiti 7 í Reykjavík:
Opið í dag, gamlársdag, frá 9 til 12. Nýársdag lokað.

## TANNLÆKNAÞJÓNUSTA

Á gamlársdag: Torfi S. Stefánsson, Spönginni 33, sími 577-1666.
Á nýársdag: Vilhelm Ólafsson, Grensásvegi 44, sími 568-6695.

## KVENNAATHVARFIÐ

Kvennaathvarfið er opið allan sólarhringinn á gamlárs- og nýársdag. Síminn er 561 1205.

## APÓTEK

**Lyf og heilsa**
Gamlársdag: Opið til kl. 12 nema hjá Lyfjum & heilsu, Kringlunni til kl. 13 og Lyfjum & heilsu, Austurveri til kl. 16.
Öll apótek Lyfja og heilsu eru lokuð á nýársdag.

**Lyfja**
Afgreiðslustaðir Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi verða opnir í dag, gamlársdag, frá 8 til 18 og á morgun, nýársdag, frá 8 til 24.

**Lyfjaval**
Þönglabakka verður opið í dag, gamlársdag, frá 10 til 12.30 og lokað á morgun, nýársdag.

**Bílaapótekið**
Bílaapótekið Hæðasmára 4 verður opið í dag, gamlársdag, frá 10 til 14 og lokað á morgun, nýársdag.

**Árbæjarapótek**
Árbæjarapótek verður opið frá 9 til 12 á gamlársdag og lokað á nýársdag.

## STÓRMARKAÐIR

**10-11**
Opið til klukkan 18 í dag, gamlársdag. Opnað klukkan 12 á morgun, nýársdag, nema í Lágmúla, Austurstræti, Akureyri (miðbæ) og Keflavík verður opnað klukkan 00.30 á nýársnótt.



**11-11**
Opið til klukkan 17 á gamlársdag. Lokað á nýársdag.

**Bónus**
Opið frá 10 til 14 í dag, gamlársdag.

Lokað á nýársdag.

**Krónan**
Opið í dag, gamlársdag, frá 9 til 14.

Lokað á nýársdag.

**Nóatún**
Opið í dag, gamlársdag, frá 10 til 14. Lokað á morgun, nýársdag.

**Hagkaup Skeifunni**
Opið í dag, gamlársdag, til kl. 18. Opnað á morgun, nýársdag, kl. 11.

## SAMGÖNGUR

**Strætó bs.**

Gamlársdagur:
Ekið á öllum leiðum samkvæmt áætlun laugardaga en akstri lýkur um það bil klukkan 14.

Nýársdagur:
Enginn akstur.





Idol
IDOL STJÖRNULEIT
ÁHEYRNARPRUFUR FARA FRAM 10. JANÚAR
Þann 10. janúar fara fram á Hótel Hilton Reykjavík Nordica áheyrnarprufur fyrir Idol Stjörnuleit 2009 - aðeins þennan eina dag! Þátttakendur skulu vera orðnir 16 ára gamlir og ekki eldri en 28 ára.
Vinningshafi í Idol Stjörnuleit öðlast ekki aðeins frægð og frama heldur fær hann einnig að launum 2 milljónir króna.
Idol Stjörnuleit hefst á Stöð 2 föstudaginn 13. febrúar.
SKRÁÐU ÞIG NÚNA Á VISIR.IS
2
skemmtilegri

DONNA SUMMER ER SEXTUG Í DAG.

*„Guð varð að skapa diskótónlist til að ég gæti fæðst og notið velgengni.“*

***Söngkonan og diskódrottningin Donna Summer fagnar sextugsafmæli í dag.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 31. DESEMBER 1914

## *Ölið teygað áður en bann skall á*

Á gamlárskvöld flýtur kampavín í glösum og margir nota kvöldið sem átyllu til að lyfta sér aðeins upp. Þetta kvöld árið 1914 var gleðskapur með mesta móti í Reykjavík enda vildu menn grípa síðasta tækifærið til að súpa guðaveigarnar á löglegan hátt áður en bann við áfengissölu skylli á um miðnætti.



Efnt var til þjóðaratkvæðagreiðslu um bannlög fyrir Ísland árið 1908 og fóru kosningarnar fram samhliða alþingiskosningunum í september. Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar varð sú að rúmlega þrír fimmtu, eða um sextíu prósent, vildu áfengisbann. Þess ber þó að geta að konur fengu ekki að kjósa enda fengu þær ekki kosningarétt fyrr en síðar. Lögin voru síðan samþykkt á Alþingi og átti aðflutningsbann að taka gildi 1. janúar 1912 en sölubann 1. janúar 1915.

Bannárin á Íslandi stóðu yfir í tuttugu ár. Reyndar var sala léttra vína leyfð aftur árið 1922 en áfengisbannið var síðan afnumið árið 1935. Bjór sem hafði verið leyfður fyrir 1915 var þó ekki leyfður aftur á Íslandi fyrr en árið 1989.

## MERKISATBURÐIR

**1791** Skólapiltar í Hólavallaskóla í Reykjavík halda áramótabrennu, þá fyrstu sem skráðar sögur fara af hér á landi.

**1879** Uppfinningamaðurinn Thomas Edison sýnir rafmagnsljós sitt í Menlogarði í New Jersey.

**1949** Gamlárskvöld í Reykjavík er það rólegasta í tugi ára. Það er þakkað því að brennur eru skipulagðar víða um borgina.

**1998** Ellefu Evrópulönd segja skilið við gamlan gjaldmiðil og taka upp evru.

**1999** Boris Jeltsin segir af sér sem forseti Rússlands og Putin tekur við.

**1999** Bandaríkin eftirláta Panama yfirráðin yfir Panama-skurði.

## 80 ára afmæli

**Magðalena Hallsdóttir og Guðlaugur Karlsson**

Skálahlíð, Siglufirði,

senda öllum ættingjum og vinum um land allt innilegar nýársóskir og hjartans þakkir fyrir gjafir og kveðjur í tilefni 80 ára afmæla okkar á árinu.

Guð blessi ykkur öll.
Madda og Gulli.



## 90 ára afmæli

**Hjörtur Einarsson,** fyrrum bóndi í Neðri-Hundadal, Dalasýslu, er 90 ára í dag, gamlársdag. Hann og Lilja Sveinsdóttir, kona hans, bjóða til kaffisamsætis laugardaginn 10. janúar nk. milli kl. 16.00-19.00 að félagsheimilinu Árbliki, Dalasýslu. Afmælisbarnið afþakkar afmælisgjafir.



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ásta Pálína Baldvinsdóttir**

Skarðshlíð 28a, Akureyri,

lést sunnudaginn 14. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við Friðriki Ingvarssyni og Sigmundi Sigfússyni, læknum á Fjórðungssjúkrahúsinu Akureyri, ásamt öðru starfsfólki sem kom að umönnun hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Anna Lára Þorsteinsdóttir** **Ragnar Björn Jósepsson**
**Margrét Jónína Þorsteinsdóttir**
**Þorsteinn Baldvin Þorsteinsson** **Soffía Þórunn Valdimarsdóttir**
**Ásta Laufey Egilsdóttir** **Sigurður Hallmann Egilsson**
**Þorsteinn Marinó,**
**Daníel Ágúst,**
**Snorri Ágúst,**
**Inga Valdís,**
**og langömmubörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Oddbjörg Sigurðardóttir**

Bræðraborgarstíg 5, Reykjavík,

sem lést á deild B-4 Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 20. desember, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni föstudaginn 2. janúar kl. 13.00.

**Halldór S. Aðalsteinsson**
**Guðmundur Kr. Aðalsteinsson** **María Eydís Jónsdóttir**
**Aðalsteinn R. Aðalsteinsson** **Bergrós Hilmarsdóttir**
**Sigdóra Jóna Aðalsteinsdóttir** **Jóhann Guðmundsson**
**Ingibjörg Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Kristín Pálína Aðalsteinsdóttir** **Reynir Baldursson**
**Halldór Guðjónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**VÍSIR AÐ BÁLKESTI** Jón Bergvinsson við sístækkandi bálköst á Ægisíðu sem hann mun kveikja í í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

JÓN BERGVINSSON: KVEIKIR Í BRENNU Í FIMMTÁNDA SINN

# Drengurinn blundar í manni

Áramótabrennur eiga fastan sess í áramótahaldi Íslendinga. Jón Bergvinsson, rekstrarfulltrúi hjá Reykjavíkurborg, veit það betur en flestir enda kveikir hann í kvöld í fimmtánda sinn í brennu í Reykjavík.

Byrjað var að safna í brennurnar mánudaginn 29. desember en almenningur og jafnvel verktakar gátu komið með timbur í bálköstinn. „Í dag má aðeins koma með hreint timbur,“ segir Jón og upplýsir að miklar breytingar hafi orðið á því síðustu ár hvað leyfilegt er að brenna. „Fyrst mátti koma með allt nema hjólbarða,“ segir Jón glettinn. Inntur eftir eftirminnilegum eldsmat í gegnum tíðina nefnir hann kassana utan af brennurunum sem fóru í álverið á Grundartanga. Einnig minnist hann þess að skip hafi verið brennt á einni brennunni.

Þótt Jón vilji ekki giska hvernig timburöflunin gangi í kreppunni er eitt víst að bálið mun brenna glatt á gamlársdag enda veðurspáin mun betri en hún var á sama tíma í fyrra. „Þá þurftum við að fresta áramótunum fram á næsta dag,“ minnist Jón, sem kveikir í brennunni á Ægisíðunni. Þótt það sé ein af stærri brennunum á höfuðborgarsvæðinu er hún ekki stærst. „Ég hugsa að sú á Geirsnefi sé stærst, eða í Gufunesi.“

Strangar reglur gilda um brennur og er samráð haft við slökkviliðið og eldvarnareftirlitið um íkveikjuna. Fundur er til að mynda haldinn á gamlársdegi til að ákvarða hvort kveikt verði í eða ekki og ræður veður þar miklu.

Nokkur viðhöfn er við íkveikju brennunnar en olíubíll sprautar olíu á allar brennurnar fyrir kvöldið svo logi glatt. „Svo notum við smá olíu í startið enda þarf mikinn hita til að kveikja í,“ segir Jón sem hlakkar til kvöldsins. „Drengurinn blundar alltaf í manni,“ bendir hann á og segist vera skotglaður um áramót.

„Ég hef mest gaman af litla dótinu,“ segir Jón sem vill hafa mikið að gera og kýs heldur að eiga mikið af smásprengjum frekar en fáar stórar bombur.

Hann tekur fram að ekki sé mælt með að fólk skjóti upp flugeldum á brennunni sjálfri og víki vel frá ef kveikt sé í tertum.

Jón stússast í brennunni fram yfir miðnætti og er því oft með seinni skipunum með að skjóta upp. Þótt mikið sé að gera fær hann þó að skreppa örstutt heim um kvöldmatarleytið til að skella í sig hátíðarmatnum áður en hann hugar aftur að brennunni.

Um þessi áramót verða tíu brennur í Reykjavík. Þar af eru sjö alfarið á vegum borgarinnar. Fjórar brennur verða vel stórar en þær eru við Ægisíðu, Geirsnef, í Gufunesi og við Rauðavatn sem Fylkir sér um.

Kveikt verður í borgarbrennunum klukkan 20.30 á gamlárskvöld.

solveig@frettabladid.is

# Fæðingum fjölgar á Ísafirði

Fæðingum á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði hefur fjölgað mjög í ár. Alls höfðu 72 börn fæðst 30. desember á þessu ári en á sama tíma í fyrra voru þau 47. Þetta er mesti fjöldi barna sem fæðst hefur á Ísafirði frá árinu 1998. Alls fæddust 52 börn í bænum árið 2006 og 53 árið 2005 en 61 árið þar á undan.

Frjósemin hefur einnig svifið yfir vötnum í Bolungarvík en fimmtán bolvískar konur fæddu börn sín þar í ár og því ljóst að frjósemisgyðjan brosir við Vestfirðingum í nú.

Sjá www.bb.is.



Ekki hafa jafnmörg börn fæðst á Ísafirði frá árinu 1998.

# Vígt verður í Dómkirkjunni



Prests- og djáknavígsla verður í Dómkirkjunni sunnudaginn 4. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Prests- og djáknavígsla verður í Dómkirkjunni sunnudaginn 4. janúar klukkan 14. Biskup Íslands vígir cand. theol. Ástu Ingibjörgu Pétursdóttur, sem skipuð hefur verið sóknarprestur í Bíldudals- og Táknafjarðarprestakalli, Vestfjarðarprófastsdæmi og Gunnar Einar Steingrímsson, sem kallaður hefur verið til djáknaþjónustu í Grafarvogsprestakalli, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra.

Vígsluvottar verða Séra Agnes Sigurðardóttir prófastur sem lýsir vígslunni, séra Sveinn Valgeirsson, séra Jakob Ágúst Hjálmarsson, séra Anna Sigríður Pálsdóttir, séra Vigfús Þór Árnason og Magnea Sverrisdóttir djákni.

Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur þjónar fyrir altari. Dómkórinn syngur undir stjórn Marteins H. Friðrikssonar dómorganista.

# Gáfu ágóðann

Karlakórinn Þrestir afhenti Barnaspítala Hringsins fyrir jól allan ágóða af tónleikaferð sinni um landið í september á þessu ári. Um leið sungu meðlimir Þrasta fyrir sjúklinga og starfsmenn.

Kórinn fór í tónleikaferð um landið helgina 26. til 28. september, þar sem sungið var á Hornafirði, Egilsstöðum, Mývatnssveit og Akureyri.

Tilefni fararinnar var 100 ára afmæli Hafnarfjarðarbæjar á þessu ári og einnig til að minnast þess að 100 ár eru liðin síðan Friðrik Bjarnason, stofnandi Þrasta, hóf störf sem stjórnandi og stofnandi drengja- og karlakóra í Hafnarfirði. Það starf og þeir kórar lögðu síðan grunn að stofnun Þrasta árið 1912, elsta karlakórs landsins.



Karlakórinn Þrestir var stofnaður 1912.

---

†



*Hugheilar þakkir færum við öllum þeim sem sýnt hafa hlýhug og samúð við andlát og útför okkar ástkæru*

**Elínar Steinunnar Árnadóttur**

Skeiðarvogi 149,
síðast hjúkrunarheimilinu Sóltúni.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir einstaka umönnun og vináttu.

| | |
|---|---|
| **Magnús Jónasson** | **Sigurbjörg Sigurðardóttir** |
| **Guðrún Jónasdóttir** | |
| **Halldór Jónasson** | **Sólrún Ó. Siguroddsdóttir** |
| **Hallfríður Jónasdóttir** | **Þórður Björnsson** |
| **Árdís Jónasdóttir** | **Hjörtur Sandholt** |

**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir ástvinir.**

---

†



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Pétur Grímsson**

málmsteypumeistari,
Heiðargerði 70, Reykjavík,

lést 21. desember.

| | |
|---|---|
| **Grímur Pétursson** | |
| **Þórunn Pétursdóttir** | **Ketill Ágústsson** |
| **Helgi Pétursson** | **Dóra Hilmarsdóttir** |
| **Sumarlína Pétursdóttir** | **Halldór Hauksson** |
| **Jón Pétursson** | **Guðrún Inga Haraldsdóttir** |
| **Tinna Pétursdóttir** | **Skúli Þór Magnússon** |

**afa- og langafabörn.**

---

†



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristbjörg Guðmundsdóttir Thomsen**

lést á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt 25. desember sl. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 11.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðrún Björk Guðmundsdóttir**
**Helga Thomsen**
**Birgir Thomsen**
**og fjölskyldur.**

---

†



*Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, bróður, mágs, afa og langafa,*

**Stefáns Ágústssonar**

Lautasmára 1, Kópavogi.

Guð gefi ykkur gleðilegt nýtt ár.

| | |
|---|---|
| **Lilja Bjarnadóttir** | |
| **Ágúst Stefánsson** | **Chularak Stefansson** |
| **Guðrún Stefánsdóttir** | **Bergþór Þormóðsson** |
| **Sigrún Anna Stefánsdóttir** | **Vigfús Halldórsson** |
| **Bjarni Vilhelm Stefánsson** | **Íris Pálsdóttir** |
| **Sigurborg Kristín Stefánsdóttir** | **Helgi Sverrisson** |
| **Pálmi Ágústsson** | **Guðlaug Jónsdóttir** |

**afabörn og langafabörn.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir og mágur,*

**Lúðvík Friðriksson**

Sóleyjarrima 19,

lést að morgni mánudagsins 29. desember.
Útför fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**Áshildur Þorsteinsdóttir**
**Kristín Guðrún Lúðvíksdóttir**
**Anna Sigga Lúðvíksdóttir**
**Þorsteinn Lúðvíksson, Marta Silfá Birgisdóttir,**
**Friðrik Ólafsson, Kristín Lúðvíksdóttir,**
**systkin, mágar og mágkonur.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Haukur Steinar Bjarnason**

Framnesvegi 15, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, þriðjudaginn 23. desember. Jarðarförin fer fram frá Keflavíkurkirkju þriðjudaginn 6. janúar kl. 14.00.

**Erla Lára Guðmundsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Helga Hauksdóttir** | |
| **Bára Hauksdóttir** | **Ævar Þór Sigurvinsson** |
| **Bjarni Steinar Hauksson** | |
| **Haukur Hauksson** | **Kristín Sóley Kristinsdóttir** |
| **Dagmar Hauksdóttir** | **Kristinn Guðmundsson** |
| **Guðmundur S. Hauksson** | **Orathai Sopila** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Kr. Jóhannssonar**

viðskiptafræðings,
Háagerði 2, Akureyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar, starfsfólki dvalarheimilisins Hlíðar, Karlakórnum Geysi-Akureyri, Oddfellow-reglunni og Lionsfélögum.

**Ingibjörg Dan Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Jóhann Guðmundsson** | **Erla Valsdóttir** |
| **Inga Guðmundsdóttir** | **Haraldur Tómasson** |
| **Kristján Guðmundsson** | **Erna Viggósdóttir** |
| **Eydís Ýr Guðmundsdóttir** | **Friðrik Rafnsson** |
| **Fjölnir Freyr Guðmundsson** | **Jónína Guðjónsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Hjartans þakkir fyrir vinsemd og samúð við andlát og jarðarför elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Hreiðars Jónssonar**

klæðskerameistara,
Norðurbrú 5, Garðabæ.

Guð blessi ykkur öll.

| | |
|---|---|
| **Þórdís Jóna Sigurðardóttir** | |
| **Sigurður Arnór Hreiðarsson** | **Kristín Ragna Pálsdóttir** |
| **Guðrún Erna Hreiðarsdóttir** | |
| **Valdimar Hreiðarsson** | **Thanita Hreiðarsson** |
| **Birna Hreiðarsdóttir** | **Pétur Gunnar Thorsteinsson** |
| **Guðlaug Dröfn Hreiðarsdóttir** | **Ásgrímur Skarphéðinsson** |
| **Sólveig Sif Hreiðarsdóttir** | **Ólafur Arnarson** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



*Okkar kæri*

**Þorsteinn Oddsson**

bóndi frá Heiði,

verður jarðsunginn frá Keldnakirkju á Rangárvöllum laugardaginn 3. janúar kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Helga Þorsteinsdóttir** | **Sigurgeir Bárðarson** |
| **Birna Þorsteinsdóttir** | **Rúnar Bjarnason** |
| **Reynir Þorsteinsson** | **Jóna María Eiríksdóttir** |

**barnabörn og langafabörn.**

---

†



*Elskulegur eiginmaður minn,*

**Tryggvi Marteinsson Tausen,**

Þverbrekku 4, Kópavogi,

sem lést 21. desember sl. á líknardeild Landspítalans, verður jarðsettur frá Reykholtskirkju í Borgarfirði laugardaginn 3. janúar kl. 11.00.
Fyrir hönd aðstandenda,

**Ingibjörg Hafberg.**

---

†



*Ástkær eiginmaður minn og faðir okkar,*

**Hilmar Biering**

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund hinn 22. desember síðastliðinn. Jarðsett verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík hinn 7. janúar næstkomandi kl. 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Helga Biering**
**Hildur og Páll Biering**

# Til leigu

**Eitt glæsilegasta verslunarhúsnæði á Íslandi í Askalind 2a, 201 Kópavogi**






Húsnæðið leigist í einu lagi og/eða í pörtum.
Efri hæð: Gólfflötur 601 $m^2$ + milliloft 428,8 $m^2$, samtals 1029,8 $m^2$.
Neðri hæð: Verslunarrými 524,1 $m^2$, lagerrými 657,4 $m^2$.

**Allar nánari upplýsingar veita Óskar G. Hallgrímsson í síma 860 1119 og Ragnar Benediktsson í síma 860 1107.**




vísir.is
"...ég sá það á vísi"






NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

# Ótrúlegt ár á enda

Hvern hefði grunað um síðustu áramót að árið 2008 myndu Íslendingar bæði hreppa annað sætið á Ólympíuleikunum og vera dæmdir hryðjuverkamenn af breskum vinum okkar? Hvort tveggja er eitthvað svo óraunverulegt að maður hefði bara hlegið hefði einhver sagt þetta í sömu setningunni. En svona var það nú samt. Eftir ótrúlega margt jákvætt og gott kom kreppan eins og þungt óveðurský sem lagðist yfir allt, og enn veit enginn hvenær mun létta til.

Af þeim sökum þarf maður að hafa sig allan við til að muna allt það góða sem gerðist á árinu og endurupplifa þá atburði í huganum. Það er ótalmargt jákvætt sem einkenndi þetta ár framan af. Ótrúleg gróska í íslensku sjónvarpsefni, íslenskri tónlist, já og svo þegar strákarnir hrepptu silfrið á Ólympíuleikunum urðum við „stórasta land í heimi!". En eitthvað fór það svo minnkandi í hugum flestra þegar bankahrunið átti sér stað.



Miðað við hvað margt óútreiknanlegt og óviðbúið gerðist á þessu ári, þorir maður engu að spá fyrir um hvað koma skal árið 2009. Vissulega verður það erfitt að svo mörgu leyti að listinn er of langur til að telja upp. Ég neita samt að trúa því að árið fram undan verði alslæmt – eitthvað jákvætt og spennandi hlýtur að gerast þrátt fyrir erfiða tíma. Atburðir haustmánaða mega ekki verða til þess að við gleymum öllu því góða sem gerðist árið 2008 og leyfum okkur að sjá skoplegu hliðina á því yfir skaupinu í kvöld. Útlitið er ekki bara svart – minnumst þess þegar við skjótum upp marglitum flugeldum í kvöld og sprengjum í burt þetta ár sem breytti sögu okkar.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Vorönn hefst 12. janúar!

## Þökkum frábærar viðtökur! DANSÁRIÐ verður tekið af KRAFTI!

### Í glæsilegri aðstöðu í Íþrótta- og sýningarhöllinni í Laugardal

**Vertu með frá byrjun!**
Fjölbreyttir, metnaðarfullir og vandaðir danstímar hjá kröftugu DansLiði. Danskennarar eru þaulreyndir dansarar, danshöfundar og kennarar, sem hafa unnið til fjölda Íslandsmeistartitla í sinni grein! Heimsþekktir danshöfundar frá Bandaríkjunum og glæsileg nemendasýning í lokin!



**Jazzfunk | Street | Hip Hop | Break | Freestyle | Barnadansar**




**NÝTT!** High School Musical | FlamengoFunk
Magadans | ModernFunk | Salsa & Rúmba

5-6, 7-9, 10-12, 13-15, 16-19, 20-24, 25 ára og eldri



Sjóðheitir tímar við nýjustu danstónlistina. 100% DansGleði lofað. Námskeiðin eru fyrir alla. Allt það heitasta frá New York, London og Los Angeles!

SKRÁÐU ÞIG NÚNA! dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á dancecenter.is.
Einnig er hægt að senda tölvupóst á info@dancecenter.is eða í 861 5658 hjá DanceCenter Reykjavík.

**DansHreyfing fyrir ALLA!**
**Hreyfing** kynnir frábær ný dansnámskeið! Sannkallað **DANSfjör!**
**Skráðu þig núna** í síma **414 4000!**

HREYFING

**DanceCenter Reykjavík er aðili að Frístundakorti Reykjavíkurborgar**
Þeir sem búa utan Reykjavíkur, geta framvísað greiðslukvittun á bæjarskrifstofum viðkomandi sveitarfélags.







DANSLIÐ
So You Think You Can Dance?
kemur sérstaklega á vegum:

DANCE CENTER REYKJAVÍK

www.dancecenter.is

DANSGLEÐI með:

skemmtilegri | ICELANDAIR | ÍTR | OUTFITTERS NATION | Kristall plús GÓÐUR OG SVALANDI | SAMSKIPTI prentlausnir fyrir skapandi fólk

! > **Ekki missa af…**

Heimildarmynd Hilmars Oddssonar um Dieter Roth í Ríkissjónvarpinu á nýársdagskvöld kl. 21.20. Árið 1957. Fátækur svissneskur listamaður sem vinnur hjá dönsku hönnunarfyrirtæki verður ástfanginn af íslenskri konu sem er við nám í Kaupmannahöfn. Hann ákveður að fylgja henni á enda veraldar og freista þess að koma undir sig fótunum fjarri hringiðu listanna. Þessi maður hét Dieter Roth. Ættlönd hans voru Sviss og Þýskaland, en „heima“ var á Íslandi, hér bjuggu börnin hans og síðar barnabörn, og hér er hann grafinn.

# menning

menning@frettabladid.is



TÓNLIST Scola Cantorum ásamt söngvurum og Alþjóðlegu barokksveitinni við æfingar á mánudag. Hörður stjórnar með sveiflu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Hátíðahljómar í dag

Eins og undanfarin sextán ár heldur Listvinafélag Hallgrímskirkju tónleika undir yfirskriftinni „Hátíðahljómar við áramót“ í dag kl. 17. Í ár leikur Björn Steinar Sólbergsson organisti með trompetleikurunum Ásgeiri H. Steingrímssyni og Eiríki Erni Pálssyni. Á efnisskránni eru verk eftir Scarlatti, Vivaldi, Albinoni, Bach og Pezel. Þessir tónleikar eru einir vinsælustu tónleikar ársins hjá Listvinafélaginu, þegar hátíðahljómar fylla kirkjuna og koma fólki í hátíðarskap fyrir áramótin. Sumir tónleikagesta kjósa að vera þátttakendur í aftansöngnum sem fylgir í kjölfarið kl. 18.



TÓNLIST Björn Steinar organisti fær blásara með sér í dag.

Trompetar, hljóðfæri konunga, og orgel, drottningar hljóðfæranna, eiga sér langa sögu. Á endurreisnartímanum eða jafnvel fyrr léku trompetleikarar við kirkjulegar athafnir, við inngöngu prestanna og eins undir sálmasöng og í millispilum með orgelinu. Enn kallar hljómur þessara hljóðfæra fram hughrif sem auðveldlega má tengja hátíðleika áramóta. Þetta er allt tónlist við hæfi konunga en svo sannarlega líka til að gleðja eyru og sálir nútímamanna.

Ásgeir H. Steingrímsson, Eiríkur Örn Pálsson og Björn Steinar Sólbergsson eru löngu orðnir landsþekktir tónlistarmenn. Ásgeir og Eiríkur leika báðir með Sinfóníuhljómsveit Íslands auk þess að vera virkir í tónlistarlífinu almennt, m.a. með Hljómsveit Íslensku óperunnar, Kammersveit Reykjavíkur og Caput-hópnum. Þá hafa þeir leikið einleik bæði með Sinfóníuhljómsveitinni og Kammersveitinni. Þeir hófu báðir tónlistarnám sitt hér á Íslandi en stunduðu framhaldsnám vestanhafs, Ásgeir í New York en Eiríkur í Boston og svo í Los Angeles. Björn Steinar starfaði sem organisti við Akureyrarkirkju í 20 ár, en frá hausti 2006 hefur Björn Steinar verið í starfi organista við Hallgrímskirkju ásamt því að gegna starfi skólastjóra við Tónskóla þjóðkirkjunnar, þar sem hann kennir jafnframt orgelleik.

Björn Steinar hefur haldið fjölda einleikstónleika hér heima og erlendis og leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammerhljómsveit Akureyrar, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og The Cleveland Institute of Music Orchestra. Björn Steinar hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín.

- pbb

## Messías-óratoría á nýársdag

**Eitt frægasta og vinsælasta söngverk síðari tíma, óratórían Messías eftir Händel, verður flutt á hátíðartónleikum í Hallgrímskirkju á morgun kl. 17 í tilefni af 250 ára dánarafmæli G.F. Händel, sem minnst er um allan heim árið 2009. Tónleikarnir verða endurteknir laugardaginn 3. janúar kl. 17.00.**

Það er kammerkórinn Schola cantorum sem flytur verkið en undirleik annast Alþjóðlega barokksveitin í Haag sem hingað er kominn sérstaklega vegna þessa flutnings. Einsöngvarar eru þau Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran, Andrew Radley kontratenór, Gissur Páll Gissurarson tenór og Alex Ashworth bassi. Stjórnandi er Hörður Áskelsson.

Óratórían Messías er eitt mesta stórvirki tónlistarsögunnar og hefur frá frumflutningi verksins árið 1742 átt samfellda sigurgöngu í kirkjulegum og veraldlegum flutningi. Hlutar verksins teljast til ástsælustu tónverka sögunnar, og má þar sérstaklega nefna Hallelúja-kórinn sem er mörgum kunnur þótt ekki viti allir hvaðan búturinn er svo víða kemur hann fyrir.

Tónleikarnir eru framlag Listvinafélags Hallgrímskirkju til heiðurs Händel á afmælisárinu, en þetta er í fyrsta sinn sem Messías er fluttur með upprunalegum hljóðfærum á Íslandi og skýrir það þátt Niðurlendinganna í flutningi verksins en þeir verða hér yfir áramótin.

Alþjóðlega barokksveitin í Haag kemur nú til Íslands í sjötta sinn en flutningur barokksveitarinnar og Schola cantorum á óratóríunni Ísrael í Egyptalandi eftir G.F. Händel á Kirkjulistahátíð 2007 hlaut framúrskarandi viðtökur. Hljómsveitin leikur á barokk-hljóðfæri og gefst áhugamönnum um kirkjulega tónlist og upplyftan trúarhita í verkinu nú fyrst tækifæri að sjá og heyra slíkan flutning í hljómi sem tónskáldið heyrði fyrir sér.

Kórinn er til þess að gera fámennur miðað við kórhefð hér á landi. Hann verður skipaður átján atvinnusöngvurum, jafnmörgum tónlistarmönnum og skipa hljómsveitina. Síðast þegar Schola cantorum og Alþjóðlega barokksveitin í Haag leiddu saman hesta sína var það í óratóríunni Ísrael í Egyptalandi eftir Händel sumarið 2007. Þeir tónleikar voru af mörgum valdir meðal eftirminnilegustu tónleika ársins 2007. Þessir hópar hafa einnig flutt saman Jólaóratóríu J.S. Bachs í tvígang auk Sálumessu eftir André Campra, en þeir tónleikar hlutu einnig frábæra dóma.

Þetta er í sjötta sinn sem Alþjóðlega barokksveitin í Haag sækir Íslendinga heim en nokkrir Íslendingar spila með henni. Meðlimir hennar hafa jafnframt veitt íslenskum hljóðfæraleikurum tilsögn á barokkhljóðfæri og er samstarfið við barokksveitina þegar farið að bera ávöxt í íslensku tónlistarlífi, m.a. á Sumartónleikum í Skálholti og í barokkhópnum Nordic Affects. Sveitin hleypir þannig nýjum en fornum anda í tónlistarlíf hér á landi og stækkar tónlistarheim okkar manna, bæði tónlistarfólks og áheyrenda.

Schola cantorum hefur fyrir löngu sannað sig sem einn allra besti sönghópur á Íslandi. Hann hefur einnig hlotið lof í erlendum tónlistartímaritum m.a. fyrir flutning sinn á heildarútgáfu hljómsveitarverka Jóns Leifs á vegum BIS-útgáfunnar, ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Þetta er áhættusamt og kostnaðarsamt verkefni fyrir aðstandendur í dýpkandi kreppu. Segir talsmaður Listafélagsins að einmitt núna sé þörf fyrir menningarlegt framtak á borð við þetta – að bjóða upp á metnaðarfullan flutning á þessu stórvirki sem lyftir anda og eykur bjartsýni í skammdeginu.

pbb@frettabladid.is


Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

HÁTÍÐAHLJÓMAR VIÐ ÁRAMÓT

31. DESEMBER GAMLÁRSDAGUR KL. 17

FLYTJENDUR: Ásgeir H. Steingrímsson og Eiríkur Örn Pálsson *trompetleikarar*
Björn Steinar Sólbergsson *orgelleikari*

Aðgangseyrir: 2000

MIÐASALA fer fram í Hallgrímskirkju.
Sími: 510 1000. *listvinafelag.is*







Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju

MESSÍAS

EFTIR GEORG FRIEDRICH HÄNDEL
Hátíðartónleikar á 250 ára ártíð G.F. Händel

1. JANÚAR 2009 NÝÁRSDAGUR KL.17
3. JANÚAR 2009 kl.17

Flytjendur: Schola cantorum, Alþjóðlega Barokksveitin í Den Haag
Marta Guðrún Halldórsdóttir *sópran* Andrew Radley *kontratenór*
Gissur Páll Gissurarson *tenór* Alex Ashworth *bassi*
STJÓRNANDI: HÖRÐUR ÁSKELSSON

Aðgangseyrir: 4900 og 3500 fyrir skólafók undir 25 ára aldri.

MIÐASALA í Hallgrímskirkju, s. 510 1000, Kirkjuhúsinu Laugavegi 31,
s. 528 4200 og á *list@hallgrimskirkja.is* · listvinafelag.is


## Öldungadeild ljósvakans

Útvarpsleikhúsið hefur brugðið á það ráð að panta leikþætti fyrir útvarp frá Hrafnhildi Hagalín. Kallar hún þættina Einfara en þeir eru samdir sérstaklega fyrir nokkra af elstu og ástsælustu leikurum þjóðarinnar.

Verkin eru um ólíka einstaklinga af eldri kynslóð sem allir eiga það sameiginlegt að vera einir eða einangraðir á einn eða annan hátt; einbúi í afskekktum dal grennslast fyrir um undarlegt hvarf eina nágranna síns, eldri kona sem látist hefur með voveiflegum hætti kallast á við minnislausan eiginmann sinn meðan ekið er með hana um götur Reykjavíkur, þunglyndur eldri maður í blokkaríbúð í Breiðholti hlustar á nágranna sína fara inn og út meðan hann telur mínúturnar í eigin lífi, eldri kona kemur aftur í hús þar sem hún ólst upp innilokuð sem barn en þar heyrast raddir ólíkra kynslóða, eldri kona sem lifað hefur viðburðaríka ævi í útlöndum en er sest að ein í sjávarþorpi fyrir vestan fær heimsókn þekktrar íslenskrar þáttagerðarkonu, eldri maður ákveður að rjúfa fjörutíu ára þögn við elsta og nánasta vin sinn eftir alvarlegt atvik í nýafstöðnu stúdentsafmæli …



LEIKLIST Hópurinn í Efstaleiti í gær.

Í aðalhlutverkum eru nokkrir af ástsælustu leikurum þjóðarinnar af elstu kynslóð, s.s. Herdís Þorvaldsdóttir, Árni Tryggvason, Steindór Hjörleifsson, Margrét Ólafsdóttir, Bryndís Pétursdóttir og Karl Guðmundsson, sem öll eru komin á níræðisaldur. Auk þeirra taka þau Þóra Friðriksdóttir, Erlingur Gíslason og Kristbjörg Kjeld þátt í þessari syrpu. Þá bregður fyrir í verkunum úrvali leikara af yngri kynslóðum, Guðrúnu S. Gísladóttur, Jóhanni Sigurðarsyni, Arnbjörgu Hlíf Valsdóttur, Davíð Guðbrandssyni, Arndísi Hrönn Egilsdóttur o.fl. sem og dagskrárgerðarkonunni Evu María Jónsdóttur sem leikur dagskrárgerðarkonu í einu verkanna.

Verkin verða flutt í syrpu á nýju ári og er Hrafnhildur komin hingað til lands til að leikstýra þáttunum. Samlestur á verkunum var í gær og þá kom hópurinn saman í Útvarpshúsinu í Efstaleiti. - pbb


ÚTSALA
ÁRSINS
LOKADAGUR ÚTSÖLUNAR ER Í DAG • OPIÐ 9-12
50% AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF YFIR 1000 TÖLVUVÖRUM
RISA FLUGELDAPAKKI
FYLGIR ÖLLUM TÖLVUTILBOÐUM
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
GLEÐILEGT NÝTT ÁR
ÞÖKKUM VIÐSKIPTIN Á ÞVÍ LIÐNA
SEINASTI SÉNS
ÚTSÖLULOK
Tilboð gilda dagana 27-31 desember eða meðan birgðir endast • Öll verð eru afsláttarverð birt með fyrirvara um villur.
ÚTSÖLULOK
OPIÐ Í DAG
09:00 - 12:00
OPNUM AFTUR Á NÝJU ÁRI
LAUGARDAG 3.JAN KL 11:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > VIRÐIR LÍKAMA SINN

Söngkonan **Christina Aguilera** segist bera meiri virðingu fyrir líkama sínum eftir að hún eignaðist sitt fyrsta barn, Max Liron. „Ég ber meiri virðingu fyrir kvenlíkamanum eftir að hafa gengið í gegnum þetta. Ég á enn þá eftir að losna við nokkur kíló en ætla bráðum að fara að æfa mig og boxa. Ég ætla samt ekki að tapa mér alveg í æfingunum," sagði Aguilera.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Eurobandið hlaut tvenn verðlaun

Eurobandið sigraði í tveimur flokkum á árlegri Eurovision-verðlaunahátíð hjá Eurovision-aðdáendasíðunni esctoday.com. Þau Friðrik Ómar og Regína Ósk hrepptu titilinn besta tvíeykið og besta hljómsveitin en This is My life var valið fjórða besta lagið á hátíðinni. Eurobandið var ansi nálægt sigri í tveimur flokkum en það fékk annað sætið í flokknum besta hefðbundna Europop-lagið og fyrir besta myndbandið. Úkraínska söngkonan Ani Lorak var hins vegar efst í flestum flokkum en hún var meðal annars kjörin best klæddi flytjandinn, átti besta lagið og myndbandið hennar við Shady Lady þótti best.



**SIGURSÆL** Úkraínska söngkonan Ani Lorak heillaði Eurovision-aðdáendur upp úr skónum.

Íslendingar máttu þola enn einn ósigurinn fyrir hinni sænsku Charlotte sem hlaut fyrsta sætið í flokknum besta hefðbundna europop-lagið. Eurobandið getur engu að síður vel við unað, tveir sigrar og sjö tilnefningar. Það hlaut jafnframt þriðja sætið í flokknum frammistaða ársins og ljóst að bandið hefur sungið sig inn í hug og hjörtu Eurovision-nörda.

Eurobandið hyggst nýta sér þessar vinsældir sínar og ætlar að spila á þremur Eurovision-stöðum í Evrópu á nýju ári. Þá er hljómsveitin í hljóðveri um þessar mundir og er að taka upp nýja plötu þar sem finna má margar af helstu Eurovision-perlum sögunnar. - fgg



**TVEIR SIGRAR** Eurobandið hafði sigur í tveimur flokkum og hreppti þar að auki bæði silfur og brons í öðrum flokkum.

## ALLT HITT ÁRSINS




**Skilti ársins** „Helvítis fokking fokk!".

**Upptökumaður ársins** DV blaðamaðurinn Jón Bjarki Magnússon.

**Myndbandagerðarmaður ársins** Jón Gerard Sullenberger.

**Dagbókarskrifari ársins** Matthías Johannessen.

**Sumarbústaðareigandi ársins** Sigurður Einarsson.



**Vörumerki ársins** Range Rover.

**Mæðgin ársins** Nornin og mótmælandinn.



**Dansarar ársins** Konurnar í „Lífsblóminu".

**Námsmaður ársins** Gísli Marteinn Baldursson.

**Palestínumaður ársins** Sturla Jónsson.

**Snjókastari ársins** Guðjón Heiðar Valgarðsson.

**Nýyrði ársins** Aðgerðapakki.

**Fugl ársins** Plastálft Moggans.

**Versti titill ársins** „Þvagleggskonan".



**Skápur ársins** Skápurinn sem Annþór fannst í.

**Fokking borgarstjóri ársins** Ólafur F. Magnússon.

**Undarlegasta blanda ársins** Megas og Toyota.

**Starfskraftur ársins** Lára Ómarsdóttir.

**Veðurfyrirbæri ársins** Lánalínufrost.

**Pulsur ársins** Þyrlupulsurnar í Baulu.

**Málvilla ársins** „Stórasta".

**Fálkaorða ársins** Fálkaorða Kjartans í Sigur Rós – hvers eiga hinir að gjalda?

**Tala ársins** Milljarðar. Í mínus.













# ÁR 15 MÍNÚTNA FRÆGÐARINNAR

**Árið 2008 var þvílíkt hamfaraár bankaklúðurs og fjármálaógangna að allt annað fellur í skuggann af stjarnfræðilega háum skuldaböggunum. Það sem hefði getað staðið sem frétt ársins í venjulegu árferði – ísbirnir og Suðurlandsskjálfti – verður að smáfrétt í ljósi hamfarakreppunnar. Þetta varð því ár fimmtán mínútna frægðarinnar og þessi eru meðal þeirra sem voru fræg í 15 mínútur árið 2008.**

**1. Færeyski trúbadorinn**
Færeyski trúbadorinn Sölva Ford skaust upp á stjörnuhimininn þegar borgarstjóri Ólafur F. Magnússon tók sérstöku ástfóstri við hana í Færeyjaferð sinni. Sölva skemmti Reykvíkingum á menningarnótt en þá var Ólafur reyndar ekki borgarstjóri lengur.

**2. Forvitnilegur Kompásþáttur**
Kompás dró fram á sjónarsviðið þá Benjamín Þór Þorgrímsson, Benna Ólsara, og Ragnar Magnússon. Orðræða þeirra á bílastæði var eins og eitthvað upp úr Sódómu Reykjavík en í æsandi lokaþætti sprakk Benni og tók fautalega á Ragnari. Þó klóraði þjóðin sér í kollinum og var ekki alveg viss um hvor væri vondi karlinn.







**3. Stjarna í Eurovisionmyndbandi**
Í þeim 15 mínútna-heimi sem Eurovisionkeppnin er áttu fáir betri 15 mínútur en flugþjónninn Draupnir Rúnar sem fór á kostum í myndbandinu við „This is your life" Eurobandsins. Heimtur urðu sæmilegar í Belgrad, þjóðarstoltið blés aðeins út þegar lagið komst áfram í lokakeppnina, en dróst saman á ný þegar það hafnaði í 14. sæti.




**4. Bandið hans Bigga**
Biggi í Maus átti sínar 15 mínútur þegar Bubbi Morthens tók hann fyrir á víðfrægri síðu sinni í kjölfarið á meintri niðurlægingargrein Bigga um Bubba í Monitor. Margir af helstu tónlistarmönnum þjóðarinnar komu Bigga til varnar, til að mynda Johnny King, Árni Johnsen, Geir Ólafsson og götutónlistarmaðurinn Jójó.

**5. Ramses vísað úr landi**
Keníumaðurinn Paul Ramses fékk að kenna á manngæsku Útlendingastofnunar sem vísaði honum úr landi frá eiginkonu og nýfæddum syni. Eftir hörð mótmæli á Íslandi fékk hann að snúa aftur til fjölskyldu sinnar og íslensku bankakreppunnar.




**6. Ísbjarnafár**
Fyrsti ísbjörninn sem hingað rak í áraraðir var skotinn án mikilla andmæla, þau hófust ekki fyrr en eftir á. Því þótti ráð að reyna að ná öðrum birninum lifandi og var Dani með sérstakt búr sendur hingað þeirra erinda. Það tókst ekki heldur þegar björninn – öllum að óvörum – hljóp í sjóinn. Þriðji ísbjörninn fannst svo aldrei, enda kind.

**7. Gas! Gas!**
Gasmenn komu nokkuð við sögu á árinu. Sá sem æpti Gas! Gas! Gas! í Norðlingaholti varð vinsæll um tíma, þótt enginn vissi hvað hann hét. Stuttu áður hafði Gazman í Merzedes Club vakið athygli fyrir þreklegan vöxt og hæfileika til að hreyfa á sér brjóstin.







**8. Sögur af andláti stórlega ýktar**
Tveir fangar á Litla-Hrauni reyndu að gera dánartilkynningar Moggans sér að féþúfu. Annar þeirra, Hákon Rúnar Jónsson, þóttist látinn en hinn stofnaði innlánsreikning sem velunnarar áttu að leggja inn á. Fljótlega komst upp um þetta bíræfna plott og ekki er vitað til að nokkur hafi fallið fyrir því.

**9. Afdrifarík heimsókn Tarantino**
„Í sleik á Nasa" reyndist dýr frétt fyrir Séð og heyrt. Birtingur þurfti að punga út 600.000 krónum vegna Ingu Birnu Dungal sem var allt annað en ánægð með fréttina af henni, vinkonu hennar, Birgittu Ingu Birgisdóttur og Quentin Tarantino. Sérstaklega var Inga ósátt við að mynd af Myspacesíðu hennar hefði verið birt í tímaritinu.

**10. Eyþór Morthens**
Bubbi Morthens valdi úrvalssöngvara í Bandið hans Bubba. Harla lítið hefur heyrst frá sigurvegaranum, Dalvíkingnum Eyþóri Inga, eftir að hann sigraði en hann fékk þó allavega þrjár milljur að launum. Það er líka nægur tími til að láta til sín taka enda er Eyþór bara 19 ára.

ROLEX MOVADO THE ART OF DESIGN designSmykker by bræmer denmark ROSENDAHL COPENHAGEN YEMA Auguste Reymond



# *Úrsmiðir í 100 ár*

Árið 1909 stofnaði J. Frank Michelsen úrsmíðameistari fyrirtækið F. Michelsen úr & gullsmíði á Sauðárkróki. Einn sona hans, Franch Michelsen úrsmíðameistari lærði úrsmíði hjá föður sínum og fór til Kaupmannahafnar í frekara úrsmíðanám árið 1937. Að námi loknu starfaði hann hjá Carl Jonsén, konunglegum hirðúrsmið í Kaupmannahöfn, þar sem hann m.a. gerði við úr Alexandrinu Danadrottningar og bauðst að verða útnefndur konunglegur hirðúrsmiður. Franch sneri heim til Íslands árið 1940, opnaði aðra Michelsen úrsmíðavinnustofu og verslun í Reykjavík og skapaði sér fljótt nafn sem vandvirkur og traustur úrsmiður. Á næstu fjórum áratugum kenndi Franch tólf Íslendingum úrsmíðafagið, þ.á.m. syni sínum, Frank Úlfari Michelsen úrsmíðameistara, sem er núverandi eigandi fyrirtækisins. Frank Ú. fór árið 1978 til náms í WOSTEP, heimsþekkts úrsmíðaskóla í Sviss, fyrstur Íslendinga. Frank Ú. hefur haldið áfram á þeirri braut sem faðir hans vann markvisst að, að vera traustur og fagmannlegur úrsmiður. Sonur Franks Ú, Róbert F. Michelsen, lærði úrsmíði fyrst hjá föður sínum og hóf síðan nám í WOSTEP í Sviss þar sem hann mun útskrifast á 100 ára afmæli Michelsen úrsmiðanna og hefur þá lært öll réttu handbrögðin í þessari fíngerðu og nákvæmu iðn. Það er því ljóst að saga Michelsen úrsmiðanna er langt í frá lokið og svo lengi sem Michelsen úrsmiðirnir eru til staðar, munu Íslendingar hafa tök á að fylgjast með tímanum.

Á þessum 100 árum hafa Michelsen úrsmiðirnir selt og þjónustað mörg af þekktustu úramerkjum heims, með Rolex þar fremst í flokki. Þeim hefur verið treyst fyrir þjónustu á afar vönduðum úrum hvaðanæva að úr heiminum og orðspor þeirra hefur farið víða.






m

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR Í 100 ÁR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is




GLEÐILEGT NÝTT ÁR, ÞÖKKUM FYRIR VIÐSKIPTIN Á ÁRINU SEM ER AÐ LÍÐA

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 1:30 - 3:40 - 6 - 8D - 8:20 - 10:20D -10:40 | 7 |
| YES MAN | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | VIP |
| THE SPIRIT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BOLTI 3-D m/ísl. tali DIGITAL-3D | kl. 1:30(3D) - 3:40(3D) - 5:50(3D) | L |
| CITY OF EMBER | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 - 8 | 7 |
| TWILIGHT | kl. 3:30 - 5:50 - 8:10 - 10:40 | 12 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 1:50 - 3:50 DIGITAL | L |
| BODY OF LIES | kl. 10:40 | 16 |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 1:30 | L |

SPARbíó kr. 550 á myndir merktar með appelsínugulu. kr. 850 á digital 3D myndir, merktar með grænu

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 1:50 - 4 - 6:10 - 8:20 - 10:40 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | 12 |
| BOLT 3-D m/ísl. tali | kl. 1:50(3D) - 4(3D) | L |
| BOLT 3-D m/Ensku tali | kl. 6:10(3D) | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| TWILIGHT | kl. 8:20 - 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| BOLTI m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| DAY THE EARTH STOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| YES MAN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| APPALOOSA | kl. 8 | 16 |
| MADAGASCAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |
| PRIDE AND GLORY | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| YES MEN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| THE SPIRIT | kl. 8 - 10 | 12 |
| BOLT m/ísl. tali | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| MADAGASKAR 2 m/ísl. tali | kl. 2 - 4 | L |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 1. og 2. janúar


Krumpugallar á Nasa


**CURVER OG KIKI** Hið árlega 90s-partí Curvers og Kiki-Ow verður haldið á Nasa á gamlárskvöld.

Curver Thoroddsen og DJ Kiki-Ow halda sitt árlega 90s-partí á Nasa í kvöld, gamlárskvöld. Að sögn Curvers hefur miðasala gengið vel og býst hann við mikilli aðsókn eins og undanfarin ár.

Allir þeir sem kaupa miða í verslunum Spúútnik fá afslátt af fötum frá níunda áratugnum. „Við vorum með þetta í fyrra líka og það mældist rosalega vel fyrir. Fólk hefur verið að kaupa hjólabuxur og krumpugalla til að gíra sig upp fyrir kvöldið," segir Curver, sem útskrifast úr myndlistarnámi sínu í New York í vor. Býst hann við því að dvelja eitthvað lengur í borginni áður en hann heldur aftur heim á leið.


**POPS** Nýjasta mynd þessarar einnar elstu hljómsveitar landsins.

# Gunni Þórðar og Maggi Kjartans gengnir í Pops

**Óttar Felix, forsprakki Pops, segir þvílíkan feng að þeim Gunna Þórðar og Magga Kjartans sem nýverið gengu í bandið.**

„Við erum búnir að æfa eins og vitlausir menn. Unglingasveitin Pops verður með nokkur gigg á næstunni," segir Óttar Felix Hauksson, forsprakki hinnar fornfrægu hljómsveitar Pops.

Óttar er í skýjunum. Nýverið gengu til liðs við bítlahljómsveitina Pops þeir Magnús Kjartansson og Gunnar Þórðarson. Einhverjar skærustu stjörnur íslensks bítls og hippatímabilsins… og allar götur síðan. Að sögn Óttars fóru þeir sem fyrir voru í Pops; hann, Birgir Hrafnsson, Jón Ólafsson og Ólafur Sigurðsson að líta í kringum sig eftir liðsauka þegar ljóst var að Eiríkur Hauksson, sem sungið hefur með hljómsveitinni eftir að Pétur Kristjánsson lést, ætti ekki heimangengt með góðu móti frá Noregi. „Við ræddum við Magga sem tók vel í þetta. Og svo kom þessi hugmynd að fá Gunna líka. En báðir syngja þeir. Og hann sló til," segir Óttar. Fáir ef nokkrir standa eins föstum fótum í bítla- og hippatónlistinni og Gunnar Þórðarson. Óttar segir ófáa gítarfrasana rifjast upp með komu Gunnars. „Það er alveg frábært að fá Gunna. Enginn þekkir þessa tónlist betur og hann heldur öllum á tánum. Alveg í fantaformi eins og hann sýndi sannarlega úti í Liverpool þegar Hljómarnir tóku síðasta „giggið" sitt þar í haust. Og hammondið, maður lifandi. Að fá það í lög eins og A Whiter Shade of Pale, House of the Rising Sun og Give me some Lovin´"…

Pops var stofnuð á sjöunda áratugnum og leika lög frá því tímabili. Magnús og Gunnar voru saman í hljómsveitinni Trúbrot á sínum tíma þegar Lifun, ein þekktasta plata íslenskrar dægurtónlistar, var gerð. Óttar segir að Pops muni taka lög af þeirri plötu. Og „töffuðustu" lög bítlatímabilsins – Stones, Beatles og Kinks. Hljómsveitin ætlar að troða upp á Players fyrstu helgina í janúar og svo er hugmyndin að fara víðar: „Það er áhugi á að fá okkur til að spila á nokkrum þorrablótum," segir Óttar ánægður með þróun mála. Segist sjálfur vera í toppformi sem og allir í bandinu.

jakob@frettabladid.is


GLEÐILEGT ÁR! NÝTT Í BÍÓ! GLEÐILEGT ÁR!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| AUSTRALIA D | kl. 4.30 - 8 | 12 |
| AUSTRALIA LÚXUS D | kl. 1 - 4.30 - 8 | 12 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ D | kl. 1 - 2.30 - 3 - 4 | L |
| INKHEART | kl. 1 - 3.20 - 5.40 | 10 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL D | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 1 - 4 - 6 - 8 | 7 |
| IGOR | kl. 1 | L |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 10 | 12 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 – ÓDÝRT Í BÍÓ! 650 kr.

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 3 - 6.30 - 10 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| ZACK AND MIRI MAKE A PORNO | kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| QUANTUM OF SOLACE | kl. 3 - 5.30 - 8 | 12 |
| SAW 5 | kl. 10.20 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| AUSTRALIA | kl. 5.30 - 9 | 16 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ | kl. 2.30 - 4 | L |
| INKHEART | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 10 |
| TAKEN | kl. 8 - 10 | 16 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 - 6 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 3.20 | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 – TILBOÐSVERÐ Merkt rauðu

| | | |
|---|---|---|
| SKOPPA OG SKRÍTLA Í BÍÓ * | kl. 3.30 - 4.45 | L |
| INKHEART ** | kl. 6 - 8 | 10 |
| AUSTRALIA | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE DAY THE EARTH STOOD STILL | kl. 10 | 12 |
| FOUR CHRISTMASES | kl. 4 | 7 |
| * 3. - 4. 500 kr. | kl. 3.30 - 4.45 | |
| ** 3. - 4. | kl. 4 | |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA FRÁ 1.JANÚAR - TIL OG MEÐ 4. JANÚAR

NÝTT Í BÍÓ – LAUGARÁSBÍÓ – Sími: 553 2075 - bara lúxus – GLEÐILEGT NÝTT ÁR







LOKAÐ 31.12 – OPIÐ NÝÁRSDAG
SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR NÝÁRSDAG.

AUKAKRÓNUR – FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! – AUKAKRÓNUR

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| TRANSPORTER 3 | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| BOLT 3D - Íslenskt tal | kl. 2(800 kr), og 4 | L |
| INKHEART | kl. 2(500 kr), 4, 6, 8 og 10 | 10 |
| SKOPPA OG SKRÍTLA | kl. 2(700 kr) og 4 | L |
| TAKEN | kl. 6, 8 og 10 | 16 |

Tilboð í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!


Plötusnúðar á klósettinu

Svokallað klósettdiskó verður hluti af áramótapartíi Apóteksins sem verður haldið í kvöld. Slíkt diskó hefur áður verið haldið við góðar undirtektir. „Það myndast mjög góð stemning þarna niðri. Við verðum með tvo plötusnúða þarna og lifandi hljóðfæraleik. Við erum öll að keppast um að fá að vera þarna," segir Jón Atli Helgason, eða Sexy Lazer, sem verður á meðal plötusnúða kvöldsins.

Aðrir sem þeyta skífum á Apótekinu verða Jack Schidt, Yamaho og Dj Baktus. Urður Hákonardóttir sér um söng og Oculus annast lifandi hljóðfæraleik. Miðaverð í partíið er 2.000 krónur og fer miðasala fram á Midi.is.




LYKLABORÐ FRÁ 990

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF SKJÁKORTUM

ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUTÖSKUM

ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR AF HEYRNARTÓLUM

OPIÐ Í DAG FRÁ 09:00 TIL 12:00

ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR AF VEFMYNDAVÉLUM

VALDIR PC LEIKIR Á AÐEINS 990 KR

# SPRENGJA

# LOKA DAGUR

NÚ ER SPRENGJA Í TÖLVULISTANUM • ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR • ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF ÞESSU!!



TOSHIBA

**TOSHIBA SATELLITE PRO A300D-152**

AMD Dual Core X2 ZM-80 örgjörvi • 3GB minni 250GB harður diskur • ATI Radeon HD3100 skjákort • 15.4" skjár • Skrifari • Bluetooth Windows Vista Business / XP Pro

**99.990**



4GB SanDisk

**4GB SANDISK CRUZER**

Glæsilegur 4GB Sandisk Cruzer Micro Skin USB 2.0 minnislykill sem auðveldar þér að taka öll gögnin þín með þér á frábæru sprengjuverði, þú mátt ekki missa af þessu!

**1.990**

FULLT VERÐ: ~~3.990~~



msi

**MSI GEFORCE N9600GT**

512MB GDDR3 MSI GeForce N9600GT-T2D512 skjákort, DirectX 10

**17.990**

FULLT VERÐ: ~~27.990~~

# TÖLVULISTINN

TL.IS
www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Vörum á sprengju er ekki hægt að skila

## > Íslendingar á HM í Krótatíu

Jóhann Ingi Gunnarsson hefur þegið boð Alþjóðahandboltasambandsins um að koma að undirbúningi dómara fyrir HM í handbolta í Króatíu sem hefst í næsta mánuði. Jóhann Ingi fer ekki einsamall því með í för verður landsliðsþjálfarinn Guðmundur Guðmundsson sem kemur með nálgun þjálfarans að dómgæslunni. Jóhann Ingi mun sjá um andlega þáttinn. Alþjóðasambandið sóttist eftir hlutlausum aðilum til að sjá um þennan nýja lið sem á að stuðla að betri dómgæslu á stórmótum handboltans. Þeir félagar hafa í framhaldinu ákveðið að hefja saman fyrirlestraröð fyrir fyrirtæki á Íslandi sem nefnist Árangursrík liðsheild – leiðin að silfrinu þar sem þeir hjálpa starfsmönnum að leita að jákvæðni og lausnum í kreppunni.



sport
sport@frettabladid.is

GUÐJÓN ÞÓRÐARSON: TÓK FORMLEGA VIÐ STARFI KNATTSPYRNUSTJÓRA ENSKA C-DEILDARFÉLAGSINS CREWE Í GÆR

# *Ég elska England og ég elska enska fótboltann*

Guðjón Þórðarson tók formlega við stjórnartaumunum hjá enska C-deildarfélaginu Crewe Alexandra í gær en félagið er í botnsætinu þegar fyrri helmingi deildarkeppninnar er lokið og er sem stendur sjö stigum frá öruggu sæti. Guðjón kvaðst í samtali við opinbera heimasíðu félagsins vera ánægður og stoltur og hlakka mikið til þess krefjandi verkefnis sem fram undan sé.

„Ég er mjög ánægður með að vera kominn aftur til Englands og aftur í starf knattspyrnustjóra. Ég elska England og ég elska enska fótboltann. Ég hlakka mikið til að vinna fyrir Crewe og lít á starf mitt þar sem mikinn heiður og sannkölluð forréttindi,“ segir Guðjón.

„Erfið vinna er nú fyrir höndum og nauðsynlegt að allir sem koma að félaginu leggi hart að sér til þess að ná tilsettum árangri. C-deildin er mjög erfið deild og jöfn og eins og staðan er í dag þá er Crewe á vitlausum enda hennar,“ segir Guðjón.

Guðjón útilokar ekki að styrkja leikmannahóp Crewe þegar félagsskiptaglugginn verður opnaður í janúar en ætlar fyrst og fremst að gera allt sitt til þess að ná sem mestu út úr núverandi leikmannahópi.



„Ég þekki mikið af fólki í kringum fótboltann á Englandi og víðar og mun reyna að nota sambönd mín Crewe til framdráttar og það er aldrei að vita hvað kemur út úr því. Starf mitt felst þó aðallega í því að hámarka getu núverandi leikmanna félagsins og það er ögrandi áskorun. Unglingastarfið er líka eftir sem áður undirstaða Crewe Alexandra og það er mikilvægt að félagið haldi áfram að framleiða unga og efnilega fótboltamenn,“ segir Guðjón.

Guðjón gerir sér engar grillur um það erfiða verkefni sem nú tekur við en er þó fullur bjartsýni á að góður árangur muni nást.

„Bara svo það sé á hreinu, þá er mjög erfitt verkefni fyrir höndum. Í sannleika sagt þá trúi ég því samt að við munum standa uppi sem sigurvegarar að lokum. Ég er enginn kraftaverkamaður en góður árangur byrjar með aga og metnaði,“ segir Guðjón að lokum.



**EKKI MEÐ** Guðjón Valur verður fjarri góðu gamni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Æfingamót í byrjun janúar:

## Tvö landslið

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson hefur valið 15 leikmenn til þátttöku í tveimur æfingamótum í byrjun janúar. Minningarmót um Staffan Holmqvist í Svíþjóð annars vegar og æfingamót sem fer fram í Danmörku hins vegar.

Þá hefur svokallað „Landslið 2012“ verið valið fyrir þátttöku í 33th Challange George Marrane æfingamótinu í Frakklandi og hefst 8. janúar en þjálfari liðsins er Kristján Halldórsson.

Hægt er að sjá báða landsliðshópana hér að neðan. - óþ

### A-LANDSLIÐIÐ

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Björgvin Páll Gústavsson | (Bittenfeld) |
| Hreiðar Guðmundsson | (Savehof) |
| **Útileikmenn:** | |
| Aron Pálmarsson | (FH) |
| Ásgeir Örn Hallgrímsson | (GOG) |
| Einar Hólmgeirsson | (Grosswallstadt) |
| Ingimundur Ingimundarson | (Minden) |
| Logi Geirsson | (Lemgo) |
| Ragnar Óskarsson | (Dunkerque) |
| Róbert Gunnarsson | (Gummersbach) |
| Rúnar Kárason | (Fram) |
| Sigurbergur Sveinsson | (Haukum) |
| Sturla Ásgeirsson | (Dusseldorf) |
| Sverre Jakobsson | (HK) |
| Vignir Svavarsson | (Lemgo) |
| Þórir Ólafsson | (Luebecke) |

### LANDSLIÐIÐ 2012

| | |
|---|---|
| **Markverðir:** | |
| Ólafur Haukur Gíslason | (Valur) |
| Pálmar Pétursson | (Valur) |
| **Útileikmenn:** | |
| Arnór Þór Gunnarsson | (Valur) |
| Elvar Friðriksson | (Valur) |
| Fannar Friðgeirsson | (Stjarnan) |
| Freyr Brynjarsson | (Haukar) |
| Guðmundur Árni Ólafsson | (Selfoss) |
| Hannes Jón Jónsson | (Burgdorf) |
| Ingvar Árnason | (Valur) |
| Kári Kristján Kristjánsson | (Haukar) |
| Oddur Grétarsson | (Akureyri) |
| Ólafur Guðmundsson | (FH) |
| Sigurgeir Árni Ægisson | (HK) |
| Sigurður Ari Stefánsson | (Elverum) |
| Sverrir Hermannsson | (Víkingur) |




Til leigu
iðnaðarhúsnæði
Um er að ræða um 417 fermetra húsnæði með 2 stórum innkeyrsluhurðum með rafmagnsopnun. Mikil lofthæð og góð aðkoma. Góð staðsetning við Vesturhraun í Garðabæ (hverfið á móti IKEA). Laust nú þegar.
Upplýsingar í síma 480-0000


# Búið að blása smá lífi í okkur

Eiður Smári Guðjohnsen segist aldrei hafa spilað með betra liði. Hann vildi helst sleppa við að mæta Chelsea í Meistaradeildinni og segir Mexíkóamanninn Rafael Márquez vera mikilvægastan fyrir Barcelona.

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen og félagar hans í Barcelona-liðinu eru líklegir til afreka á árinu 2009. Liðið er með tíu stiga forskot á toppi spænsku deildarinnar og er komið í sextán liða úrslit Meistaradeildarinnar. Eiður Smári hefur fengið tækifæri hjá nýja þjálfara liðsins, Pep Guardiola, og það hefur verið skemmtilegt að sjá Barcelona blómstra eftir tvo harða vetur á undan.

„Ég vissi ekki alltaf hvar ég stóð gagnvart Rikjaard og einu vísbendingarnar var það sem ég var að heyra utan af mér og lesa um í blöðunum. Þar var verið að spá hverjir væru á förum og hverjir væru eftir en þar voru menn að spekulera og höfðu kannski ekki mikið fyrir sér í því,“ segir Eiður en hann fékk strax skýr skilaboð frá nýjum þjálfara.

**Guardiola skilur stöðu leikmanna**

„Ég var mjög ánægður með fundinn við Guardiola því hann sagði að hann hefði mikla trú á mér, sagðist sjá hjá mér hæfileika sem hann gæti vel nýtt sér og að ég myndi spila mikið hjá honum en þetta væri bara undir mér komið,“ segir Eiður sem var einnig mjög sáttur við hvernig Guradioala hjálpaði honum við að koma til baka úr meiðslunum.

„Það var meiri háttar að vinna sig til baka úr meiðslunum og ná að spila El Clasico-leikinn. Guardiola henti mér frekar fljótt inn í liðið eftir að ég kom til baka úr meiðslunum og ég held að ég hafi þurft á því að halda. Bæði til að ná dampi aftur og þessu gengi sem ég skildi eftir þegar ég kom í landsleikinn. Við unnum þar stóra sigra þar sem ég skoraði nokkur mörk. Hann hjálpaði mér að komast aftur inn í rytmann strax,“ segir Eiður.

Eiður er mjög ánægður með liðsheildina og samvinnuna innan Barcelona á þessu tímabili. „Það er mikil virðing í gangi og menn eiga auðvelt með að samgleðjast þegar vel gengur hjá einhverjum. Við erum með sterkari liðsheild heldur en nokkurn tímann áður,“ segir Eiður og bætir við:

„Þegar hugsunarhátturinn er orðinn þannig þá vitum við að í endann á tímabilinu fá allir sitt hrós og það sem stendur eftir eru titlar og sigrar sem allir hafa tekið þátt í,“ segir Eiður sem leggur áherslu á að liðið megi ekki halda að þetta sé komið þrátt fyrir gott forskot.

„Eftir tvö misjöfn ár þurfum við að einbeita okkur fyrst að því að verða Spánarmeistarar en allt sem kemur með því, hvort sem það er að verða bikarmeistarar eða vinna Meistaradeildina, væri frábær bónus,“ segir Eiður sem líst vel á það að mæta Lyon í Meistaradeildinni.

**Nennti ekki að mæta Chelsea**

„Það er fínt að fá Lyon því ef ég segi alveg eins og er þá vildi ég bara sleppa við Chelsea. Ég nennti ekki að mæta gömlu félögunum vegna tengslanna sem ég er enn með. Þetta var voðalega skrýtið fyrsta árið mitt hjá Barcelona að fara þangað aftur. Það var aðeins of snemmt. Ég væri líka alveg til í að fá Liverpool aftur. Þegar er komið svona langt í keppnina þá skiptir eiginlega ekki máli á móti hverjum þú lendir því það eru alltaf frábær lið,“ segir Eiður.



**ÞRJÚ MÖRK Í ÞRETTÁN LEIKJUM** Eiður Smári hefur skorað öll þrjú mörk sín á tímabilinu í spænsku úrvalsdeildinni en báðar stoðsendingarnar hafa komið í Meistaradeildinni. NORDICPHOTOS/AFP

Eiður segist vera í mestu sambandi við Thierry Henry, telur Lionel Messi vera besta leikmann liðsins en Mexíkómanninn Rafael Márquez þann mikilvægasta.

**Fínn félagi, Thierry Henry**

„Ég hef gott samband við flesta leikmenn en Henry er fínn félagi minn. Við könnuðumst við hvor annan síðan í Englandi. Við tölum enskuna og ég hjálpaði honum þegar hann kom til Barcelona. Flestir vita að ég er mjög góður félagi Ronaldinho en hann er náttúrlega farinn,“ segir Eiður en líkt og með hann sjálfan þá hefur Henry komið sterkur til baka eftir magurt tímabil á undan.

„Það hefur verið blásið pínu lífi í okkur. Þetta eru ekki stórar breytingar en þetta eru smáatriði sem gera það að verkum að út á við lítur þetta út sem mjög stórar breytingar. Ég er alveg sami leikmaðurinn í ár og ég var í fyrra en það eru smáatriði sem hafa komið inn í þetta sem hafa hjálpað manni að finna sitt rétta form aftur,“ segir Eiður sem er ekki í vafa hver sé besti leikmaður Barcelona.

„Það gefur augaleið og besti maðurinn er Messi. Hann er með meiri hæfileika en nokkur annar. Hann getur gefið liðinu svo mikið. Hann dregur menn til sín og opnar svæði fyrir aðra,“ segir Eiður.

Það kom hins vegar meira á óvart að sá mikilvægasti er ekki oft mest áberandi leikmaðurinn í liðinu.

„Mikilvægasti maðurinn fyrir okkur og maður sem kannski ekki margir taka eftir er Rafael Márquez. Hann er þessi varnarmaður sem kemur spilinu af stað með frábærum sendingum. Hann les leikinn alveg meiri háttar vel. Hann fékk mikla gagnrýni í fyrra en er núna að koma aftur og er farinn að sýna sitt rétta andlit aftur í ár. Hann er liðinu alveg ótrúlega mikilvægur. Ég á líka vingott með Márquez og þótt Mexíkó sé langt frá Íslandi þá náum við vel saman,“ segir Eiður sem segist ekki hafa spilað með betra liði en Barcelona á þessu tímabili en að Chelsea-liðið á fyrsta árinu hans Mourinho sé á sama stalli.

**Verður hjá Barcelona til 2010**

Fram undan er spennandi og vonandi sigursælt ár hjá besta knattspyrnumanni landsins.

„Maður gerir sér alveg grein fyrir því að maður verður ekkert endalaust í boltanum. Að vera í liði Barcelona gefur alltaf tækifæri á því að vinna stóra titla. Maður sér alveg möguleikana á að við vinnum Meistaradeildina en þá þarf alltaf ákveðna heppni. Ég sé fyrir mér að klára samninginn hjá Barcelona, sem er þetta tímabil og næsta tímabil. Síðan ætla ég bara að skoða þá möguleika sem verða fyrir hendi og hvernig ástandið verður á mér þá. Ég ætla að njóta þess að spila knattspyrnu,“ sagði Eiður að lokum.

ooj@frettabladid.is


150
milljónir
90+60
1. vinningur
ÍSLENSKI
BÓNUS
VINNINGURINN
18
MILLJÓNIR
Nældu í milljónavinning!
Íslenski bónusvinningurinn stefnir í 18 milljónir.
Potturinn stefnir í 90 milljónir.
Ofurpotturinn stefnir í 60 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is
Fáðu þér miða fyrir kl. 17 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!
VÍKINGA LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
lotto.is
ENNEMM / SÍA / NM36512

# INNLENDUR ÍÞRÓTTAANNÁLL ÁRIÐ 2008



**FIMM SIGRAR** Fótboltalandsliðið endurheimti æru sína og Veigar Páll Gunnarsson átti mjög gott ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**SIGURBYRJUN** Heimir Guðjónsson gerði FH að Íslandsmeisturum á fyrsta ári sínu sem þjálfari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**ÍSLAND Á EM** Kvennalandsliðið tryggði sér, fyrst A-landsliða í fótbolta, sæti í lokakeppni EM með 3-0 sigri á Írum á gaddfreðnum Laugardalsvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SÖGULEG ENDURKOMA** Keflavík reis nánast upp frá dauðum og varð meistari í karlakörfunni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**SKÝLAN Á HILLUNA** Sundkappinn Örn Arnarson kvaddi á ÓL. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**TVÖFALDUR BIKARMEISTARI** Knattspyrnukonan Þórunn Helga Jónsdóttir vann bæði bikarinn með KR á Íslandi og með Santos í Brasilíu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ÞRJÚ ÁR Í RÖÐ** Valur varð Íslandsmeistari í kvennafótboltanum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**SILFUR-STRÁKARNIR OKKAR** Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari og Ólafur Stefánsson landsliðsfyrirliði eftir úrslitaleik Íslands og Frakklands. Fyrir neðan stekkur allt liðið upp á verðlaunapallinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Í LOKAÚRSLITUM Á ÍTALÍU** Jón Arnór Stefánsson var í aðalhlutverki hjá Lottomatica Roma sem komst alla leið í úrslitin á Ítalíu. MYND/GRAZIA NERI



**MEISTARAR** Aron Kristjánsson byrjaði vel með Hauka. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL







**Í ÚRSLIT Á ÖLLUM ÁHÖLDUM** Viktor Kristmannsson stóð sig mjög vel á Norður-Evrópumótinu í fimleikum sem fram fór hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UNNU ALLT** Stjörnukonur unnu alla titla ársins í kvennahandboltanum. Rakel Dögg Bragadóttir fór í haust til Kolding í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**9. SÆTI** Júdómaðurinn Þormóður Árni Jónsson endaði í níunda sæti í sínum flokki á Ólympíuleikunum í Peking. Hér er hann í einni glímunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Mikið úrval ljósa




Opið laugardag 11:00 - 16:00

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

www.rafkaup.is

> **Keira Knightley**

„Það er frábært að klæðast lífstykki því það gefur manni nett mitti og fallega brjóstaskoru en eftir fimm mínútur verður súrefnisskorturinn sem því fylgir mikið vandamál.“
Knightley leikur í kvikmyndinni Pirates of the Caribbean: At Worlds End sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

**STÖÐ 2 KL. 18.50**

## Bubbi og stórsveitin

Stöð 2 sýnir upptöku frá glæsilegum tónleikum Bubba Morthens og Stórsveitar Reykjavíkur sem fram fóru í janúar síðastliðnum í Laugardalshöllinni. Stórsveit Reykjavíkur hefur um árin fengið til samstarfs við sig gestastjórnendur, söngvara og einleikara í fremstu röð frá ýmsum löndum. Hún þurfti ekki að hugsa sig tvisvar um þegar Bubbi hafði samband og bar upp hugmyndina að tónleikunum. Það var Þórir Baldursson sem annaðist útsetningarnar auk þess sem hann stjórnaði hljómsveitinni.
Fyrir tónleikana var Laugardalshöllin sett í sitt fínasta púss, Bubbi sjálfur mætti í hvítum smóking og Stórsveitin var prúðbúin. Meðal laga sem flutt voru í sveiflubúningi voru Aldrei fór ég suður, Lög og regla, Fjöllin hafa vakað, Við Gróttu, Rómeó og Júlía, Sumar konur, Þingmannagæla og Ísbjarnarblús. Sérstakir gestir tónleikanna voru Ragnar Bjarnason og Garðar Thor Cortes. Óhætt er að lofa einstakri upplifun í alla staði.



## EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Frasier** SKJÁREINN



▶ **20.10 Pirates of the Caribbean. At Worlds End** STÖÐ 2



▶ **22.00 Bestu stelpurnar** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.00 Casino Royale** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **23.10 Skuggar fortíðar** SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Litil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Lubbi læknir, Geirharður bojing bojing, Baugalín og Baugalín.
**10.00 Björn bróðir** (Brother Bear)
**11.25 Silfurdrengirnir** (e)
**13.00 Ávarp forseta Íslands**
**13.25 Ávarp forseta Íslands á táknmáli**
**13.40 Svipmyndir af innlendum vettvangi** (e)
**14.40 Svipmyndir af erlendum vettvangi** (e)
**15.30 Nýárstónleikar í Vínarborg**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Á uppleið**
**18.15 Jólastundin okkar** (e)
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veður**
**19.30 Jesús Kristur er hinn sami** Síðasta prédikun Dr. Sigurbjörns Einarssonar biskups í Reykholtskirkju á kirkjudegi Reykholts sl. 27. júlí í sumar.
**20.00 Þursaflokkurinn og Caput** Upptaka frá tónleikum Þursaflokksins og Caput í Laugardalshöll í febrúar í fyrra.
**21.20 Dieter Roth** (Dieter Roth Puzzle)
▶**23.10 Skuggar fortíðar** (The Bourne Supremacy) Bandarísk spennumynd frá 2004. Aðalhlutverk: Matt Damon, Franka Potente, Brian Cox og Julia Stiles.
**00.55 50 sinnum í fyrsta sinn** (50 First Dates) Bandarísk gamanmynd frá 2004. Aðalhlutverk: Adam Sandler og Drew Barrymore. (e)
**02.30 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Fíaskó**
**10.00 Finding Neverland**
**12.00 Life Support**
**14.00 Fíaskó**
**16.00 Finding Neverland**
**18.00 Life Support**
**20.00 The Big Nothing**
▶**22.00 Casino Royale** James Bond þarf að koma í veg fyrir að ófyrirleitinn kaupsýslumaður vinni pókermót og fái þar með vinningsféð til að fjármagna hryðjuverk.
**00.20 The Notorious Bettie Page**
**02.00 Bad Santa**
**04.00 Casino Royale**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Hlaupin, Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Gulla og grænjaxlarnir, Dora the Explorer, Áfram Diego Áfram!, Lalli, Ruff's Patch, Tommi og Jenni og Nebbi.
**09.50 The Ant Bully** Tölvuteiknimynd um Lucas sem er 10 ára og voðalegur prakkari. Hann hlýtur makleg málagjöld eftir að hann sprautar á maurabú með vatnsbyssunni sinni því á einhvern óútskýranlegan hátt skreppur hann saman og verður á stærð við maur.
**11.25 Night at the Museum** Ævintýra- og gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. Larry Daley tekur að sér starf næturvarðar á náttúrugripasafni. Þegar hann er orðinn einn eftir á safninu rekur hann í rogastans þegar munirnir á safninu vakna til lífsins.
**13.10 Kryddsíld 2008**
**15.05 Fréttaannáll 2008**
**16.15 The Holiday** Rómantísk og jólaleg gamanmynd með stórleikurunum Jude Law, Cameron Diaz og Kate Winslet í aðalhlutverkum.
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Bubbi og Stórsveitin** Upptaka frá glæsilegum tónleikum Bubba Morthens og Stórsveitar Reykjavíkur sem fram fóru í janúar sl. í Laugardalshöllinni.
▶**20.10 Pirates of the Caribbean. At Worlds End** Þriðja myndin um svaðilför hins svikula sjóræningja Jacks Sparrow og samherja hans Wills Turners. Sem fyrr fara þau Johnny Depp, Orlando Bloom og Kiera Knightley með aðalhlutverk vel studd af stórleikurunum Geoffrey Rush, Bill Nighy og Keith Richards úr Rolling Stones sem leikur einmitt skrautlegan föður Jacks Sparrows.
**22.55 Notes of a Scandal** Barbara Covett og Sheba Hart eru kennarar við grunnskóla í London. Barbara er föst í viðjum vanans og heldur uppi járnaga í bekknum sínum en Sheba er með mun frjálslegri nálgun í kennslunni. Þrátt fyrir að vera ólíkar ná þær vel saman og verða trúnaðarvinkonur. Með aðalhlutverk fara Judi Dench og Cate Blanchett ásamt Bill Nighy.
**00.25 Walk the Line** Rómantísk og átakanleg Óskarsverðlaunamynd með þeim Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon í aðalhlutverkum. Hér er sagt frá lífsbaráttu söngvarans Johnny Cash og ástarsambandi hans við June Carter. Lífið fór ekki mjúkum höndum um Cash en Carter var alltaf til staðar fyrir hann.
**02.40 Milwaukee, Minnesota**
**04.20 The Holiday**

## SPORT *besta sætið*

**10.00 Umhverfis Ísland á 80 höggum** Logi Bergmann Eiðsson fer Umhverfis Ísland á 80 höggum.
**10.50 Umhverfis Ísland á 80 höggum**
**11.30 PGA Tour 2008 - Year in Review** Árið gert upp í PGA-mótaröðinni í þessum magnaða þætti.
**12.25 F1. Annáll 2008** Árið 2008 gert upp í Formúlu 1 kappakstrinum.
**13.30 Íþróttaárið 2008** Íþróttaárið 2008 gert upp. Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport kryfja árið til mergjar eins og þeim einum er lagið.
**15.40 Landsbankamörkin 2008 - Uppgjör** Landsbankadeildin gerð upp í þar sem öll bestu tilþrifin eru skoðuð, mörkin og allt það umdeildasta.
**16.45 Stjörnugolf 2008** Sýnt frá Stjörnugolfi 2008 en þangað mæta margir þjóðþekktir einstaklingar en tilgangur mótsins er að safna fé til góðs málefnis.
**17.30 Sá besti** Útsending frá lokafögnuðinum á 10 bestu þar sem besti knattspyrnumaður Íslendinga fyrr og síðar var valinn.
**18.40 2008 Ryder Cup Official Film** Ryder keppnin 2008 skoðuð í máli og myndum. Í þessari frábæru mynd er keppnin skoðuð í bak og fyrir frá upphafi til enda.
**20.00 Íþróttaárið 2008**
**22.10 NBA-körfuboltinn** Útsending frá leik Lakers og Boston í NBA körfuboltanum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.00 Goals of the Season 2002/2003** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**10.55 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.
**11.50 Coca Cola mörkin**
**12.20 4 4 2**
**13.30 Season Highlights 1996/1997**
**14.25 Season Highlights 1997/1998**
**15.20 Season Highlights 1998/1999**
**16.15 Season Highlights 1999/2000**
**17.10 Season Highlights 2000/2001**
**18.05 Season Highlights 2001/2002**
**19.00 Season Highlights 2002/2003**
**19.55 Season Hightlights 2003/2004**
**20.50 Season Highlights 2004/2005**
**21.45 Season Hightlights 2005/2006**
**22.40 Season Hightlights 2006/2007**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**11.40 Dr. Phil** (e)
**12.25 Rachael Ray**
**13.10 Dr. Phil**
**13.55 America's Funniest Home Videos** (36:42) (e)
**14.25 Rat Race** Gamanmynd frá 2001 með Rowan Atkinson, John Cleese, Whoopi Goldberg og Cuba Gooding Jr. í aðalhlutverkum. Sérvitur spilavítiseigandi í Las Vegas reynir að finna nýjan vettvang fyrir fjárhættuspil og dettur í hug að skapa leik sem gengur út á það að sex lið etja kappi við hvert annað um hvert þeirra verði fyrst til að fá 2 milljónir dollara úr peningaskáp í Nýju-Mexíkó.
**16.25 Good Advice** Rómantísk gamanmynd frá árinu 2001 með Charlie Sheen, Denise Richards í aðalhlutverkum. Tilfinningasnauður gaur í fjármálageiranum missir vinnuna og kærustuna á einu bretti. En þegar allt sýnist vonlaust fær hann tækifæri til að sanna sig þegar hann stelst til að skrifa ráðleggingardálk í dagblað sem kærastan var vön að skrifa. (e)
**17.55 America's Next Top Model** (12:13) (e)
**18.45 Friday Night Lights** (15:15) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos** (37:42) (e)
▶**20.00 Frasier** (23:24) Síðasta þáttaröðin af einni vinsælustu gamanseríu allra tíma. Útvarpssálfræðingurinn Frasier Crane er engum líkur og sérviska hans og snobb eiga sér engin takmörk.
**20.30 Gangs of New York** Stórmynd frá 2002 með Leonardo DiCaprio, Daniel Day-Lewis, Cameron Diaz, Jim Broadbent, John C. Reilly og Liam Neeson í aðalhlutverkum.
**23.20 Lord of the Rings. Fellowship of the Ring** (e)
**02.40 Sugar Rush** (7:10) (e)
**03.10 Vörutorg**
**04.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**Áramótakveðjur**
**12.00 Ávarp Bæjarstjóra Akureyrar**
**14.00 Áramótaþáttur** (e) Endurtekið kl. 16.00, 18.00, 20.00 og 22.00
**Áramótakveðjur**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR: AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### SKJÁREINN KL. 20.30
### Gangs of New York



Stórmynd frá 2002 með Leonardo DiCaprio, Daniel Day-Lewis, Cameron Diaz, Jim Broadbent, John C. Reilly og Liam Neeson í aðalhlutverkum. Myndin gerist á miklum ófriðartíma í New York á árunum 1846 til 1863 og fjallar um klíkustríð milli ítalskra innflytjenda og Norður-Evrópubúanna sem þar búa fyrir. Ungur glæpamaður, Amsterdam, reynir að setja á fót klíku til að hefna dauða föður síns og koma á friði. Myndin var tilnefnd til tíu Óskarsverðlauna. Leikstjóri er Martin Scorsese.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Þursaflokkurinn og Caput
### Sjónvarpið kl. 20.00

Sjónvarpið sýnir stórtónleika Hins íslenzka þursaflokks og Caput sem haldnir voru í Laugardalshöll í febrúar sl. þar sem flutt voru öll helstu lög Þursaflokksins í viðhafnarútsetningum. Tónleikarnir marka 30 ára afmæli Þursaflokksins sem hélt sína allra fyrstu tónleika í febrúar árið 1978, en hætti svo fimm árum síðar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Klukkur landsins
**08.25** Sinfónía nr. 9 í d-moll eftir Ludwig van Beethoven
**10.00** Fréttir
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Vetrarmorgunn
**11.00** Guðsþjónusta í Dómkirkjunni í Reykjavík
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Ávarp forseta Íslands,
**13.25** Papa Haydn og píanókonsertinn
**14.00** Þúsund skjáir og einn að horfa
**15.00** Ísland, notað og nýtt
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Á nálum
**18.00** Kvöldfréttir
**18.15** Hlustum á náttúruna!
**19.00** Nýársópera Útvarpssins: Cavalleria Rusticana og Pagliacci
**22.00** Fréttir
**22.05** Veðurfregnir
**22.10** Útvarpsperlur: Í fáum dráttum, Stefán Jónsson fréttamaður
**23.05** Mozartveisla
**00.00** Fréttir
**00.05** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (93:260)
**16.30 Hollyoaks** (94:260)
**17.00 Seinfeld** (24:24)
**17.30 Help Me Help You** (11:13)
**18.00 Sex and the City** (3:18)
**18.30 Sex and the City** (4:18)
**19.00 Hollyoaks** (93:260)
**19.30 Hollyoaks** (94:260)
**20.00 Seinfeld** (24:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma.
**20.30 Help Me Help You** (11:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki við að takast á við raunveruleikann en þyrfti sjálfur að fara eftir eigin ráðum.
**21.00 Sex and the City** (3:18) Stöð 2 Extra sýnir eina eftirminnilegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátískuborginni New York.
**21.30 Sex and the City** (4:18)
▶**22.00 Bestu Stelpurnar** Brot af bestu bröndurum Stelpnanna vinsælu en þess má geta að þátturinn var valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaununum 2006.
**22.25 Bestu Stelpurnar**
**22.50 Nýársbomba Fóstbræðra** Þáttarstjórnendurnir Magnús og Sigrún fá til sín nokkra góða og vel valda viðmælendur en ýmislegt fer öðruvísi en ætlað var í þessum spjallþætti þar sem þjóðlegur andi svífur yfir vötnum og draugur fortíðar, jólasveinninn og skurðlæknirinn Steingrímur stíga trylltan dans.
**23.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Yfirlit yfir helstu fréttaviðburði ársins.
**22.00 Borgarlíf** Þáttur Mörtu Guðjónsdóttur fjallar um Reykjavíkurborg.
**22.30 Óli á Hrauni** Ólafur Hannesson ræðir við Ómar Ragnarsson um 50 ára starfsferil hans.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**09.25** Oggy og kakerlakkerne **09.30** That's So Raven **09.55** F for Får **10.00** Året der gik i Kongehuset 2008 **11.00** Dronningens Nytårstale **11.15** Nytårskoncert fra Wien **12.45** Skihop **14.30** Next Karate Kid **16.10** The Sketch Show **16.30** Fredagsbio **16.40** Peddersen og Findus **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** Huset på Christianshavn **18.15** Statsministerens nytårstale **18.30** Aftenshowet med Vejret **19.00** Livvagterne **20.00** Fidibus **21.35** Basic **23.10** En sag for Frost **00.25** En duft af kvinde

## NRK 1

**09.00** Lånerne **09.30** Ut i nærturen **09.45** Joanna Lumley. Drømmen om nordlyset **10.45** Hoppuka **11.15** Nyttårskonserten fra Wien **12.40** Sport i dag **14.30** Tour de Ski **16.10** Hoppuka **16.35** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.50** Sametingspresidentens nyttårstale **17.00** Pippi Langstrømpe **17.30** Energikampen 2008 **18.00** Dagsrevyen **18.30** Statsministerens nyttårstale **18.45** TenThing brassensemble **18.50** Julenøtter 2008 **19.05** Tronarvinger i Arktis **19.55** Stolthet og fordom **21.55** Løsning julenøtter 2008 **22.00** Kveldsnytt **22.15** Runaway Jury

## SVT 1

**10.15** På spåret **11.15** Nyårskonsert från Wien **12.55** Smakbitar **13.55** Vild blir tam **14.20** Längdskidor **16.05** Retreat - den raka vägen **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Minnenas television **18.30** Rapport med A-ekonomi **18.55** Regionala nyheter **19.00** Kungafamiljen 2008 **20.00** De halvt dolda **21.00** Berättelsen om Moulin Rouge **21.55** En annan del av verkligheten **22.45** Stjärnorna på slottet **23.45** Sändningar från SVT24



## > Al Pacino

„Mér leiðist að hreyfa mig. Ef það hellist yfir mig einhver löngun til að gera æfingar þá bíð ég eftir því að hún líði hjá frekar en að gera eitthvað í málinu.“
Pacino leikur í myndinni The Recruit sem sýnd er á Skjá einum í kvöld.



# dags

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM PUNTUDÚKKUR

# Stjórnmálamenn í klemmu



Ragnhildur Steinunn sjónvarpskona þvældist í rápi um rásirnar fyrir augu mín á mánudagskvöldið. Hún tók Sigurð Kára og Katrínu Jakobsdóttur í yfirheyrslu um bága stöðu námsmanna sem eru víða erlendis að hrökklast frá námi vegna gengisfalls. Samtalið var athyglisvert. Ragnhildur var á sínum tíma ráðin sem einhvers konar puntudúkka enda lítur hún vel út og Þórhallur Gunnarsson vildi hafa svona skutlu í léttari innslögum og uppistöndum sem heimtuðu lögulegan kvenmann. Ragnhildur er mistæk í því hlutverki, fatasmekkur hennar er umdeildur og hún á erfitt með að vera innileg í samtölum sem eiga að vera á persónulegum nótum eins og sjá má í þætti hennar Gott kvöld.

Í yfirheyrslu stjórnmálamannanna ungu sem báðir höfðu lítið sem ekkert til málanna að leggja og virtust helst vera á staðnum til að staðfesta þekkingarleysi sitt um innviði málsins sýndi Ragnhildur aftur nýja takta. Henni stóð greinilega ekki á sama um hlut námsmanna, hún rak ákveðið en án óþolinmæði á eftir mali Sigurðar sem virðist líta á það sem öruggasta leið í næsta prófkjör að tala hægt og óáþreifanlega um málefnin, moðreyksaðferðin átti ekki við hana og hún sýndi óánægju sína. Spurningar hennar og ýtni voru gildishlaðin, ábyrgð hennar stærri en beggja pólitíkusanna og áhorfandinn smitaðist af – vegna þess að henni var sýnilega ekki sama.

Og eftir á fór áhorfandinn að velta fyrir sér hvort staður Ragnhildar sé ekki einmitt í svona viðtölum, hún búi yfir einurð sem sé ábyrgari en oft á tíðum kæruleysislegt yfirbragð Helga Seljans, hið kaotíska samræðusnið Jóhönnu eða yfirspennt samtal Sigmars. Væri gaman að fá þessari ungu konu þannig tækifæri. Svo sakna ég þess alltaf að Þórhallur Gunnarsson skuli ekki láta til sín taka reglulega í yfirheyrslum sem útheimta hörku og góðan undirbúning. Í því hafði hann orðið bestan undirbúning og nyti sín þar mun betur en í inngangskynningum Kastljóssins.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** School for Scoundrels STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.20** Svipmyndir af innlendum vettvangi SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30** Bestu stelpurnar STÖÐ 2



▶ **22.55** Rush Hour 2 SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Lítil prinsessa, Halli og risaeðlufatan, Gurra grís, Geirharður boijng boijng og Snillingarnir.

**09.15 Anna afastelpa** (e)

**09.35 Stundin okkar** (e)

**10.05 Valíant**

**11.20 Kötturinn með höttinn** (Dr. Seuss: The Cat In The Hat) (e)

**12.40 Hrúturinn Hreinn** (Shaun the Sheep)

**12.50 Táknmálsfréttir**

**13.00 Fréttir**

**13.15 Veður**

**13.20 Silfurdrengirnir** Þáttur um handboltalandsliðið og glæsilega framgöngu þess á Ólympíuleikunum í Peking.

**14.50 Austfjarðatröllið** Fylgst er með aflraunakeppninni Austfjarðatröllið 2008.

**15.50 Fyrir þá sem minna mega sín**

**17.00 Víkingalottó**

**17.05 Hlé**

**20.00 Ávarp forsætisráðherra**

▶**20.20 Svipmyndir af innlendum vettvangi**

**21.25 Svipmyndir af erlendum vettvangi**

**22.30 Áramótaskaup Sjónvarpsins**

**23.25 Kveðja frá Ríkisútvarpinu**

**00.10 Sniglabandið - Beztu sætin** (e)

**01.05 Kóngulóarmaðurinn** (Spider-Man) Bandarísk ævintýramynd frá 2002.(e)

**03.05 Tónleikar á Menningarnótt** (e)

**04.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Snow Wonder**

**10.00 Wild Hogs**

**12.00 School for Scoundrels**

**14.00 American Dreamz**

**16.00 Snow Wonder**

**18.00 Wild Hogs**

▶**20.00 School for Scoundrels** Jon Heder leikur óheppinn ungan mann sem þráir að bjóða draumadísinni út á stefnumót en skortir kjark.

**22.00 So I Married an Axe Murderer**

**00.00 Stephen King's Desperation**

**02.10 The Descent**

**04.00 So I Married an Axe Murderer**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Doddi litli og Eyrnastór, Ruff's Patch, Gulla og grænjaxlarnir, Dóra könnuður og Áfram Diegó, áfram!

**09.15 Jimmy Neutron. Boy Genius**

**10.35 Home Alone 4**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.20 The Shaggy Dog** Fjölskyldumynd um mann sem óvænt verður fórnarlamb brjálaðs vísindamanns þegar hundur sem er nýsloppinn út af erfðarannsóknarstofu bítur hann. Áður en langt um líður koma einkennilegar hegðunarbreytingar fram hjá fjölskyldumanninum og hann fer að haga sér eins og hundur.

**14.00 Kryddsíld 2008** Leiðtogar stjórmálaflokkanna mæta til síðbúins hádegisverðar hjá Sigmundi Erni Rúnarssyni og Eddu Andrésdóttur og ræða það sem þeim er efst í huga þegar þeir líta um öxl yfir árið sem er að líða.

**15.55 Charlie and the Chocolate Factory** Fjölskyldumynd byggð á barnabók eftir Roald Dahl.

**18.00 Friends** (10:24)

**18.25 Sálin - hér er draumurinn** Ný heimildarmynd um sögu Sálarinnar en hljómsveitin fagnar um þessar mundir tuttugu ára starfsafmæli sínu.

**20.00 Ávarp Forsætisráðherra**

**20.20 Fréttaannáll 2008**

▶**21.30 Bestu Stelpurnar** Brot af bestu bröndurum Stelpnanna vinsælu en þess má geta að þátturinn var valinn besti leikni þátturinn á Edduverðlaununum 2006.

**21.50 Bestu Stelpurnar**

**22.15 Nýársbomba Fóstbræðra** Stöð 2 sýnir nú hina sígildu áramótabombu Fóstbræðra. Þáttastjórnendurnir Magnús og Sigrún fá til sín nokkra góða og vel valda viðmælendur en ýmislegt fer öðruvísi en ætlað var. Leikarar. Helga Braga Jónsdóttir; Þorsteinn Guðmundsson; Benedikt Erlingsson; Sigurjón Kjartansson; Jón Gnarr Kristinsson

**23.00 Bewitched** Rómantísk gamanmynd um nornina Isabel sem er komin með leið á því að fá allt upp í hendurnar. Hún vill hefja nýtt líf en það er ekki auðvelt að gefa hæfileikann upp á bátinn sérstaklega þar sem hún hefur aldrei svo mikið sem vaskað upp sjálf.

**00.40 Meet the Fockers**

**02.30 The Jewel of the Nile**

**04.15 Deuce Bigalow. European Gigolo**

**05.35 Nýársbomba Fóstbræðra**

## STÖÐ 2 SPORT besta sætið

**08.35 NBA Action** Öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

**09.05 PGA Tour 2008 - Year in Review** Árið gert upp í PGA-mótaröðinni.

**10.00 2008 Ryder Cup Official Film** Í þessari mynd er Ryder-keppnin 2008 skoðuð í máli og myndum.

**11.20 F1. Annáll 2008** Árið 2008 gert upp í Formúlu 1 kappakstrinum.

**12.20 Íþróttaárið 2008** Íþróttaárið 2008 gert upp þar sem fréttamenn Stöðvar 2 Sport kryfja árið til mergjar eins og þeim einum er lagið.

**14.30 Landsbankamörkin 2008 - Uppgjör** Landsbankadeildin gerð upp í þætti þar sem öll bestu tilþrifin eru skoðuð, mörkin og allt það umdeildasta. Góðir gestir koma í heimsókn og sérfræðingar kryfja knattspyrnusumarið til mergjar.

**15.35 10 Bestu - Sá besti** Útsending frá lokafögnuðinum á 10 bestu þar sem besti knattspyrnumaður Íslendinga fyrr og síðar var valinn.

**16.45 Stjörnugolf 2008** Sýnt frá Stjörnugolfi 2008 en þangað mæta margir þjóðþekktir einstaklingar en tilgangur mótsins er að safna fé til góðs málefnis.

**17.30 HLÉ Á DAGSKRÁ**

**20.30 Íþróttaárið 2008**

## STÖÐ 2 SPORT 2 enski boltinn

**08.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Aston Villa.

**10.10 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað.

**10.40 Premier League Review 2008/09** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**11.35 Leikur vikunnar**

**13.15 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni.

**14.25 Goals of the Season 1999/2000** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**15.20 Goals of the Season 2000/2001**

**16.15 Goals of the Season 2001/2002**

**17.10 Goals of the Season 2002/2003**

**18.05 Goals of the Season 2003/2004**

**19.00 Goals of the Season 2004/2005**

**19.55 Goals of the Season 2005/2006**

**20.50 Goals of the Season 2006/2007**

**21.45 Goals of the Season 2007/2008**

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**11.05 Dr. Phil** (e)

**11.50 Rachael Ray**

**12.35 Dr. Phil**

**13.20 America's Funniest Home Videos** (34:42) (e)

**13.50 Comfort and Joy** (e)

**15.20 Innlit / útlit** (14:14) (e)

**16.10 Charmed** (14:22) (e)

**17.00 America's Next Top Model** (e)

**17.50 Are You Smarter Than a 5th Grader?** (19:27) (e)

**18.40 Friday Night Lights** (14:15) (e)

**19.30 America's Funniest Home Videos** (35:42) (e)

**20.00 Cirque Du Soleil. KA Extreme** Einstök mynd þar sem fylgst er með uppsetningu Cirque du Soleil-fjöllistahópsins á dýrustu og mikilfenglegustu sýningu sinni í Las Vegas, sem kallast KÀ. (e)

**21.00 The Recruit** Spennumynd frá 2003 með Al Pacino og Colin Farrell í aðalhlutverkum. James Clayton er efnilegur nýliði bandarísku leyniþjónustunnar sem er í þjálfun hjá Walter Burke, einum virtasta og reyndasta njósnara stofnunarinnar. Ekki líður á löngu uns Clayton fær það vandasama hlutverk að hjálpa Burke við að hafa uppi á gagnnjósnara Kínverja, sem talinn er leynast í innsta hring starfsmannanna. Clayton uppgötvar sér til skelfinar að böndin berast hægt og hægt að engum öðrum en hinum snjalla og traustvekjandi lærimeistara hans.

▶**22.55 Rush Hour 2** Hasargamanmynd frá 2001 með Jackie Chan og Chris Tucker í aðalhlutverkum. Þeir leika tvo afar ólíka lögreglumenn sem þurfa að taka höndum saman. Annar er fyrirmyndarlögga frá Hong Kong en hinn er kjaftfor alríkislögreglumaður frá Los Angeles.

**00.25 People I Know**

**02.10 The 5st State** (e)

**03.45 Vörutorg**

**04.45 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.00 Áramótakveðjur**

**13.00 Áramótaþáttur** Endurtekið kl. 16.00 og kl. 21.00

**N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.20
### STÖÐ 2 SPORT KL. 12.20

Frétta- og íþróttaannáll



Það er fyrir löngu orðinn góður og gildur siður að gera upp árið sem er að líða á gamlársdag. Verður þar engin undantekning á hjá Stöð 2 og Stöð 2 Sport. Annálar verða á þessum stöðvum í opinni dagskrá. Íþróttaannállinn á Stöð 2 Sport er í hádeginu og endursýndur kl. 20.30. Þar fara íþróttafréttamenn Stöðvar 2 hratt og örugglega yfir sögu og reifa það allra helsta sem gerðist í heimi íþrótta á árinu. Á Stöð 2 klukkan 20.20 verður svo farið yfir fréttaárið 2008 en óhætt er að segja að af nógu sé að taka að þessu sinni og fréttastofur landsins hafa ærið verk fyrir höndum þegar tíunda þarf það allra helsta á svo viðburðaríku og stormasömu ári.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### *Áramótaskaupið 2008*

### Sjónvarpið kl. 22.30

Áramótaskaupið 2008 verður eflaust með líflegasta móti enda af nógu að taka frá þessu tíðindamikla ári. Ritstjóri skaupsins að þessu sinni er Sigurjón Kjartansson, leikstjóri og meðhöfundur er Silja Hauksdóttir, og aðrir höfundar eru Hugleikur Dagsson, Ilmur Kristjánsdóttir og Hjálmar Hjálmarsson. Með aðalhlutverk fara Brynhildur Guðjónsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Halldóra Geirharðsdóttir, Ilmur Kristjánsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Jón Gnarr, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kjartan Guðjónsson og Þorsteinn Bachmann.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Góða veislu gjöra skal
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Þú sem eldinn átt í hjarta
**14.00** Nýárskveðjur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Veðurfregnir
**16.07** Hvað gerðist á árinu?
**17.50** HLÉ
**18.00** Guðsþjónusta í Hallgrímskirkju
**19.00** Þjóðlagakvöld
**20.00** Ávarp forsætisráðherra
**20.15** Máninn hátt á himni skín
**20.20** Flugeldar og stjörnuljós
**22.15** Söngkonur sjötta áratugarins
**23.10** Kampavín og kristalsglös
**23.43** Áramótalúðrar
**23.54** Brennið þið vitar
**23.59** Kveðja frá Ríkisútvarpinu
**00.05** Gleðilegt ár!
**01.00** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (92:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (93:260)
**17.00 Seinfeld** (23:24)
**17.30 Smallville** (18:20)
**18.15 Justice** (12:13)
**19.00 Hollyoaks** (92:260)
**19.30 Hollyoaks** (93:260)

▶**20.00 Seinfeld** (23:24) Jerry, George, Elaine og Kramer halda uppteknum hætti í einum vinsælasta gamanþætti allra tíma. Þess má geta að höfundur þáttanna ásamt Jerry Seinfeld er Larry David úr Curb Your Enthusiasm.

**20.30 Smallville** (18:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

**21.15 Justice** (12:13) Spennandi lögfræðiþættir, framleiddir af Jerry Bruckheimer(CSI). Þættirnir gerast á eftirsóttri lögfræðistofu í Los Angeles þar sem stóru og umtöluðu málin koma inn á borð og ósjaldan tengjast þau ríka og fræga fólkinu. Þáttunum hefur verið líkt við Practice.

**22.00 Burn Notice** (4:13) Hraðir og hörkufyndnir spennuþættir í anda Bonds og Chucks. Njósnarinn Michael Westen kemst að því sér til mikillar skelfingar að hann hefur verið settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem ekki er lengur treystandi og njóta því ekki lengur verndar yfirvalda. Þetta þýðir að hann er orðinn atvinnulaus og einnig eftirsóttasta fórnarlamb helstu glæpamanna heimsins.

**22.45 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Yfirlit yfir helstu fréttaviðburði ársins.

**22.00 Sportið mitt** Íþróttaþáttur í umsjá Sigurðs Inga Vilhjálmssonar og Sverris Júlíssonar, íþróttaviðburðir ársins verða til umfjöllunar.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn**

## DR 1

**10.00** Det lille hus på prærien **10.50** Flugten fra hønsegården **12.15** Landsbyhospitalet **13.00** Robin Hood **13.45** Der var engang... **14.20** Hvem ved det! **14.55** Præriens skrappe drenge **16.30** Før Dronningens nytårstale **17.00** Dronningens Nytårstale **17.15** Efter Dronningens nytårstale **17.30** TV Avisen **18.00** Aftenshowet - præsenterer 2009 på DR1 **18.30** Der var engang en dreng - som fik en lillesøster med vinger **19.55** Dirch Passer Sjov **20.40** Moonraker **22.45** 90 års fødselsdagen **23.00** Rådhusklokker 2008/2009 **23.05** Vær velkommen **23.10** Nytårsgudstjeneste **00.00** Beatles - Den hvide koncert **02.00** En sag for Frost

## NRK 1

**09.55** Cranford **10.50** Sport i dag **12.45** Hoppuka **13.45** Tour de Ski **15.00** Den spanske flue **17.00** Det første snøfallet **17.30** Wallace og Gromit **18.00** Dagsrevyen **18.30** H.M. Kongens nyttårstale **18.45** Händel. fra Water Music **18.50** Julenøtter 2008 **19.05** Naturopplevelser **19.25** Født på solsiden spesial **20.20** Stavanger 2008 - europeisk kulturhovedstad **21.10** Vikinglotto **21.20** Løsning julenøtter 2008 **21.25** Underholdningskavalkaden 2008 **22.55** Ord ved årsskiftet ved Lise Fjeldstad **23.05** På kongelig varieté **00.40** Stjerneskudd jukeboks m/chat

## SVT 1

**09.15** Sällskapsresan 2 - Snowroller **10.50** Längdskidor **12.30** Inför Idrottsgalan 2009 **12.35** Kören - killar sjunger inte **13.35** Längdskidor **15.15** Gomorron Sverige **16.05** Retreat - den raka vägen **17.00** Rapport **17.10** 99 år och evigt ung **18.10** Konst som retat många **18.20** Historien om bingo **18.30** Rapport **18.45** Grevinnan och betjänten **19.00** Falkenbergsrevyn **20.00** Notting Hill **22.00** D'ji vous veu volti' **22.15** Tolvslaget **23.10** Bandits **01.10** Sändningar från SVT24




## ÁRIÐ SEM ER AÐ LÍÐA



*„Eftirminnilegast fyrir mér er þegar Stúdentaráð braut á bak aftur upptöku skólagjalda í opinberum háskólum í vor og sögulegt samstarf námsmannahreyfinga sem varð til á árinu. Einnig aukið fjármagn til HÍ á vorönn svo hægt sé að mennta þá þjóðþegna sem þess óska, eftir baráttu við yfirvaldið. Samskipti og orðaskipti sem sanna að þrýstiafl SHÍ undir stjórn Röskvu virkar.“*

Björg Magnúsdóttir, formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands.

# Frikki slær í gegn í danska ríkisútvarpinu

„Mér finnst ofboðslega erfitt að sjá mína elskulegu eyju í slíkum sárum sem hún er í dag,“ segir Friðrik Weisshappel, kaffihúsaeigandi í Danmörku. Hann var einn 24 einstaklinga sem voru fengnir til að flytja nýársávarp fyrir heimasíðu danska ríkisútvarpsins, dr.dk. Gestum síðunnar gefst svo tækifæri á að kjósa besta nýársávarpið og Friðrik er langefstur í kjörinu með 22 prósent atkvæða.

„Ég hef ekki minnstu hugmynd um hvernig mitt nafn kom upp hjá útvarpi Danaveldis. Ég fékk bara þetta símtal og sagði já strax, enda langaði mig að koma frá mér alls konar hlutum,“ segir Friðrik. Hann talar skiljanlega um ástandið í heimalandinu, sem hann segir í ávarpinu að blæði út eins og særðu dýri sem berst fyrir lífi sínu. Hann segir einnig að Íslendingar vilji nýtt samfélag sem ekki stýrist af Mammoni, og að vel sé hægt að reisa landið við.

„Ég er mjög einlægur þarna, ég ákvað að opna mig bara algjörlega,“ segir Friðrik, sem talar einnig um Irmu dóttur sína sem fæddist á árinu. „Ræðan fléttaðist inn í minn daglega veruleika.“ Hann segir dótturina vera að taka sín fyrstu skref. Þau taki hún í heimi sem hann trúi að verði betri eftir fjármálakreppuna, sem muni vonandi kenna okkur að peningar skipti engu máli ef við týnum hjarta okkar í leitinni að þeim.

Þá segist Friðrik hafa grátið af gleði þegar Barack Obama var kjörinn forseti, og vonar að mörg tækifæri verði til að gráta af gleði á árinu 2009. - þeb



**FRIÐRIK WEISSHAPPEL** Flutti nýársávarp fyrir danska ríkisútvarpið og var þar meðal annars í félagsskap þjóðþekktra Dana.



**LÁRÉTT**
**2.** bjálfi, **6.** í röð, **8.** sæ, **9.** kerald, **11.** utan, **12.** ketilbumbur, **14.** krakka, **16.** ambátt, **17.** rönd, **18.** gubb, **20.** eldsneyti, **21.** skrifa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** mannvíg, **3.** klaki, **4.** lögtak, **5.** uppistaða, **7.** kot, **10.** keyra, **13.** dýrahljóð, **15.** skeifa, **16.** persónufornafn, **19.** bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** fífl, **6.** rs, **8.** sjó, **9.** áma, **11.** án, **12.** pákur, **14.** barns, **16.** þý, **17.** rák, **18.** æla, **20.** mó, **21.** rita.
**LÓÐRÉTT: 1.** dráp, **3.** ís, **4.** fjárnám, **5.** lón, **7.** smábýli, **10.** aka, **13.** urr, **15.** skór, **16.** þær, **19.** at.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

## SIGURÐUR HREINSSON: ÓLAFUR VILL SÖLSA UNDIR SIG LANDIÐ

# Milljóna sekt auðkýfings til mæðrastyrksnefndar

„Hæstiréttur staðfesti að við eigum landið saman,“ segir Sigurður Hreinsson, bóndi á Miðhrauni II á Snæfellsnesi. Hann og kona hans, Bryndís Hulda Guðmundsdóttir, unnu nýverið mál gegn nágranna sínum, Ólafi Ólafssyni, sem gjarnan er kenndur við Samskip.

Hæstiréttur staðfesti dóm sem féll í undirrétti sem kveður á um sameign á fjalllandi Miðhrauns. Þeim dómi áfrýjaði Ólafur og bættu þá Sigurður og Bryndís, með fulltingi lögmanns síns, Ragnars Aðalsteinssonar, því inn í kröfugerð að Ólafi bæri að greiða málskostnað. Þeim hjónum til óvæntrar ánægju féllst Hæstiréttur á þá kröfu.

„Þetta hefur kostað okkur mikla peninga. En Ólafur áfrýjaði – ekki við. Við höfðum enga sérstaka trú á að fá kostnað greiddan. Í því skjóli hafa auðmenn skákað. Notað sér kjarkleysi dómstóla sem sjaldnast láta menn borga fyrir vitleysuna. En við fengum óvænt 1,8 milljónir. Við vorum búin að segja að ef þetta málskostnaðarákvæði félli okkur í vil ætluðum við að láta það fé renna til góðs málstaðar. Og urðum að standa við það.“ Hjónin gáfu féð til mæðrastyrksnefndar. Sigurður segir ekki veita af því nú á þessum síðustu og verstu enda hafi þessir auðmenn skilið eftir sviðna jörð.



**ÞYRLA ÓLAFS VIÐ MÆLIFELL I** Nágrannar Ólafs, Sigurður og Bryndís, eru sannfærðir um að eilífar nágrannaerjur spretti af því að Ólafur vilji sölsa undir sig jörðina alla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Allt frá því Ólafur keypti Miðhraun á Snæfellsnesi fyrir um sjö árum, þar sem er tvíbýli, hafa illdeilur verið milli ábúenda og svo Ólafs sem reisti sumarhús sem stendur skammt frá bæ Sigurðar og Bryndísar, deilur sem hafa komist í fréttir, meðal annars þegar Ólafur flaug þyrlu sinni yfir bæinn þegar verið var að ferma son hjónanna. Sigurður telur Ólaf vilja flæma þau af jörðinni, bæði með hótunum sem og boðum um að kaupa. Á ýmsu hefur gengið en þessi tilteknu mál sem í var dæmt nú hafa tekið fimm ár fyrir dómstólum. „Aðalmálið er um sameignina á fjalllandi og hitt snýst um ræktun okkar á örfoka mel. Lögbannsmál sem við unnum einnig. Um þessar deilur má skrifa heila bók. Tilbúningur og della vegna þess að hann hefur viljað sölsa undir sig jörðina eins og aðrir auðmenn sem hér hafa leikið lausum hala landsmönnum til mikillar bölvunar,“ segir Sigurður.

Fréttablaðið reyndi að ná tali af Ólafi vegna málsins en fékk þær upplýsingar hjá Samskipum, þar sem Ólafur er stjórnarformaður, að hann væri í fríi yfir hátíðarnar og dveldi erlendis nú um stundir.

jakob@frettabladid.is



**SIGURÐUR HREINSSON** Hrósar nú sigri í margra ára málaferlum gegn Ólafi Ólafssyni í Samskipum.

**ÓLAFUR KENNDUR VIÐ SAMSKIP** Hann var dæmdur til að greiða málskostnað hjónanna, tæpar tvær milljónir, sem þau svo létu renna til mæðrastyrksnefndar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Breytingar verða á Íslandi í dag á Stöð 2 nú um áramótin. Mannamál Sigmundar Ernis og Markaður Björns Inga sameinast þættinum sem hér eftir verður unnin í nánara samstarfi við fréttastofu Stöðvar 2. Þar að auki hafa verið gerðar mannabreytingar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hætta þau Sigurlaug Margrét Jónasdóttir, Oddur Ástráðsson og Sölvi Tryggvason. Í staðinn hefur verið ráðin **Sigrún Ósk Kristjánsdóttir** sem síðast starfaði sem ritstjóri Skessuhorns á Akranesi.

Raddir heyrast í kampakátum bókaútgefendum en í bóksölu fyrir þessi jólin féllu ýmis met. **Arnaldur Indriðason** var konungurinn sem oft fyrr, slær met en hann rambar á barmi þess að brjóta 30 þúsunda seldra eintaka múrinn. Metupplag var prentað af bók hans og fór Vaka Helgafell í aðra prentun bókar hans.



Þá er **Einar Kárason** kátur en hann hefur aldrei selt bók í viðlíka upplagi og nú en hann fór yfir tíu þúsund seld eintök með sinn Ofsa. Einar hlaut að auki verðlaun bókabúðafólks fyrir bókina sem og Gullmiðann en hin Íslensku bókmenntaverðlaun verða afhent eftir um mánuð á Bessastöðum og spá margir því að Einar hljóti hnossið að þessu sinni.

- hdm, jbg



Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni




Fréttablaðið stendur upp úr
Höfuðborgarsvæðið 18-49 ára. Capacent ág-okt 08

Notaðu mest lesna blað landsins
til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina
Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband
í síma 512 5448 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni
FRÉTTABLAÐIÐ

# Leikstýrir bíómynd sextán ára

Ólafur Hannesson, sextán ára Hafnfirðingur, hefur sótt um tíu milljóna króna styrk frá Kvikmyndastöð Íslands um að leikstýra sinni fyrstu bíómynd í fullri lengd. Nefnist hún Laxdal og er glæpamynd, byggð á hans eigin handriti.

Ólafur hefur sótt leiklistaráfanga í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og eftir að hafa fengið góð viðbrögð frá kennara sínum við handritinu ákvað hann að sækja um styrkinn. „Það fjallar um tvo bræður. Annar er fyrrverandi dópisti en hinn er reyndar voðalega „plain“,“ segir Ólafur um handritið. „Myndin byrjar á því að þeir eru að halda upp á að hann sé hættur í öllu rugli. Svo kemur það í ljós að hann á eftir að borga eina skuld og fær tækifæri til að redda dópi í staðinn fyrir að borga skuldina.“



**UNGUR OG EFNILEGUR** Ólafur Hannesson vonast til að leikstýra sinni fyrstu bíómynd í fullri lengd á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Verði myndin að veruleika verður hún unnin í samvinnu við framleiðandann Pegasus. „Svo er að bíða og vona það besta um að fá þennan styrk,“ segir Ólafur og er að vonum spenntur. „Ef ég fæ styrkinn verð ég vonandi kominn með einhverja „professional“ leikara í myndina. Það verður alveg frábært.“

Leikstjórarnir Baltasar Kormákur og Steven Spielberg eru í mestu uppáhaldi hjá Ólafi og vonast hann til að feta í fótspor þeirra í framtíðinni. Nefnir hann Mýrina og Reykjavík Rotterdam sem uppáhalds íslensku myndirnar sínar.

Eins og Spielberg hóf Ólafur feril sinn á stuttmyndagerð og einnig eiga þeir það sameiginlegt að leika aldrei í myndum sínum. „Ég vil leggja allt mitt í að gera myndina góða,“ segir hann ákveðinn og vonast til að hefja tökur á Laxdal 5. maí, eða um leið og skólafríið hefst. - fb

# Framtíðin er björt með þinni hjálp

Elín Sóley Hrafnkelsdóttir, Eysteinn Hrafnkelsson og Kjartan Bjarmi Árnason héldu tombólu við Nóatún í Hamraborg og færðu
Rauða krossinum ágóðann 16.421 krónur. Arnór Björnsson átti 10 ára afmæli í október. Þessar ungu sunnlensku stúlkur héldu
tombólu og gáfu Rauða krossinum afrakstu ur héldu tombólu á Selfossi og færðu Rauða
krossinum ágóðann kr.1.858.-. Frá vinstri: He igurðardóttir og Aníta Guðrún Sigurðardóttir.
Þessar hugmyndaríku stelpur Anna Dögg Arn ðadóttir tíndu rifsber, héldu sultutombólu við
Garðheima og víðar og færðu Rauða krossinu öu vinkonur Anna Bynhildur Hermannsdóttir,
Valdís Bæringsdóttir, Kristín Marja Ómarsdót tombólu við Grímsbæ á dögunum og færðu
Rauða krossinum ágóðann 15.929 krónur. Þe s Ísabella, Olga Katrín og Halldóra slógu nýtt
Skagamet á dögunum þegar þær söfnuðu 1 ssinum.Þessir krakkar frá Vík héldu tombólu í
ágúst við anddyri Íþróttahússins og söfnuðu ssinum. Krakkarnir eru Elín Árnadóttir, Ástþór
Jón Tryggvasson, Þuríður Inga Gísladóttir, Ó r Jóhannsson en á myndina vantar Sigurð Á.
Gíslason. Ísak Óli Borgarson, Birta María Borg , héldu tombólu og sölu á dóti í Húsahverfi og
við Sundlaug Grafarvogs og færðu Rauða kro ru frá vinstri Brynja Sólveig Pálsdóttir, Eva Rún
Eiðsdóttir og María Dröfn Sindradóttir. Vinko Magnúsdætur og Bryndís Dís Muller voru með
tombólu og sölu á berjum og ýmsu í Húsal Þær seldu fyrir 11.192 krónur og gáfu Rauða
krossinum ágóðann. Nemendur í Tónlistarsk ð tónlist sinni sem þau síðan seldu vinum og
fjölskyldu inni. Hann
bað afma ður Afríku
í sumar rir Rauða
krossinn. frá vinstri:
Amelía H rpa Hrönn
Hilmarsd lu og sölu
hjá Bónus ur Eyjólfs-
son og Ár miðstöðina
Sunnum Harpa Sól
Guðmun stelpur á
Blönduós r Austur-
Húnavatn fyrir utan
10-11 ver dórsdóttir
frá Seltja g Anika Ýr
Magnúsd Valný Lára
Jónsdóttir Kjerúlf 9 ára söfnuðu 6.607 kr. og Rauða krossins að gjöf. Dagmar Kaldal hélt
tombólu í Laugarásshverfinu og gaf Rauða kr rnsson hefur í sumar verið að safna peningum
til aðstoðar bágstöddum börnum í heiminum hann fékk í afmæisgjöf. Hann kom á skrifstofu
Rauða krossins á Akranesi fyrir helgi með afra jórar stelpur úr Hafnarfirði, systurnar Helga Rós
og Edda Sóley Arnarsdætur og vinkonurnar r Rós Imsland söfnuðu dóti, héldu tombólu og
söfnuðu kr. 9.376,- fyrir Rauða kross Íslands. uðu steina og seldu til að styrkja Rauða kross
Íslands. Þær heita Sunna Margrét Eyjólfs Ásdís Milla Magnúsdóttir og Jónína Marín
Benedikts-dóttir. Þær Ágústa og Ísgerður R Jónsdætur, Ásta Margrét Guðnadóttir og Eva
Wolazick voru með töfrabrögð og sölubás vi færðu Rauða krossinum ágóðann 7.422 krónur.
Systkinin Vilborg Júlía, Hlöðver Már og Marín réttum stað og fóru heldur óhefðbundna leið
í fjáröflun fyrir Rauða krossinn. Þau notuð sur vestur á fjörðum, máluðu þær síðan og seldu
til styrktar Rauða krossinum. Afraksturinn va anesdeildinni. Vinkonurnar Elísa, Vala og Hekla
Margrét færðu Rauða krossinum í Hafnarfirð bóluhaldi. Vinkonurnar Borghildur Salína Leifs-
dóttir, Telma Kristín Stefánsdóttir,Anna Soffía arsdóttir héldu tombólu á Eiðistorgi og færðu
Rauða krossinum ágóðann 12.429 krónur. Stelpurnar Þórdís Lind Þórsdóttir, Margrét María Ívarsdóttir, María Valgarðsdóttir,
Auður Skarphéðinsdóttir og Vigdís Skarphéðinsdóttir héldu tombólu hjá Nóatúni Hamraborg og færðu Rauða krossinum
ágóðann sem var 3.150 krónur. Sigyn Jara Björgvinsdóttir safnaði kr.3754 fyrir börnin í Afríku og afhenti Rauða krossinum.



Um 500 börn um allt land hafa staðið fyrir allskyns fjáröflunum fyrir Rauða krossinn á árinu sem er að líða. Allt fé sem börnin safna fer í sérstakan tombólusjóð sem rennur óskiptur til styrktar leikskólum í Malaví sem annast um börn sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis. Rauði krossinn þakkar þessum krökkum fyrir dugnaðinn og einnig öllum þeim sem hafa lagt okkur lið og stutt starfsemi okkar þegar á reynir. Við óskum öllum landsmönnum gleðilegs árs og farsældar á nýju ári.

spron styrkir birtingu þessarar auglýsingar

Rauði kross Íslands
raudikrossinn.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Landsprent
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**





Gesthús Dúna - Suðurhlíð 35 - 105 Reykjavík
Pantanir: 588-2100 / duna@islandia.is

**Gesthús Dúna**
Tveggja manna herbergi á kr. 5.000 nóttin

Uppbúið rúm í svefnpokaplássi kr. 2.000 nóttin




**BAKÞANKAR**
Kolbeins Óttarssonar Proppé

## *Sprengjuregn*

Þá eru það áramótin enn á ný og án vafa munu Íslendingar ekki slá slöku við sprengingarnar. Eftir nokkra klukkutíma stöndum við gónandi upp í loftið og dáumst að ljósadýrðinni. Einn mun kvarta yfir óhófi, annar hávaðanum, einhver spáir í hvað verður um öll skoteldaprikin – en flest munum við hafa gaman af og njóta.

**ANNARS** staðar í henni veröld dunda menn sér líka við að sprengja. Þar bíða þeir ekki eftir áramótunum, láta reyndar hátíðarnar ekkert á sig fá. Í Palestínu stendur enginn og horfir undrunar- og aðdáunaraugum til himins. Þar myndu menn fagna ef ekkert hættulegra félli af himnum ofan en eitt og eitt prik af sprungnum skoteldum.

**ÍSRAELSMENN** hafa enn og aftur sýnt það að þeir virða mannslíf einskis. Nú segjast þeir í stríði við Hamas-samtökin og í þeirra augum eru allir réttdræpir í því stríði. Þeim er nokk sama hvort kornabarn eða öldungur verður fyrir sprengjum þeirra; í þeirra augum helgar tilgangurinn meðalið. Þetta er sama sjónarmið og hryðjuverkamenn hafa þegar þeir sprengja strætisvagna í loft upp til að koma skilaboðum á framfæri.

**HRYÐJUVERK** þarfnast ætíð hugmyndafræðilegrar réttlætingar. Hvort sem það voru millistéttarungmennin úr Baader-Meinhoff, þegnar Bretakonungs í nýlendum hans í Bandaríkjunum, baráttumenn gegn Rússakeisara, sjálfsmorðsárásarmenn nútímans eða stjórnmálamenn Ísraels í dag. Allir geta réttlætt það mannfall sem verður af þeirra völdum. Allir hafa þeir tilgang sem er æðri lífi barnsins sem deyr.

**ÞAÐ** er hins vegar ekki algengt að heilt ríki beiti siðferði hryðjuverkasamtaka. Að hernum sé beitt eins og sellum í baráttu gegn óvininum. Og aðgerðaleysi alþjóðasamfélagsins þýðir samþykki. Bandaríkjamenn segja já og aðrir lúta höfði. Og Íslendingar telja ekki fullreynt með venjulegar diplómatískar leiðir. Bíða líklega eftir undraaðferð sem leysir deilu sem er jafngömul sambúð þessara tveggja ríkja.

**Í** kvöld þegar við njótum ljósadýrðarinnar, og hneykslumst kannski pínulítið yfir óhófinu, skulum við leiða hugann að fólkinu sem skríður um rústirnar í Palestínu til að koma sér í skjól fyrir banvænu sprengjuregni. Það er nefnilega fólk eins og við, ekki tölur á blaði.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 31. desember, 366. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11.20 | 13.31 | 15.42 |
| Akureyri | 11.34 | 13.15 | 14.57 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


# ÁSKORUN TIL ÍSLENDINGA

Það er með blendnum huga sem landsmenn kveðja árið 2008 og horfa mót nýju ári. Þau efnahagslegu áföll sem Íslendingar hafa orðið fyrir síðustu mánuði eru án efa þau mestu sem dunið hafa yfir þjóðina frá stofnun lýðveldisins. Íslensk heimili hafa orðið fyrir miklum búsifjum og næstu mánuði og misseri munu margir eiga erfitt með að ná endum saman. Því ríður á að fyrirtækin og fólkið í landinu standi saman í þeim verkefnum sem framundan eru við að reisa efnahagskerfi landsins aftur við og byggja upp orðstýr þjóðarinnar.

Launþegar og atvinnurekendur þurfa nú að taka höndum saman og gera það sem stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast, en það er að skapa samstöðu um opin og lýðræðisleg vinnubrögð þar sem jafnrétti þegnanna er haft að leiðarljósi. Mikilvægt er að við sem getum tekið aukna byrði léttum henni af þeim sem höllum fæti standa vegna veikinda eða erfiðleika. Núna er tíminn til að sýna meðborgurum sínum umhyggju, umvefja þá og vernda.

Við getum litið björtum augum á framtíðina, því við Íslendingar eigum sterkan grunn að byggja á. Landið okkar er gjöfult og þjóðin dugmikil og áræðin. Saman stöndum við styrkari fótum og við hjá Mjólku viljum leggja okkar lóð á vogarskálar og heitum því að halda aftur af verðhækkunum eins og frekast er kostur og skorum á önnur íslensk fyrirtæki að gera slíkt hið sama.

Við viljum þakka neytendum, viðskiptavinum og birgjum frábærar viðtökur og velvilja á árinu sem er að líða og við lítum með tilhlökkun til nýrra verkefna og samstarfs á nýju ári.

Gleðilegt ár og áfram Ísland.

Ólafur Magnússon
FRAMKVÆMDASTJÓRI

MJÓLKA